





spottið 18



Græddu á gulli á Grand Hótel
Laug. sun, mán, frá kl 11:00 til 19:00
Skoðið nánar á bls. 57
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.

FRÉTTABLAÐIÐ
Helgarblað
5. maí 2012
105. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



**Metnaðurinn eykst**

*Jón Viðar Arnþórsson útfærir slagsmálasenur í íslenskum kvikmyndum.*

**kvikmyndir 32**



**Lífið á Bessastöðum**

*Forseti Íslands er æðarbóndi ofan í kaupið.*

**forsetinn 28**

**Hvar væru hetjurnar?**

*Gunnar á Hlíðarenda þjáðist af kvíða og Gísli Súrsson var siðblindur.*



**fornhetjur 36**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Verslað á netinu | Fólk | Atvinna






**ÚTI Í EYJUM** Bjarnarey, til vinstri, og Elliðaey risu tígulega úr djúpinu þegar ljósmyndari Fréttablaðsins flaug þar yfir í blíðunni í gær. Eyjarnar eru þær þriðju og fjórðu stærstu í Vestmannaeyjaklasanum, á eftir Heimaey og Surtsey. Þær eru taldar hafa myndast í eldgosi fyrir um 5.000 til 6.000 árum, en þar er afar fjölbreytt og mikið fuglalíf. Þá er sauðfé beitt í eyjunum á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Eignast fjórðung í Bakkavör

**Bræðurnir Ágúst og Lýður fá að kaupa 25 prósenta hlut í Bakkavör Group. Íslenskir bankar og lífeyrissjóðir verða stærstu eigendur félagsins og fara með meirihluta í stjórn. Heildarvirði Bakkavarar er 20-40 milljarðar.**

**VIÐSKIPTI** Bræðrunum Ágústi og Lýði Guðmundssonum stendur til boða að kaupa allt að fjórðungshlut í Bakkavör Group, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Tilboðið kemur í kjölfar þess að þeir samþykktu að gefa eftir allan núverandi eignarhlut sinn í félaginu. Verði samkomulagið staðfest á hluthafafundi síðar í þessum mánuði munu kröfuhafar Bakkavarar Group, sem eru að mestu íslenskir bankar og lífeyrissjóðir, eignast 75 prósenta hlut í félaginu. Virði hans er talið vera á bilinu 15 til 30 milljarðar króna.

Í nauðasamningum sem Bakkavör Group gerði við kröfuhafa sína fyrir tveimur árum var félaginu gefið tækifæri til að greiða skuld sína gagnvart þeim til baka, ásamt vöxtum, fram á mitt ár 2014. Ef það myndi ganga eftir þá myndu bræðurnir fá að eignast 25 prósenta hlut í félaginu. Á móti samþykktu kröfuhafarnir að bræðurnir myndu stýra Bakkavör Group fram að þeim tímapunkti og að þeir myndu vera með meirihluta stjórnarmanna.

Rekstur Bakkavarar hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi og löngu orðið ljóst að forsendur nauðasamningsins voru brostnar. Því var ákveðið að grípa til þess að flýta umbreytingu krafna kröfuhafa í hlutafé. Til þess þurfti þó samþykki meirihluta stjórnar Bakkavarar Group, þar sem bræðurnir ráða yfir meirihluta atkvæða.

Heimildir Fréttablaðsins herma að samkomulag hafi náðst á milli kröfuhafanna og Ágústs og Lýðs um að kröfum verði strax breytt í hlutafé og að bræðurnir tapi öllum eignarhlut sínum í félaginu. Í kjölfarið verði ráðist í hlutafjáraukningu sem þeir fá að kaupa. Hún getur skilað þeim allt að 25 prósenta eignarhlut í Bakkavör. Hluti af samkomulaginu er að þeir skila Klakka, sem hét áður Exista, eignarhlut í Bakkavör sem þeir færðu út úr félaginu á árinu 2009. Hann verður í kjölfarið þynntur niður í um fjögur prósent. **- þsj / sjá síðu 6**


BYLGJAN 989
Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi gsmorgnum kl. 10–12


Sumartilboð Fosshótela!
SJÁ NÁNAR Á FOSSHOTEL.IS
FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

Krakka dagar
3.-6. maí
Opið til 18 í dag

Smáralind

## SPURNING DAGSINS



*Birta, þurftirðu að hanna góða lygasögu?*

„Þetta var ekki beint lygasaga heldur einungis hagræðing á sannleikanum."

Birta Ísólfsdóttir bar sigur úr býtum í hönnunarkeppninni Hannað fyrir Ísland sem sýnd var á Stöð 2. Birta þurfti að þegja yfir úrslitunum í hálft ár frá því að tökum lauk og þar sem hún hlaut starf í verðlaun þurfti hún að ljúga að vinum og ættingjum um hvar hún vann.

Borgfirðingar safna fyrir 8,8 milljóna króna flygli í menningarsalinn Hjálmaklett:

# Selja hverja nótu á 100 þúsund

**MENNINGARMÁL** Áhugahópur sem safnar nú fyrir flygli til að koma fyrir í menningarsalnum í Hjálmakletti í Menntaskóla Borgarfjarðar hyggst grípa til óhefðbundinnar aðferðar til að fá styrktaraðila til liðs við verkefnið.

Í bréfi sem hópurinn sendir til fyrirtækja, félaga og stofnana segir að kaupa eigi Yamaha-flygil sem kostar 8,8 milljónir króna „með flutningi, endurstillingu, ábreiðu og stillanlegum stól".

Fram kemur að í átaki sem hófst í desember með tónlistarflutningi hafi safnast 500 þúsund krónur. Margar leiðir séu færar til að styrkja söfnunina. „Ein leiðin er að taka þátt í kaupum á nótum. Hver og ein kostar 100 þúsund krónur. Þeir aðilar sem kaupa nótu eða nótur fá afhent skjöl fyrir, og fá nafn sitt skráð sem styrktaraðila með gögnum sem munu fylgja flyglinum," segja fulltrúar söfnunarátaksins sem gengur undir heitinu Fjárfestum í flygli. **- gar**



**FLYGILL** Nöfn þeirra sem borga fyrir hverja nótu í hljóðfærinu verða skráð á sérstök skjöl segja forsvarsmenn verkefnisins Fjárfestum í flygli.

Lausn í sjónmáli:

## Chen í nám til Bandaríkjanna

**KÍNA Chen Guangcheng, kínverski andófsmaðurinn sem strauk úr stofufangelsi í síðustu viku, hefur fengið boð um styrk til námsdvalar í Bandaríkjunum. Fjölskylda hans getur dvalið hjá honum.**

**Þar með myndi deila Kínverja og Bandaríkjamanna um afdrif Chens leysast.**

**Chen dvaldi í sex daga í sendiráði Bandaríkjanna eftir að hann flúði úr stofufangelsinu, en fór þaðan á miðvikudag á sjúkrahús í Peking í fylgd sendiherra Bandaríkjanna. - gb**

Umboðsmaður um ráðherra:

## Svandís vanhæf í skipulagsmáli

**STJÓRNSÝSLA Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra var vanhæf þegar hún staðfesti breytingar á svæðis- og aðalskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 til 2024. Þetta er mat umboðsmanns Alþingis.**

**Svandís uppfyllti ekki hæfniskröfur í málinu vegna fyrri aðkomu hennar að því sem borgarfulltrúi í Reykjavík. Umboðsmanni barst kvörtun vegna málsins og beinir nú þeim tilmælum til umhverfisráðuneytisins að taka staðfestingar og auglýsingar ráðherra um skipulagsbreytingar til endurskoðunar. - sv**

Guðmundar- og Geirfinnsmál:

## Starfshópur fær enn lengri tíma

**DÓMSMÁL** Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmál, sem innanríkisráðherra skipaði í október í fyrra, hefur skilað ráðuneytinu áfangaskýrslu um stöðu verkefnisins og tilhögun á áframhaldandi vinnu sinni.

Hópurinn mun skila annarri áfangaskýrslu til ráðuneytisins fyrir 1. nóvember. Upphaflega var gert ráð fyrir því að hópurinn lyki vinnu sinni nú í apríl. Hópurinn hefur þegar aflað gagna frá opinberum stofnunum og brugðist við erindum frá einstaklingum sem hafa sett sig í samband við hann. Þá hefur hópurinn tekið yfir tuttugu viðtöl og áformar að taka fleiri viðtöl á næstunni. **- þeb**

**VIÐSKIPTI**

### Segja upp samningi um kísil

Íslenska kísilfélagið og Tomahawk Development hafa sagt upp samningi sínum við Globe Speciality Metals um byggingu kísilverksmiðju í Helguvík. Í yfirlýsingu frá forstjóra fyrirtækjanna segir að samningnum hafi verið rift vegna vanefnda Globe Speciality Metals. Verkefnið muni halda áfram.

# Lögregla vill bát til eftirlits á Breiðafirði

**Lögreglan á Snæfellsnesi telur sérstakt eftirlit á Breiðafirði nauðsyn. Viðræður hafa verið hugmyndir við yfirvöld um eftirlitsbát. Rökin tengjast sérstöðu fjarðarins; eyjabyggð, náttúruvernd og umferð skemmti- og strandveiðibáta.**

**UMHVERFISMÁL** Lögreglan á Snæfellsnesi vinnur þeirri hugmynd fylgi þessa dagana að tekið verði upp sérstakt eftirlit á Breiðafirði. Um tilraunaverkefni yrði að ræða með aðkomu stjórnvalda og stofnana. Rökin fyrir því að gera út eftirlitsbát eru fjölmörg; eftirlit með strandveiði- og skemmtibátum, náttúruvernd og fleira sem markast af sérstöðu fjarðarins.

Hugmynd lögreglunnar er ekki ný af nálinni en kom aftur upp á borðið á dögunum þegar óprúttnir menn gengu á land í eyju á Breiðafirði og spilltu hreiðri og varpi hafarnarpars. Í ljósi þessa atviks kom upp umræða innan lögreglunnar á Snæfellsnesi að embættið eitt og sér gæti ekki haldið uppi fullnægjandi löggæslu á og við Breiðafjörð.

Ólafur Guðmundsson yfirlögregluþjónn segir að sérstaða fjarðarins sé með þeim hætti að sýnilegt eftirlit yrði mjög af því góða. Fyrst af öllu eru það náttúruverndarrök; fjörðurinn er stór með miklum fjölda eyja og langri strandlengju sem fóstrar sérstætt lífríki. Þar eru fjölmörg friðuð svæði sem útheimta eftirlit. Önnur helstu rökin eru öryggis- og eftirlitssjónarmið; mikil umferð skemmtibáta á sumrin auk flota strandveiðibáta sem er við veiðar á firðinum yfir sumarið auk grásleppuveiðibáta. Þá er ótalið mikið æðarvarp og hagsmunir bænda varðandi ólöglegar netalagnir. „Á svæðinu eru því miklir hagsmunir tengdir náttúruvernd og er mikilvægt að eitthvert sýnilegt eftirlit sé á svæðinu til að draga úr hættu á lögbrotum eins og leyfismálum vegna bátaumferðar, ólöglegum veiðum og siglingum undir áhrifum áfengis, sem því miður eru alltaf nokkur brögð að," segir Ólafur og nefnir til viðbótar almenna löggæslu. Hugmyndin er að eftirlitið stæði nokkra mánuði frá því arnarvarp hefst í mars-apríl, og þá helst um helgar yfir sumarið.



**BREIÐAFJÖRÐUR** Eftir að arnarhreiðri var spillt í eyju á Breiðafirði vaknaði umræða um hvort lögreglan gæti haldið uppi fullnægjandi löggæslu á svæðinu.

MYND/RÓBERT A. STEFÁNSSON

> Á svæðinu eru því miklir hagsmunir tengdir náttúruvernd og er mikilvægt að eitthvert sýnilegt eftirlit sé á svæðinu.
>
> **ÓLAFUR GUÐMUNDSSON**
> YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga, segir að ef hugmyndin verði að veruleika muni löggæsluþátturinn falla undir þrjú lögregluembætti, auk Landhelgisgæslunnar; embættin á Snæfellsnesi og á Vestfjörðum og embættið í Borgarnesi vegna Dalasýslu. Aðrir aðilar sem gætu tengst verkefninu væru til dæmis Fiskistofa, Umhverfisstofnun, náttúrustofurnar á Vesturlandi og á Vestfjörðum, sveitarfélög, Breiðafjarðarnefnd og Landsbjörg vegna björgunarsveita á svæðinu.

svavar@frettabladid.is



**ELLIÐAÁR** Sumarið lengt inn í haustið í Elliðaárdal.

Óskum veiðimanna mætt:

## Fleiri veiðidagar í Elliðaánum

**STANGVEIÐI** Borgarráð hefur samþykkt að fimmtán dögum verði bætt aftan við laxveiðitímabilið í Elliðaánum í sumar.

Stangveiðifélag Reykjavíkur óskaði eftir því að veiðidögunum yrði fjölgað þegar ljóst varð í vetur að umsóknir félagsmanna um veiðileyfi í ánum voru mun fleiri en dagarnir sem í boði voru.

Upphaflega var einnig óskað eftir að bæta fimm dögum framan við veiðitímabilið en ekki var við því orðið og hefst það því 20. júní. Dagarnir sem bætast við eru 1. til 15. september. Þá daga er eingöngu leyft að veiða á flugu og skylt verður að sleppa öllum laxi. **- gar**

Nýjar siðareglur stjórnarráðs:

## Nýtt ákvæði um vændiskaup

**STJÓRNSÝSLA Nýjar siðareglur starfsfólks Stjórnarráðs Íslands voru kynntar í gær. Þar er meðal annars tekið á vinnubrögðum, samskiptum á vinnustað og við fjölmiðla, hagsmunatengslum og almennri háttsemi. Ekki liggja nein refsiákvæði við brotum á reglunum, en þau geta leitt til áminningar.**

**Athygli vekur að sérstaklega er talað um kaup á vændi og að starfsmaður Stjórnarráðs rýri ekki trúverðugleika ráðuneytis síns með ámælisverðri framkomu, skeytingarleysi um lög eða virðingarleysi við mannhelgi og mannréttindi, svo sem með kaupum á vændi. - sv**




**Ætlar þú að breyta um lífsstíl?**

**Heilsulausnir** henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki. **Hefst 14. maí**

**Kynningarfundur 10. maí kl. 17:30. Allir velkomnir**

Að námskeiðinu standa m.a. læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, næringarfræðingar, íþróttafræðingar og sálfræðingar.

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


Mjög fáir byrja að reykja eftir að 25 ára aldri er náð, sýnir ný könnun:

# Þriðjungur þjóðarinnar hefur reykt

**HEILBRIGÐISMÁL** Þriðjungur Íslendinga hefur byrjað að reykja á aldrinum 15–19 ára, eru niðurstöður könnunar á heilsu og líðan Íslendinga frá árinu 2007. Um 44% þjóðarinnar hefur aldrei byrjað að reykja.

Í fréttabréfi landlæknis - Talnabrunni - er sagt ljóst að hátt hlutfall þeirra sem byrjuðu að reykja á aldrinum 15–19 ára er tilkomið að hluta vegna reykingavenja eftir miðja síðustu öld.

Rannsóknir síðustu áratuga í grunnskólum benda til þess að tíðni reykinga íslenskra grunnskólabarna fari sífellt minnkandi og því sýnir það sig að ef fólk byrjar ekki að reykja fyrir 25 ára aldurinn þá eru mjög litlar líkur á að það byrji nokkurn tíma.

Niðurstöðurnar staðfesta að rétt hafi verið að beina forvarnarstarfi að ungu fólki.

Árlegar kannanir á reykingavenjum Íslendinga benda til þess að tíðni reykinga meðal fullorðinna Íslendinga hafi farið ört minnkandi. Lækkandi tíðni reykinga er tilkomin vegna þess að stærri og stærri hluti hvers árgangs kýs að byrja ekki en einnig vegna þess að sífellt fleirum tekst að hætta að reykja.

Könnunin náði til fólks á aldrinum 18–79 ára. **- shá**



**ÓSIÐUR** Forvarnir ná bestum árangri sé þeim beint að aldurshópnum 15-19 ára.

NORDICPHOTOS/AFP

husa.is

# STRÍÐ GEGN MOSA

## GARÐVÖRUR Á LÆGRA VERÐI



MIKIÐ ÚRVAL

Laufhrífa verð frá:
999 kr.



Garðhanskar verð frá:
199 kr.



Casoron eyðir illgresi
3.490 kr.
~~3.790 kr.~~

### Áhaldaleiga Húsasmiðjunnar
um land allt

Þú færð réttu verkfærin í Áhaldaleigu Húsasmiðjunnar

- sláttuvélar
- mosatætarar
- hekkklippur

og margt fleira



### GÓÐ RÁÐ GEGN MOSA

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni
2. Berum grasáburð á grasflötina
3. Berum turbokalk á grasflötina
4. Sáum grasfræi í sárin
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur

Mosa úr grasflöt má einnig útrýma með Mosaeyði. Notist samkvæmt leiðbeiningum á umbúðunum.
**Nánari upplýsingar veita sérfræðingar okkar í verslunum Blómavals.**



Mold 10 ltr.
399 kr.
~~499 kr.~~



Mosaeyðir
3.390 kr.
~~3.995 kr.~~



Grasfræ
1.299 kr.
~~1.699 kr.~~



Garðablámi 10 kg
1.990 kr.
~~2.399 kr.~~

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 04.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,73 | 124,33 |
| Sterlingspund | 200,24 | 201,22 |
| Evra | 162,40 | 163,30 |
| Dönsk króna | 21,831 | 21,959 |
| Norsk króna | 21,469 | 21,595 |
| Sænsk króna | 18,246 | 18,352 |
| Japanskt jen | 1,5412 | 1,5502 |
| SDR | 191,16 | 192,30 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,6418

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðstandendur bankans hafa leitað fjármagns innanlands án árangurs:

# Sparibankinn leitar erlends fjármagns

**VIÐSKIPTI** Aðstandendur Sparibankans eiga í viðræðum við erlenda aðila um að koma að fjármögnun bankans. Erfiðlega hefur gengið að ljúka fjármögnun og þurfti bankinn í október að segja upp leigusamningi á Iðuhúsinu við Lækjargötu sem hann hafði tekið á leigu. Enginn tímarammi er til staðar um opnun bankans.

„Við höfum um talsverða hríð leitað að fjármagni hér innanlands en það hefur reynst árangurslaust hver svo sem ástæðan fyrir því er. Við hófum því leit að erlendum fjárfestum og eigum nú í viðræðum við slíka aðila,“ segir Ingólfur H. Ingólfsson, fjármálaráðgjafi og stjórnarformaður bankans.



INGÓLFUR H. INGÓLFSSON

Ingólfur segir ekki hægt að upplýsa um það hverja nákvæmlega bankinn á í viðræðum við þar sem gerð hafi verið gagnkvæm trúnaðaryfirlýsing. „Ég get hins vegar sagt að við höfum gefið okkur ákveðinn tíma í þessar viðræður og ef þetta gengur upp þá kynnum við það kannski um mitt sumar,“ segir Ingólfur.

Sparibankinn byggir á þýskri fyrirmynd, en samkvæmt vefsíðu bankans mun hann fylgja samfélagslega ábyrgri útlánastefnu og hvetja viðskiptavini sína til sparnaðar og eignauppbyggingar. Stefnt var að því að hefja rekstur á fyrri hluta þessa árs en að sögn Ingólfs er enginn tímarammi um opnun nú meðan fjármögnun er ólokið. **- mþl**

Æfing á Keflavíkurflugvelli:

# 350 taka þátt í flugslysaæfingu

**ÖRYGGISMÁL** Umfangsmikil flugslysaæfing verður haldin á Keflavíkurflugvelli í dag. Æfingin er haldin samkvæmt flugslysaáætlun fyrir völlinn og er um að ræða stærstu æfingu sem haldin hefur verið hér á landi síðan árið 2009.

Þátttakendur eru um 350 manns. Meðal þeirra eru slökkvilið, lögregla, Landhelgisgæslan, björgunarsveitir, flugvallarstarfsmenn, prestar og samhæfingarstöð Almannavarna.

Æfingin hefst klukkan 10 og stendur til klukkan 14. **- sv**

150 hermenn til Íslands:

# Loftrýmisgæsla NATO að hefjast að nýju

**ALÞJÓÐASAMSTARF** Loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins við Ísland hefst á ný 8. maí með komu flugsveitar bandaríska flughersins. Verkefnið er í samræmi við loftrýmisgæsluáætlun NATO fyrir Ísland.

Alls mun um 150 manna lið bandaríska flughersins taka þátt í verkefninu og koma þeir til landsins með fjórar F-15 orrustuþotur, eina KC 135 eldsneytisflugvél og eina C130 leitar- og björgunarflugvél.

Verkefnið verður með sama fyrirkomulagi og áður og í samræmi við samninga sem í gildi eru, því lýkur fyrstu vikuna í júní. **- shá**

Þrefaldaði veltu sína milli ára:

# Valka ehf. hlaut Vaxtarsprotann

**IÐNAÐUR Hátæknifyrirtækið Valka ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2012 í gær. Um er að ræða viðurkenningu á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknarmiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis á síðasta ári.**

**Valka sérhæfir sig í hönnun á tækjum og hugbúnaði fyrir fiskvinnslur og er framleiðsla á tækjum fyrirtækisins að mestu leyti unnin af íslenskum verktökum. Velta Völku meira en þrefaldaðist á milli áranna 2010 og 2011, fór úr tæplega 130 milljónum króna í um 410 milljónir. Nývverið kynnti fyrirtækið nýja röntgenstýrða beinaskurðarlínu sem er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum.** **- sv**

# Segir Y-listann hafa viljað salta vaxtamál

**Fyrrverandi formaður bæjarráðs segir oddvita Y-lista Kópavogsbúa í þáverandi meirihluta hafa viljað láta vaxtamál bæjarstjóra „liggja“ uns stjórnsýsluúttekt lyki. Bæjarstjórinn hafi ekki náð tökum á starfinu og því átt að víkja úr því.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Oddviti Y-lista var mótfallinn frekari könnun að svo stöddu og lagði á það áherslu að málið yrði látið liggja þar til niðurstöður stjórnsýsluúttektar lægju fyrir,“ segir Guðríður Arnardóttir spurð um það hvers vegna ekki hafi verið brugðist meira við upplýsingunum um sérkjör sem þáverandi bæjarstjóri hafði notið í fjármálastjórnartíð sinni.

Oddviti Y-lista er Rannveig Ásgeirsdóttir sem er núverandi formaður bæjarráðs. Ekki náðist tal af Rannveigu í gær.

Guðrún Pálsdóttir, sem var bæjarstjóri frá því í júní 2010 fram í febrúar á þessu ári, greiddi vaxtalausar afborganir af gatnagerðargjöldum fyrir um áratug. Þetta lá fyrir í ágúst í fyrra en bæjarfulltrúar þáverandi minnihluta sjálfstæðismanna og framsóknarmanna fengu upplýsingarnar ekki í hendur.

„Mér þótti eðilegt að kanna málið frekar og mun ítarlegar áður en það yrði lagt fyrir bæjarráð,“ útskýrir Guðríður sem segir málið hafa verið rætt í þáverandi meirihluta Samfylkingar, Næst besta flokksins, Y-lista Kópavogsbúa og Vinstri grænna. Til hafi staðið að gera úttekt á vinnubrögðum og ákvarðanatöku innan stjórnkerfis bæjarins. Ekki hafi verið samstaða innan meirihlutans um það hvernig taka ætti á máli Guðrúnar.

„Guðríður hefur sagt að upplýsingar um vaxtakjör Guðrúnar við lóðakaup þegar hún var fjármálastjóri hafi átt þátt í þeirri ákvörðun að víkja henni úr bæjarstjórastólnum.

> Það var niðurstaða okkar eftir umræður um nokkurn tíma að bæjarstjóri var ekki að ná tökum á starfinu.
>
> **GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**
> ODDVITI SAMFYLKINGAR Í KÓPAVOGI

„Það var niðurstaða okkar eftir umræður um nokkurn tíma að bæjarstjóri væri ekki að ná tökum á starfinu. Langur starfsaldur hennar hjá bænum reyndist henni fyrirstaða en auðvitað vó sú staðreynd þungt að í fyrirhugaðri úttekt á stjórnsýslu bæjarins yrðu störf hennar sem fjármálastjóra bæjarins jafnframt til skoðunar. Þannig var óheppilegt að hún gegndi stöðu bæjarstjóra á sama tíma,“ segir Guðríður.

Núverandi meirihluti Sjálfstæðisflokks, Y-lista Kópavogsbúa og Framsóknarflokks í bæjarstjórn gekk frá starfslokum Guðrúnar sem bæjarstjóra og samdi við hana um að taka við sviðsstjórastarfi í haust. Fyrri meirihluti íhugaði einmitt að fela Guðrúnu annað starf hjá bænum. Í ráðningarsamningi hennar var ákvæði um að hún tæki við sinni fyrri stöðu hjá bænum þegar hún hætti sem bæjarstjóri.

„Sá möguleiki var ræddur bæði í meirihlutanum og við hana sjálfa að hún tæki við öðru starfi en sínu fyrra starfi, en engar ákvarðanir voru teknar í því sambandi,“ segir Guðríður Arnardóttir.

gar@frettabladid.is



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR OG RANNVEIG H. ÁSGEIRSDÓTTIR** Fyrrverandi formaður bæjarráðs Kópavogs segir þáverandi meirihluta hafa rætt að fela bæjarstjóranum, sem átti að segja upp, annað starf á vegum bæjarins.



**Á VETTVANGI** Aðgerðir Gæslunnar gengu vel. MYND/LHG

Túlkur sá um samskiptin:

# Þyrla sótti veikan sjómann

**ÖRYGGISMÁL** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-GNA, sótti í gærmorgun veikan skipverja um borð í rússneska togarann Iosif Shmelkin. Sigmaður seig niður í skipið ásamt þyrlulækni og var sjúklingurinn undirbúinn fyrir flutning og síðan hífður um borð í þyrluna.

Flogið var beint á Landspítalann í Fossvogi. Gekk flugið ágætlega og naut þyrluáhöfn aðstoðar túlks sem staðsettur var í stjórnstöð LHG og útskýrði hann fyrir skipstjóranum hvernig taka ætti á móti sigmanni.

TF-SYN, eftirlitsflugvél LHG, fór einnig í loftið og var í viðbragðsstöðu meðan á útkallinu stóð. **- shá**

## KÓPAVOGUR

### Hundar útlægir á 17. júní

Forvarna- og frístundanefnd Kópavogs tekur undir samþykkt bæjarráðs frá í janúar um að „hundahald eigi ekki við á hinum fjölmennu hátíðarhöldum sem fram fara á Rútstúni þann 17. júní“ og að horfa eigi „til þess að banna hunda þar þann dag“.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BLÍÐA ÁFRAM** Það verða mjög litlar breytingar á veðrinu fram á mánudag. Sól og blíða um nánast allt land en má þó búast við stöku éljum norðaustan til þar sem hitinn verður um frostmark. Sunnan til ætti hitinn að ná 10 stigum yfir hádaginn.



**Á MORGUN** Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**MÁNUDAGUR** 3-8 m/s hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 9° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 22° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 8° |
| París | 17° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*










Útiker fyrir fyrirtæki

Fjölbreyttar útfærslur












Berja og ávaxtatrén færðu í Garðheimum



# Sumarblómin komin!

íslensk ræktun



Við gefum góðu ráðin!

Nýtt




Blákorn í 25kg pokum

20% afsláttur

Moltugerð auðveldara en þú heldur!



20% afsláttur

af moltugerðarílátum og moltugerðarhvata

Lærðu að búa til gróðurmold úr garðúrganginum

Guðrún Helga kennari við Garðyrkjuskóla Ríkisins verður með fræðslu um vistvæna garðrækt og safnhaugagerð. Frá kl.14.00 til 16.00 laugardag og sunnudag



Guðrún Helga

Vantar þig kerru?

50% afsláttur

af leiguverði á kerru við kaup á: mold ~ túnþökum ~ áburðarsekkjum



Mold og túnþökur í kerruna!

Afgreitt til kl. 18.00 alla daga



GH KLÚBBAR

Skráðu þig í fræðslu- og fríðindaklúbb Garðheima á gardheimar.is og fáðu 10% afslátt af öllum vörum strax!

GARÐHEIMAR

ÍSLENSKT FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI

Góð ráðgjöf á www.gardheimar.is | Opið til kl. 21:00 öll kvöld

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú búin(n) að ákveða hvern þú ætlar að kjósa í forsetakosningunum í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 70,4% |
| NEI | 29,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við að Huang Nubo fái að leigja Grímsstaði á Fjöllum til 40 ára?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Unglingar áberandi meðal þeirra sem ekki nota hjálm samkvæmt könnun VÍS:

# Færri nota hjálm við hjólreiðar

**ÖRYGGISMÁL** Hjólreiðamönnum í Reykjavík sem nota hjálm hefur fækkað á milli ára. Samkvæmt talningu VÍS á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu á fimmtudag notuðu 74 prósent hjólreiðamanna hjálm, samanborið við 83 prósent í fyrra. Gerir þetta 11 prósenta fækkun milli ára.

Alls áttu 1143 hjólreiðamenn leið fram hjá teljurum VÍS og reyndust 848 vera með hjálm. Á sama tíma í fyrra voru 867 af 1045 hjólreiðamönnum með hjálm, en á þeim tíma var átakið „Hjólað í vinnuna“ nýhafið, ólíkt því sem nú er. Í tilkynningu frá VÍS segir að áberandi færri unglingar noti hjálm en fullorðnir og börn.

Hjá N1 við Hringbraut notuðu fæstir hjálm, eða einungis 60 prósent. Hæst var hlutfallið á hjólastíg við Geirsnef, þar sem rúm 80 prósent hjólreiðamanna voru með hjálm. Í Hlíðahverfi voru 68 prósent með hjálm á höfði og 79 prósent á göngubrúnni við N1 í Fossvogi. **- sv**

## Fá ókeypis hjálm

Kiwanishreyfingin og Eimskip gefa öllum grunnskólabörnum sem ljúka 1. bekk grunnskóla reiðhjólahjálma í vor. Verkefnið er árviss viðburður félaganna til að stuðla að umferðaröryggi yngstu hjólreiðamanna landsins og er þetta í níunda sinn sem hjálmarnir eru gefnir.

Verkefnið ber nafnið „Óskabörn þjóðarinnar“, en samtals munu um 4.300 börn fá reiðhjólahjálma að gjöf í ár. Meðalfjöldi barna í 1. bekk á síðustu níu árum hefur verið um 4.200 börn, sem þýðir að um 38.000 börn eða um 12 prósent af þjóðinni hafa fengið hjálm að gjöf.

Nýir áfangar hefjast í vikunni:

# Stór klöpp undir Klapparstíg

**REYKJAVÍK Við framkvæmdir Reykjavíkurborgar á endurnýjun Klapparstígs kom í ljós að fleyga þurfti meira af klöpp undir götunni fyrir lögnum en áætlað var. Í tilkynningu frá borginni segir að verkið, sem hefur staðið frá aprílbyrjun, gangi vel þrátt fyrir það og til stendur að ljúka framkvæmdum á tilsettum tíma. Klöppin sýni að stígurinn standi undir nafni.**

**Í vikunni breytast hjáleiðir vegna takmarkana á umferð um Grettisgötu.** **- sv**






**Eigum úrval af Rafskuttlum og Rafmagns golfhjólum á góðu verði**

**Verð frá aðeins kr. 250.000**

H-Berg ehf
Import-Export

H-Berg ehf.
Grandatröð 2
Hafnarfirði
Sími 565-6500
www.hberg.is


# Bakkavararbræður líklegastir til að kaupa

**Credit Suisse telur að Lýður og Ágúst Guðmundssynir séu líklegastir til að kaupa hlut kröfuhafa í Bakkavör Group. Fleiri aðilar taldir hafa áhuga á að kaupa hlutinn. Til stendur að gera Bakkavör Group upp og leggja félagið niður.**

**VIÐSKIPTI** Bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir hafa tryggt sér 25 prósenta hlut í Bakkavör Group gegn því að gefa eftir meirihluta í stjórn félagsins. Afgangurinn, um 75 prósenta hlutur, verður í eigu íslenskra kröfuhafa sem breyta kröfum sínum í nýtt hlutafé. Svissneski risabankinn Credit Suisse telur að sá hluti verði seldur fljótlega og að líklegustu kaupendur hans séu bræðurnir. Gangi það eftir munu þeir eignast félagið sem þeir í raun misstu, samkvæmt skilmálum nauðasamninga félagsins, að nýju. Heimildir Fréttablaðsins herma þó að vel komi til greina að selja hlutinn til annarra aðila.

Miðað við rekstrarafkomu Bakkavarar Group á árinu 2011 þá er virði hlutafés í félaginu talið vera á bilinu 20 til 40 milljarðar króna. Bakkavör Group gerði nauðasamning í mars 2010 en félagið hafði staðið í stórtækri skuldabréfaútgáfu auk þess sem það var skráð á hlutabréfamarkað. Alls skuldaði félagið um 64 milljarða króna þegar nauðasamningurinn var gerður. Helstu eigendur þeirra skulda voru Arion banki, skilanefnd Glitnis og þrír stærstu lífeyrissjóðir landsins, LSR, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Gildi.

Skuldabréfin voru öll óveðtryggð þar sem allar undirliggjandi eignir Bakkavarar voru veðsettar öðrum. Nauðasamningarnir gerðu ráð fyrir að félagið ætti að greiða kröfuhöfum sínum yfir 100 milljarða króna fram á mitt ár 2014, annars myndu þeir eignast allt félagið.

Í greiningu frá Credit Suisse um framtíð Bakkavarar Group, sem dagsett er 25. apríl 2012, kemur fram að erfitt sé að sjá þær aðstæður koma upp að það myndi borga sig fyrir Bakkavör Group að greiða þá upphæð til kröfuhafanna. Félagið sé einfaldlega ekki svo mikils virði. Það er mjög skuldsett og afkoma þess á síðustu misserum hefur verið mun lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.



**LÍKLEGIR** Nauðasamningur Bakkavarar Group gerði ráð fyrir því að félagið þyrfti að greiða yfir 100 milljarða króna til kröfuhafa til að bræðurnir myndu halda eftir um fjórðungshlut. Credit Suisse telur nú að þeir geti eignast ráðandi hlut. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hafa tapað 38,6 milljörðum króna

Íslenskir lífeyrissjóðir höfðu samtals tapað 38,6 milljörðum króna í árslok 2010 vegna skulda- og hlutabréfa sem þeir keyptu í Bakkavör Group. Þetta kemur fram í úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvörðunum og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins, sem kynnt var í febrúar.

Í úttektinni kemur fram að tólf prósent af heildarafskriftum lífeyrissjóða landsins vegna fyrirtækjaskuldabréfa hafi verið vegna bréfa sem útgefin voru af Bakkavör Group. Samtals höfðu sjóðirnir afskrifað 10,6 milljarða króna vegna þeirra í árslok 2010. Þar af höfðu LSR, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Gildi afskrifað 7,5 milljarða króna.

Til viðbótar töpuðu íslenskir lífeyrissjóðir 28 milljörðum króna á hlutabréfum sem þeir áttu í Bakkavör Group þegar hlutafé í félaginu var fært niður að fullu í nauðasamningum þess.

Credit Suisse telur að hin snemmbúna umbreyting á kröfum í hlutafé sé tilkomin vegna þess að kröfuhafarnir, íslensk fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir, vilji selja sig út úr félaginu. Það verði gert með því að gera upp allar eignir Bakkavarar Group, dreifa þeim til kröfuhafa og leggja félagið niður. Nýtt móðurfélag rekstrarfélagsins Bakkavarar verður síðan skráð í Bretlandi og þar með verður skorið á tengsl við íslenska kröfuhafa. Að mati Credit Suisse myndi þessi aðgerð þynna hlut B Food Invest, félags Ágústs og Lýðs, í Bakkavör Group niður í 4,1 prósent, en félagið er í dag skráð fyrir 39,6 prósenta hlut. Samkvæmt samkomulagi milli kröfuhafa og bræðranna verður þeim hlut skilað til Klakka, sem áður hét Exista, en þeir færðu hann þaðan á árinu 2009.

Afgangur hlutafésins, alls 95,9 prósent mun þá renna til íslenskra kröfuhafa Bakkavarar Group. Heimildir Fréttablaðsins herma að í kjölfarið verði hlutafé Bakkavarar Group aukið og að bræðurnir muni kaupa það hlutafé. Við það muni hlutur íslensku kröfuhafanna og Klakka þynnast niður í um 75 prósent.

thordur@frettabladid.is


# Tískuvöruverslun

# TIL SÖLU

Til sölu er vinsæl tískuvöruverslun sem er mjög vel staðsett í rótgróinni verslunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirtækið er með mikla veltu og hefur skilað umtalsverðum hagnaði undanfarin ár.

Hér er um að ræða mjög gott tækfæri fyrir þá sem vilja kaupa gott fyrirtæki í örum vexti.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda fyrirspurn á netfangið vilhjalmur@lr.is

LR Lögfræðistofa Reykjavíkur

Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | Sími 515-7400 | fax 515-7401 | lr@lr.is


Utanríkisráðherra segir Norðurlöndin eiga að beita sér fyrir mannréttindum:

# Segir SÞ sýna mikinn veikleika

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra gagnrýndi öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fyrir aðgerðaleysi í málefnum Palestínu í opinni umræðu utanríkisráðherra Norðurlandanna um arabíska vorið í Stafangri í Noregi í gærmorgun.

Össur telur það sýna mikinn veikleika Sameinuðu þjóðanna að geta ekki tekið á málum ríkis eins og Palestínu þar sem frelsi og mannréttindi séu tekin af fólki.

Umsókn Palestínumanna um aðild að Sameinuðu þjóðunum hefur setið föst í ráðinu síðan í haust. Össur benti einnig á að ráðið hefði ekki þegið boð Abbas, forseta Palestínu, um heimsókn á svæðið.



**UTANRÍKISRÁÐHERRAR FUNDA** Össur Skarphéðinsson gagnrýndi viðbragðaleysi SÞ gagnvart Palestínu harðlega á opnum fundi í Noregi í gær.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að á fundinum hafi einnig komið fram að Íslendingar styðji þvingunaraðgerðir gegn Íran vegna kjarnorkuáætlunar landsins. Össur sagði alþjóðasamfélagið geta með sama hætti beitt sér af afli gegn landnemabyggðum Ísraela á Vesturbakkanum en ísraelsk stjórnvöld hafa veitt leyfi fyrir þremur nýjum landnemabyggðum á síðustu vikum. Bygging þeirra brýtur í bága við alþjóðalög.

Utanríkisráðherra lýsti einnig mikilvægi þess að Norðurlöndin beittu sér af afli fyrir mannréttindum og jafnréttismálum í Miðausturlöndum og Norður-Afríku. **- sv**

# SPARAÐU OG HJÓLAÐU Í VINNUNA

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI Á HJÓLUM

Frí heimsending á hjólum*

## 28" ARRINA/ARROW

Dömu & herra
Dömu einnig til í hvítu

**59.999.-**




Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36.
Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.



## 20" ROCKY/ALISSA

// **Gírar:** 6 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

**29.999.-**



## 26" TONUS

// **Gírar:** 18 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // **Gaffall:** Stál // **Aukahlutir:** Stál stell, glitaugu að framan og aftan og í gjörðum, standari //

**39.999.-**



12" KAWASAKI
**22.999.-**

16" KAWASAKI
**24.999.-**

12" KAWASAKI
**22.999.-**

16" TOY STORY
**24.999.-**

12" TOY STORY
**22.999.-**

**Frí heimsending** ef verslað er fyrir 7500 eða meira*

Hagkaup | heim

*Aðeins er sent innan höfuðborgarsvæðisins og innan bæjarmarka Akureyrar.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**FRÉTTASKÝRING:** EES og stjórnarskráin

# Nýjar stofnanir svar við fjármálakreppu

**Nýjar evrópskar eftirlitsstofnanir eiga að fylgjast með fjármálamörkuðum ESB-ríkjanna og tryggja að eftirlitsstofnanir í aðildarríkjunum standi sig. Íslandi ber að samþykkja vald stofnananna yfir íslenskum fjármálamarkaði vegna EES-samningsins, en íslenska stjórnarskráin heimilar það ekki samkvæmt álitsgerð sem unnin var fyrir stjórnvöld.**



**EFTIRLIT** Nýju evrópsku eftirlitsstofnununum er ætlað að tryggja að sömu reglur gildi um fjármálamarkaði í aðildarríkjum ESB, og þar með þeim sem eiga aðild að EES-samningnum. NORDICPHTOS/AFP

Fjármálakreppan sem leikið hefur Evrópu grátt síðustu ár varð til þess að Evrópusambandið (ESB) fór yfir hvernig eftirliti með fjármálamörkuðum álfunnar er háttað og gerði úrbætur þar sem þurfa þótti. Hluti þeirra úrbóta var að koma á fót þremur nýjum eftirlitsstofnunum. Ísland á, sem aðili að innri markaði ESB í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES), að gerast aðili að þessum nýju stofnunum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er það annmörkum háð. Samkvæmt áliti lagaprófessoranna Bjargar Thorarensen og Stefáns Más Stefánssonar myndi það ekki standast ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ástæðan er sú að nýju stofnanirnar hafa heimildir til að grípa til aðgerða gegn fjármálastofnunum og eftirlitsstofnunum ákveðinna ríkja. Í áliti Bjargar og Stefáns kemur fram að með því að samþykkja það myndu íslensk stjórnvöld framselja of mikinn hluta af valdi sínu til yfirþjóðlegra stofnana.

Nýju eftirlitsstofnanirnar hafa það hlutverk að bæta starfsemi innri markaðarins með því að tryggja að reglusetning og eftirlit séu áhrifamikil og samræmd, eins og segir í áliti Bjargar og Stefáns.

Þar er rakið hvernig nýju eftirlitsstofnanirnar eru viðbrögð ESB við þeim ágöllum á reglum um eftirlit með fjármálamörkuðum sem í ljós hafi komið í fjármálakreppunni árin 2007 til 2008.

Í álitinu segir jafnframt að markmiðið með breytingunum sé að tryggja stöðugleika á fjármálamörkuðum aðildarríkjanna, og stuðla að því að yfirsýn fáist yfir fjármálastarfsemi sem fari fram í fleiri en einu landi. Þá sé verið að samræma regluverk um fjármálafyrirtæki á innri markaði ESB, og tryggja að unnt sé að meta hættur sem steðji að fjármálamörkuðum og grípa til aðgerða vegna þeirra.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er það niðurstaða Bjargar og Stefáns að annmarkar séu á því að innleiða tilskipanir ESB um þessar nýju stofnanir hér á landi þar sem ekkert í stjórnarskránni heimili slíkt valdaframsal stjórnvalda.

Í álitsgerðinni kemur jafnframt fram að í tillögum stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sé að finna ákvæði sem heimili slíkt valdaframsal. Slíka heimild er að finna í stjórnarskrám annarra Norðurlanda og flestra Evrópuríkja. Björg og Stefán telja skýrt að verði það ákvæði sem stjórnlagaráð hefur lagt til tekið inn í stjórnarskrána muni Alþingi hafa heimild til að framselja vald sitt að þessu leyti til nýrra eftirlitsstofnana með fjármálamörkuðunum í Evrópu.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



## Nýjar stofnanir með miklar valdheimildir

Nýju evrópsku eftirlitsstofnanirnar tóku til starfa 1. janúar 2011. Þeim er ætlað að bæta starfsemi innri markaðar Evrópusambandsins (ESB). Þær eiga að tryggja að löggjöfin sé samræmd og áhrifarík, og að vernda stöðugleika fjármálakerfisins, gagnsæi markaðar og framleiðslu, og vernd innstæðueigenda og fjárfesta.

Stofnanirnar hafa viðamiklar valdheimildir, en í flestum tilvikum er gert ráð fyrir að þær grípi aðeins til aðgerða ef eftirlitsstofnanir í einstökum ríkjum standa sig ekki sem skyldi.

Allar stofnanirnar hafa heimildir til að taka ákvarðanir um starfandi fjármálafyrirtæki, til dæmis með því að stöðva starfsemi þeirra alfarið. Skapist neyðarástand geta þær skipað yfirvöldum í einstökum ríkjum að grípa til ákveðinna aðgerða. Þá mega þær banna tímabundið ákveðna fjármálastarfsemi. Að auki leysa þær úr ágreiningi milli eftirlitsstofnana ríkja með bindandi ákvörðunum.

■ **Kerfisáhætturáð (ESRB):** Ráðið hefur það hlutverk að hafa heildaryfirsýn yfir fjármálamarkaði og meta þá hættu sem að þeim kann að steðja.

■ **Evrópska bankaeftirlitið (EBA):** Hlutverk eftirlitsins er að stuðla að samræmdu eftirliti og veita stofnunum ESB ráðgjöf um bankastarfsemi.

■ **Evrópska eftirlitsstofnunin með tryggingum og starfstengdum lífeyri (EIOPA):** Stofnunin á að stuðla að samræmdu eftirliti og veita stofnunum á sviði trygginga og lífeyrismála ráðgjöf með reglusetningu og eftirliti.

■ **Evrópska eftirlitsstofnunin með verðbréfa- og fjármálamörkuðum (ESMA):** Á að stuðla að samræmdu eftirliti og veita stofnunum ESB ráðgjöf um verðbréfa- og fjármálamarkaði.

## Vill láta reyna á undanþágur eða breyta stjórnarskránni



BJARNI BENEDIKTSSON

„Fyrst og fremst hljótum við að láta reyna á það til fulls þegar svona tilvik koma upp að fá undanþágur sem henta okkar veruleika," segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi flokksins í utanríkismálanefnd Alþingis, spurður hvernig bregðast eigi við áliti um að nýjar ESB-reglur standist ekki stjórnarskrá.

Hann segir að í þessu tilviki kunni að vera að undanþágur séu ekki mögulegar. „Þá hlýtur að koma til skoðunar hvort þörf sé á breytingu á stjórnarskránni, ekki bara vegna þessa máls heldur almennt vegna framkvæmdar á EES-samningnum."

Bjarni segir líklegt að tilvikum sem þessum fjölgi í framtíðinni. Þess vegna gæti þetta mál orðið tilefni til að spyrja stærri spurninga um EES.

„Við getum verið sammála um að ávinningurinn af því að eiga aðgang að innri markaðinum er svo mikill að þetta mál getur ekki orðið til þess að endurskoða það," segir Bjarni. Því fylgi kostir og gallar að vera fullir þátttakendur á innri markaði ESB, og full rök séu fram komin fyrir því að framkvæmd EES-samningsins hafi á síðustu árum farið yfir þau mörk sem stjórnarskráin setji.

Bjarni segir nýju eftirlitsstofnanirnar sem ESB hefur komið á laggirnar eðlilegt skref nú þegar svo greinilegir gallar varðandi frjálsa fjármagnsflutninga á innri markaði sambandsins hafi komið í ljós.

„Almennt séð þurfum við að horfast í augu við að það kann að vera óumflýjanlegt að gangast undir samstarf um rekstur á eftirlitsstofnunum sem tryggja einsleitni á markaðnum," segir Bjarni. Hann bendir á að Ísland þurfi ekki aðeins að undirgangast kröfur heldur fái á móti ákveðna réttarvernd fyrir íslenska ríkið og íslenska borgara.

## Ekki sjálfgefið að breyta stjórnarskránni



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Íslendingar ættu að líta meira til umræðunnar um EES-samninginn í Noregi, þar sem niðurstaðan virðist vera sú að hægt sé að gera miklu meira til að aðlaga löggjöfina sem kemur frá ESB að aðstæðum í Noregi, segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins og fulltrúi flokksins í utanríkismálanefnd Alþingis. Hann segir Íslendinga virðast kaþólskari en páfinn þegar komi að innleiðingu laga frá ESB.

„Við þurfum að meta hvort hægt sé að innleiða reglurnar á þann hátt að það henti okkar aðstæðum og falli undir stjórnarskrána," segir Sigmundur. Hann segir ekki sjálfgefið að hægt verði að ná fram þeim breytingum, og þá verði að ræða framhaldið. „Það er ekki sjálfgefið að við breytum stjórnarskránni einn, tveir og þrír."

Sigmundur segir sífellt aukast í regluverkið sem tengist EES-samningnum, sem sé óheppileg þróun á margan hátt. „Það gefur tilefni til að fara yfir þróun EES-samningsins, hvort við getum haft meiri áhrif á lagasetninguna þegar hún kemur til Íslands, eða hvort við eigum að beita okkur fyrir breytingum á EES-samningnum."

Hann segir æskilegast að Ísland verði áfram aðili að EES-samningnum, en hann verði að taka mið af þörfum aðildarríkjanna. Mögulega þurfi að taka upp viðræður við ESB um framtíð samningsins, en slíkt sé augljóslega torvelt á meðan Ísland standi í aðildarviðræðum við ESB.

Spurður um nýju eftirlitsstofnanirnar sem ESB hefur nú sett af stað segir Sigmundur að með þeim sé sambandið að fikra sig að viðbrögðum við fjármálakrísunni og reyna að hindra nýjar krísur. Hann segir rétt að fylgjast vel með hvernig til takist, ef ESB finni snjallar lausnir sé ekkert að því að nota þær. Hann segir að einnig mætti líta til Kanada og hvernig eftirliti með fjármálastofnunum sé háttað þar. Markmiðið eigi að vera að skoða það besta úr öllum áttum.

REAL TIME REVOLUTION:
How Oprah Fused TV
& The Social Experience

Hádegisverðarfundur
ÍMARK og 365 miðla
fimmtudaginn 10. maí



Markaðsbylting í beinni

Jonathan Sinclair, aðstoðarforstjóri og framleiðandi hjá Harpo Studios, framleiðslufyrirtæki Opruh Winfrey, fjallar um breytingar á fjölmiðlaumhverfinu og hvernig markaðsfólk þarf að takast á við breytta neytendahegðun.

Kl. 11.30–13.00 í Norðurljósum í Hörpu, hádegisverður innifalinn.

Skráning og nánari upplýsingar á imark.is

ÍMARK




# Krakkadagar

3.-6. maí

Smáralind iðar af lífi og fjöri á Krakkadögum. Verslanir eru fullar af glaðlegum barnavörum og veitingastaðir af alls konar góðgæti auk þess sem Skemmtigarðurinn og Smárabíó bjóða afþreyingu fyrir alla fjölskylduna.

**Fullt af frábærum tilboðum**
sjá smaralind.is

## DAGSKRÁ UM HELGINA

### Laugardagur 5. maí

| | |
|---|---|
| 14.00 | Leikhópurinn Lotta |
| 14.30 | Trúðurinn Wally |
| 15.00 | **Ingó Veðurguð** |
| 15.30 | Krakkar frá Dansskóla Jóns Péturs og Köru sýna dans |
| 16.00 | Krakkar frá Söngskóla Maríu Bjarkar taka lagið |



### Sunnudagur 6. maí

| | |
|---|---|
| 14.00 | Leikhópurinn Lotta |
| 14.30 | Trúðurinn Wally |
| 15.00 | **Blár Ópal** |
| 15.30 | Krakkar frá Dansskóla Jóns Péturs og Köru sýna dans |
| 16.00 | Krakkar frá Söngskóla Maríu Bjarkar taka lagið |

**Frítt í MINI GOLF**

**Láttu** taka Disney-mynd af þér.
Glaðningur fyrir vinsælustu myndirnar á Facebook!

**DISNEY LESHORN**



Smáralind

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

Réttarhöld yfir fimm Guantanamo-föngum hefjast í dag:

# Neita sök og ætla að verjast

**BANDARÍKIN, AP** Í herstöð Bandaríkjamanna á Kúbu hefjast í dag réttarhöld yfir fimm föngum sem sakaðir eru um að hafa skipulagt árásirnar á Bandaríkin þann 11. september 2001.

Í yfirheyrslum, sem að hluta fóru þannig fram að fangarnir voru beittir pyntingum, hafa þeir allir játað sekt og jafnvel sagst stoltir af afrekinu. Lögmaður eins þeirra segist hins vegar telja að þeir ætli allir að lýsa sig saklausa í dag og verjast þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar um að þeir taki ekki mark á dómstólunum og kjósi hvort eð er dauðann.

„Hann hefur engan hug á því að lýsa sig sekan,“ sagði lögmaðurinn, Jim Harrington, um skjólstæðing sinn, Ramzi Binalshibh. „Ég held að enginn þeirra ætli að lýsa sig sekan.“

Réttarhöld í máli þeirra voru langt komin í undirbúningi sumarið 2008 þegar Barack Obama Bandaríkjaforseti reyndi að fá fangana flutta til Bandaríkjanna þar sem þeir kæmu fyrir borgaralega dómstóla eins og aðrir sakamenn. Obama fékk ekki stuðning til þess á þingi, en fyrirkomulagi dómnefnda á Kúbu var breytt nokkuð. **- gb**



**Í GUANTANAMOFLÓA** Enn eru nærri 170 fangar í búðunum og hafa sumir verið þar í meira en áratug, án þess að koma fyrir dómara. NORDICPHOTOS/AFP



**ANTONIS SAMARAS** Leiðtogi hægrimanna lofar að reka alla ólöglega útlendinga úr landi. NORDICPHOTOS/AFP

# Grikkir kjósa sér nýtt þing

**Mikil óvissa ríkir um afdrif efnahagsaðgerða grískra stjórnvalda. Stjórnarflokkunum spáð miklu tapi en vægi smærri flokka á hægri og vinstri kanti vex.**

**GRIKKLAND** Fastlega er reiknað með því að grískir kjósendur muni refsa bæði sósíalistaflokknum PASOK og hægriflokknum Nýju lýðræði í þingkosningum á morgun.

Þessir tveir flokkar hafa lengi skipst á um að vera með völdin og tóku loks höndum saman þegar efnahagskreppan var orðin óviðráðanleg síðastliðið haust.

Kjósendur virðast ekki velkjast í vafa um að báðir þessir flokkar beri ábyrgð á kreppunni og þeim óvinsælu aðhaldsaðgerðum sem gripið hefur verið til.

Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum hefur Nýtt lýðræði mælst með rúmlega 20 prósenta fylgi en PASOK með um 15 prósenta fylgi, sem er gríðarlegt fylgistap frá þingkosningunum árið 2009 þegar PASOK vann sigur með nærri 45 prósentum atkvæða en Nýtt lýðræði fékk nærri 35 prósent.

Smærri flokkar hafa í staðinn verið að sækja í sig veðrið, einnig öfgaflokkar bæði á hægri og vinstri væng stjórnmálanna, en enginn einn þessara smærri flokka hefur þó síðustu vikurnar verið að mælast með meira fylgi en tíu prósent og þar fyrir innan.

Það má því búast við að sex eða sjö flokkar standi álíka sterkt – eða veikt – að vígi þegar kemur að stjórnarmyndun eftir kosningar, þótt PASOK og Nýtt lýðræði verði eilítið stærri en hinir.

Minni flokkarnir hafa almennt lýst harðri andstöðu við efnahagsaðgerðir stjórnarinnar, sem bitnað hafa hart á almenningi. Þar á ofan hefur Nýtt lýðræði heitið því að ganga ekki aftur til stjórnarsamstarfs með PASOK.

Mikil óvissa ríkir því um það hvað verður eftir kosningar um efnahagsaðgerðirnar, sem Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerðu að skilyrði þess að Grikkir fengju fjárhagsaðstoð.

Antonis Samaras, leiðtogi Nýs lýðræðis, hefur reyndar á síðustu dögum höfðað meira til andstöðu Grikkja við útlendinga og lofar því að reka alla ólöglega útlendinga úr landi: „Þeir hafa orðið harðstjórar í þjóðfélagi okkar,“ sagði Samaras á kosningafundi á fimmtudag.

Samkvæmt grískum lögum er bannað að birta skoðanakannanir síðustu tvær vikurnar fyrir kosningar. Þetta þýðir að bæði stjórnmálamenn og kjósendur renna dálítið blint í sjóinn, því fylgi flokka getur hæglega hafa breyst töluvert frá því síðustu kannanir voru birtar. **gudsteinn@frettabladid.is**


**Endurvinnslustöðvar SORPU, útboð.** SORPA

**SORPA bs óskar eftir tilboðum í verkið:**

***„Gámaleiga, flutningar og losun gáma frá endurvinnslustöðvum SORPU bs“***

Samningstími er frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015 eða til 31. desember 2017, en mögulegt er að bjóða til þriggja ára og/eða til fimm ára.

Verkefnið felst í útvegun opinna og lokaðra gáma, pressugáma, grinda og kerja, **alls 263 stk** ásamt því að sjá um flutning og losun úrgangs sem berst til endurvinnslustöðvanna.

Meginverkefni verktaka er að tryggja að á endurvinnslustöðvum SORPU séu ávallt til reiðu gámar fyrir mismundandi tegundir úrgangs. Mismikið berst til stöðvanna eftir vikudögum, árstíðum og veðri.

**Árið 2011 bárust alls um 29.000 tonn.**

Heimilt er að bjóða í eina eða fleiri endurvinnslustöðvar. Samningar geta því orðið einn eða fleiri, allt að sex.

Afhending útboðsgagna verður á bílavoginni við móttökustöð SORPU bs í Gufunesi, 112 Reykjavík, frá þriðjudeginum 8. maí kl. 13:00, gegn kr. 15.000.- gjaldi. Gögnin eru á geisladiski.

Tilboð skulu hafa borist á skrifstofu SORPU bs Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík, eigi síðar en **fimmtudaginn 28. júní 2012 kl. 11:00** og verða þau opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.



SAFT

EKKI TAKA ÞÁTT Í NEINU Á NETINU SEM ÞÚ VEIST EKKI HVAÐ ER!

Heimili og skóli

www.saft.is



# Fiskveiðistjórnun og framtíð sjávarútvegs

**Tímarit um viðskipti og efnahagsmál stendur fyrir ráðstefnu um áhrif fiskveiðistjórnunar á sjávarútveg og tengdar greinar.**

**Lagaleg umgjörð fiskveiða við Ísland, einkum fiskveiðistjórnunarkerfið, er í deiglunni. Á ráðstefnunni verður fjallað um fiskveiðistjórnun á breiðum grunni og áhrif hennar á framtíð sjávarútvegs, með áherslu á áður ókönnuð áhrif á tengda atvinnustarfsemi og samfélagið í víðara samhengi.**

**Hvenær:** **Miðvikudaginn 9. maí 2012 kl: 8:30–16:30**
**Hvar:** **Háskóli Íslands, Askja N132**

08:30 **Setning**
08:40 **Helgi Áss Grétarsson**, *Kvótakerfi sem lagaleg og efnahagsleg stofnun*
**Kristín Haraldsdóttir**, *Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða í ljósi jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar*
**Lúðvík Elíasson**, *Um hvað snúast lög um stjórn fiskveiða?*
10:10 **Kaffihlé**
10:30 **Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegsráðherra**, *Auðlind í sameign þjóðar*
**Þóroddur Bjarnason**, *Fiskveiðistjórnun og framtíð sjávarbyggða*
**Þór Sigfússon**, *Íslenski sjávarklasinn: Það fiskast best á markmiðum!*
**Þórir Sigurðsson**, *Afleiðingar stjórnlausra fiskveiða og fjármála*
12:30 **Hádegishlé**
13:10 **Ragnar Árnason**, *Alþjóðleg samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs*
**Þórólfur Matthíasson**, *Áhrif veiðigjalds á fjárhagsskipan sjávarútvegsfyrirtækja*
**Birgir Þór Runólfsson**, *Skipulag fiskveiða og arðsköpun; hver eru tengslin?*
14:40 **Kaffihlé**
15:00 **Níels Einarsson**, *Fiskveiðiréttindi, fjármálaafurðir og félagslegt réttlæti í sjávarútvegi*
**Einar Svansson og Stefán Kalmansson**, *Greining á íslenskum sjávarútvegi út frá tveimur ríkjandi kenningum*
**Ögmundur Knútsson og Daði Már Kristófersson**, *Áhrif fiskveiðistjórnunar á virðiskeðju íslensks bolfisks*
16:30 **Ráðstefnuslit**

**Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY · SEÐLABANKI ÍSLANDS · UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM · HÁSKÓLI ÍSLANDS · efnahagsmal.is



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

**ANDORRA GARÐHÚSGÖGN**
Sett úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan efni.
Flott borð með glerplötu, 2ja sæta sófi og 2 armstólar.
Slitsterkar sessur með polyester áklæði fylgja.
Stærð á borði: B53 x L90 x H42 sm.
Stóll: B63 x D66 x H76 sm. Sófi: B118 x D66 x H76 sm.

BORÐ + SÓFI + 2 STÓLAR + SESSUR

VIÐHALDSFRÍTT

3708600

BORÐ + 2 STÓLAR + BEKKUR + SESSUR

Jutlandia ÁL

NÝTT

# 49.995

VALITOR KORTALÁN VISA

# FRÁBÆRT VERÐ!

Gildir til 06.05.12



VERÐ AÐEINS:
**1.995**

**CORIA BLÓMAPOTTUR Á SVALIR**
Flottur blómapottur til að hengja á svalir.
Stærð: B15 x L60 x H15 sm.



4 STK.

**ÁLBAKKAR Á GRILLIÐ**
4 stk. saman í pakka.

4 STK. ÁLBAKKAR
**399**



**BBQ COLLECTION KOLAGRILL**
Stærð: Ø 36 sm.
Hæð: 53 sm.

VERÐ AÐEINS:
**1.995**



GRILLBURSTI
**299**

**GRILBURSTI**
Góður, langur grillbursti.
Nauðsynlegur í sumar til að halda grillinu hreinu!

MYRKVUNARGARDÍNA



33%

VERÐ FRÁ:
**1.135**

**MEGAN MYRKVUNARGARDÍNUR**
Góðar myrkvunargardínur, fást í svörtu, gráu og beige. Stærðir:

| | | |
|---|---|---|
| 80 x 170 sm. | Fullt verð **1.695** | nú **1.135** |
| 100 x 170 sm. | Fullt verð **1.995** | nú **1.335** |
| 120 x 170 sm. | Fullt verð **2.495** | nú **1.670** |
| 140 x 170 sm. | Fullt verð **2.995** | nú **1.995** |
| 180 x 170 sm. | Fullt verð **3.995** | nú **2.670** |
| 90 x 210 sm. | Fullt verð **2.495** | nú **1.670** |



Jutlandia Harðviður

BORÐ + 2 STÓLAR + BEKKUR

VALITOR KORTALÁN VISA

FSC
FSC-DNK-0005

BORÐ + 2 STÓLAR + BEKKUR

# 34.995



BORÐ + 6 STÓLAR

SPARIÐ 32.990

Jutlandia Trefjar

BORÐ + 6 STÓLAR

# 197.975

**ORLANDO BORÐ, 2 ARMSTÓLAR OG BEKKUR**
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stærð á 3ja sæta bekk: L150 sm.
Stærð á borði: B80 x L150 sm. Flott sett á góðu verði!

**SANTANDER BORÐ OG 6 ESPANYOL ARMSTÓLAR MEÐ STILLANLEGU BAKI**
Frábært sett úr eðalstáli með 3 svörtum granítplötum.
Stærð á borði: B100 x L210 sm. 6 stólar með stillanlegu baki úr polyrattan efni sem er einstaklega auðvelt að þrífa. Svona sett getur staðið úti allt árið. Flott sett á góðu verði!
Borð **98.995** Armstóll **21.995**

**FRÉTTASKÝRING:** Frumvörp um fiskveiðistjórnun og veiðigjald

# Frumvarp um kvóta ekki matshæft

**Sérfræðingar á vegum þingnefndar segja frumvarp Steingríms J. Sigfússonar um veiðigjald ekki matshæft. Ófært sé að meta áhrif á rekstur sjávarútvegsfyrirtækja út frá því. Frumvarpið feli í sér tvísköttun.**

Alvarleg villa er í frumvarpi um veiðigjald og því tilgangslaust að meta það í núverandi mynd. Þetta er niðurstaða þeirra Daða Más Kristóferssonar, dósents við HÍ, og Stefáns B. Gunnlaugssonar, lektors við HA, en atvinnuveganefnd Alþingis fól þeim að skrifa umsögn um frumvarpið, sem og annað um fiskveiðistjórnun.

Fræðimennirnir eru mjög gagnrýnir á efni frumvarpsins. Alvarlegasta ágalla þess segja þeir hafa með uppfærslu gagna að gera. Álagning veiðigjalds byggi á tæplega tveggja ára gömlum rekstrargögnum og hefði aðferðinni verið beitt hefði það skipulega ofmetið rentu, svo nemur tugum prósenta.

„Sem dæmi hefði sérstakt veiðigjald verið 140% af metinni auðlindarentu ef aðferð frumvarpsins um uppfærslu gagna hefði verið beitt á tímabilinu 2006 til 2010.



**STRANDVEIÐAR** Óháðir sérfræðingar á vegum atvinnuveganefndar Alþingis finna ýmsa ágalla á frumvörpum um fiskveiðistjórnun. Þeir segja meðal annars mikilvægt að strandveiðar greiði almennt veiðigjald til að auðlindarentu af þeim sé ekki sóað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Augljóst er að ekki verður búið við svo umfangsmikla skekkju," segir í skýrslunni.

**Tvísköttun á vinnslu**

Höfundar telja að EBITDA, eða hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta, lækki um 24,4% á fyrsta ári, en um 40,3% á því þriðja og þar á eftir.

Frumvarp ráðherra gerir ráð fyrir að renta vinnslu sé metin með rentu veiða, en Daði og Stefán segja að það þýði tvísköttun á þeim umframhagnaði sem önnur vinnsla uppsjávarfisks en bræðsla skapar. Umfang tvísköttunar geti hlaupið á hundruðum milljarða á ári.

Þá segja þeir vanmat á raunverulegri fjármagnsþörf veiða og vinnslu vera í frumvarpinu. Það leiði til ranglega metinnar auðlindarentu og þar með ranglega ákvarðaðs sérstaks veiðigjalds. Þar að auki segja þeir skatthlutfall sérstaks veiðigjalds verða að teljast mjög hátt.

„Að teknu tilliti til allra þessara ágalla er niðurstaðan sú að umfang gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu sé langt umfram það sem útgerðin getur staðið undir."

**Of mikil aðkoma ráðherra**

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ríkið innkalli 3% þeirra veiðiheimilda sem seldar eru. Skýrsluhöfundar segja að þetta geti dregið úr umfangi ábatasamra viðskipta, hægt á eðlilegri hagræðingu og skapað hvata til að leita hjáleiða fram hjá greiðslu gjaldsins.

Daði Már og Stefán segja að hugmynd frumvarpsins um leiguhluta sé allrar athygli verð. Alvarlegur ágalli á útfærslunni sé hins vegar hve mikil aðkoma ráðherra sé, með reglusetningu um skilyrði fyrir kaupunum.

**Ofmat á þorskígildi**

Frumvarp sjávarútvegsráðherra gerir ráð fyrir því að veiðigjald sé lagt flatt á sem föst krónutala á þorskígildiskíló. Eini breytileikinn felist í mismunandi mati á sérstöku veiðigjaldi fyrir botnfiskveiðar og uppsjávarveiðar.

„Gagnrýna verður þá ofurtrú á þorskígildisstuðla sem sjá má í frumvarpinu. Þorskígildisstuðlar mæla hlutfallslegt verð ólíkra fisktegunda. Ósannað er að þeir séu skynsamlegur mælikvarði á ábata af veiðum eða kostnað við að stýra þeim."

Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra segir ljóst að þorskígildisstuðlar séu ekki gallalaus eining, þó þeir séu mikið notaðir sem grunnur í kerfinu.

„Gallinn við þá er að þó þeir endurspegli sæmilega heildarverðmætin sem hver tegund gefur af sér, þá endurspegla þeir ekki kostnaðinn við að ná þeim verðmætum. Sóknarkostnaðurinn er hlutfallslega meiri í sumum greinum en öðrum, til dæmis kostar meiri olíu að sækja kolmunna en grálúðu þó þorskígildisstuðlarnir endurspegli það ekki."

Steingrímur segist líta á það sem viðfangsefni að betrumbæta aðferðafræðina og skoða hana ofan í kjölinn.

> Að teknu tilliti til allra þessara ágalla er niðurstaðan sú að umfang gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu sé langt umfram það sem útgerðin getur staðið undir.
>
> ÚR SKÝRSLU SÉRFRÆÐINGA Á VEGUM ATVINNUVEGANEFNDAR ALÞINGIS.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Segir aldur gagna sem byggt sé á vera vandamál. Reynt sé að finna lausn á því.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

## Vantar nýrri gögn

Steingrímur staðfestir að vandamál sé að byggt sé á tveggja ára gömlum gögnum. Það eigi einnig við um núverandi kerfi. „Það er ágalli sem er til staðar í núverandi veiðigjaldskerfi og þetta hafa menn vitað og auðvitað er þetta ekki gott. Ef menn fengju ári yngri upplýsingar, sem Hagstofan hefur reyndar verið að gefa í skyn að hún gæti verið að koma með, þá værum við mun betur staddir með það."

Steingrímur segir að reynt sé að mæta þessu vandamáli með því að notast við framreikning í frumvarpinu, meðal annars miðað við vísitölu sjávarútvegs og aðrar vísitölur, til að uppfæra kostnaðinn. Það sé ekki gallalaus leið, en þó tilraun til að mæta vandanum.

„Ætlunin er auðvitað að reyna að finna leið til að vera sem næst raunafkomunni á árinu þegar álagningin fer fram. Það er þó ekki alveg einfalt að finna bestu viðmiðin í því og menn eru meðvitaðir um vandamálið. Ég held að það sé ofsagt að þetta sé ekki hægt. Ef það er svo hefur í raun aldrei verið hægt að leggja á gamla veiðigjaldið heldur og það er þá alveg meingallað," segir Steingrímur, og vísar til þess að það byggir á jafngömlum tölum.



Launagreining PwC fyrir síðasta ár sýnir að hækkanir héldu ekki í við verðbólgu:

# Laun stjórnenda hækkuðu meira en annarra

**VINNUMARKAÐUR** Föst laun hækkuðu um 4,3 prósent milli áranna 2010 og 2011. Hækkunin hélt ekki í við verðbólgu, sem var 5,6 prósent. Þetta er meðal þess sem kemur fram í Launagreiningu endurskoðunarfyrirtækisins PwC fyrir árið 2011.

Hækkun launa er í takt við almenna kjarasamninga.

Stjórnendur fyrirtækja og stofnana hækkuðu meira í launum en aðrir hópar á þessu tímabili. Laun forstjóra og framkvæmdastjóra hækkuðu um 9,9 prósent og laun millistjórnenda um 8,3 prósent. Aðrir hópar hækkuðu minna.

Föst mánaðarlaun á Íslandi voru að meðaltali 463 þúsund krónur en heildarlaun 513 þúsund krónur. Launagreiningin byggir á raungögnum úr launakerfum fyrirtækja og stofnana og tekur til launa í septembermánuði.

Fram kemur í greiningunni að tekjur hópa, sem lækkuðu eftir kreppuna, eru farnar að hækka á nýjan leik. „Launaþróun ólíkra hópa er æði misjöfn og sömu sögu er að segja um hlutföll fastra launa og aukagreiðslna í heildarlaunum,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins. - þeb



**UNNIÐ** Launahækkanir héldu ekki í við verðbólguna. Stjórnendur hækkuðu mest í launum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**UMVAFINN SLÖNGUM** Slöngur hringuðu sig um styttu af heilögum Dóminíkusi í skrúðgöngu í bænum Cocullo á Ítalíu í tilefni af dýrlingsdegi hans. NORDICPHOTOS/AFP

Lokaniðurstaða í dómsmáli:

## Þyngri dómur yfir axarmanni

**DANMÖRK** Muhudiin Mohamed Geele, sem réðist inn á heimili danska skopmyndateiknarans Kurts Westergaard á nýársdag árið 2010 var á miðvikudag dæmdur í tólf ára fangelsi í hæstarétti í Danmörku.



**KURT WESTERGAARD**

Rétturinn staðfesti úrskurði lægri dómstiga um að um hryðjuverk hafi verið að ræða, en bætti tveimur árum við fangelsisdóminn frá landsrétti.

Westergaard er einn af teiknurunum sem gerðu skopmyndir af Múhameð spámanni fyrir Jótlandspóstinn árið 2005. - þj

Samtök meðlagsgreiðenda:

## Greiðendur fái hærri bætur

**SAMFÉLAGSMÁL Samtök meðlagsgreiðenda voru stofnuð í gær. Markmið samtakanna er að standa vörð um réttindi meðlagsgreiðenda og knýja fram réttindabætur handa þeim, meðal annars með bættri aðkomu að bótakerfinu, er fram kemur í tilkynningu.**

**Meðlagsgreiðendur á Íslandi sem jafnframt eru umgengnisforeldrar eru um tólf þúsund. Í tilkynningunni segir að hópurinn fái til að mynda engar barnabætur og aðkoma þeirra að vaxta- og húsaleigubótakerfinu sé nánast engin þar sem fólkið hefur sömu stöðu og barnlausir einstaklingar, sem ýmist eru einstæðir eða komnir í sambúð.** - sv

Tíu milljónir til skiptanna:

## Efla á forvarnir og félagsauð

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tíu milljónir króna eru til úthlutunar úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur. Opnað hefur verið fyrir umsóknir úr sjóðnum á vef borgarinnar.

„Hlutverk sjóðsins er að stuðla að forvörnum og styrkja félagsauð í hverfum Reykjavíkur. Styrkir úr sjóðnum verða veittir til verkefna sem styðja forvarnir í þágu barna og unglinga, eflingu á félagsauð í hverfum borgarinnar og verkefnum sem stuðla að bættri lýðheilsu,“ segir í tilkynningu. Sækja þarf um fyrir 14. maí. - óká

**ÁRBORG**

### Styrkja nema í strætó

Bæjarráð Árborgar hefur ákveðið að námsmenn með lögheimili þar og sem skráðir eru í háskóla eða framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu fái 15 prósenta afslátt af persónubundnum íbúakortum í strætó frá og með ágúst á þessu ári.

Startup
REYKJAVIK

# Í fyrsta sinn á Íslandi

**Arion banki auglýsir eftir umsækjendum í Startup Reykjavík sem er byggt á fyrirmynd TechStars í Bandaríkjunum.**

Startup Reykjavík er vettvangur til að skapa frumkvöðlum betra umhverfi og stuðla að frekari verðmæta- og fyrirtækjasköpun á Íslandi.
Umsækjendur geta verið allt frá því að vera með hugmynd á byrjunarstigi upp í að reka sprotafyrirtæki sem komið er lengra.

Tíu viðskiptateymi verða valin til að vinna sínar hugmyndir áfram í 10 vikur.
Startup Reykjavík stendur yfir frá 11. júní – 20. ágúst 2012.

Viðskiptateymin tíu fá:
- 2 milljónir króna í hlutafé frá Arion banka gegn 6% hlutdeild í fyrirtækinu
- 10 vikna þjálfun frá sérfræðingum Innovits og Klaks
- Tengingar og handleiðslu frá yfir 40 sérfræðingum úr íslensku atvinnulífi
- Aðgang að sameiginlegri vinnuaðstöðu
- Aðgang að víðtæku tengslaneti um heim allan
- Að kynna á fjárfestaþingi undir lok verkefnisins

**Umsóknarfrestur rennur út 7. maí.**
Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má nálgast á startupreykjavik.com.

innovit klak Arion banki

# HELGAR

## OPIÐ ALLA HELGINA

## WHIRLPOOL **DAGAR**




**Whirlpool AFG6323B**
- 320 lítra frystikista
- 320 lítra frystikista
- Frystigeta 24kg. á sólarhring
- 1 karfa fylgir
- Orkunýting B
- Mál (HxBxD): 88,5x112x66 sm

**TILBOÐ**
**69.995**
FULLT VERÐ 89.995




**Whirlpool AWOD7728**
- 1400 snúninga þvottavél
- 6th Sense
- Tekur 7 kg af þurrum þvotti
- 18 þvottakerfi
- Þvotthæfni A
- Orkuflokkur A+
- Vinduhæfni A
- Mál (HxBxD): 59,5x85x57,5 sm

**TILBOÐ**
**74.995**
FULLT VERÐ 94.995




**Whirlpool ADG7430**
- 60 sm uppþvottavél til innbyggingar
- 12L vatnsneysla á þvott
- 3 hitastillingar á þvotti
- Express þvottur - 30 mín. 40°
- Normal - 50°
- Ákafur (intensive): 70°
- Orkuflokkur A
- Hreinsihæfni A
- Mál (HxBxD): 59,7x82,0x55,5 sm

**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 139.995

## RYKSUGUR



MELISSA

**Melissa 640215**
- **Hljóðlát handryksuga**
- Virkar fyrir bæði þurr og blaut svæði
- Tekur 65ml af vökva eða 500ml af ryki
- Veggfesting

**TILBOÐ**
**2.995**
FULLT VERÐ 4.995



MELISSA

**Melissa 640258**
- 1400w ryksuga
- Með 4 filtera kerfi
- Tekur snúru sjálfvirkt til baka
- Lætur vita þegar poki fyllist

**TILBOÐ**
**4.995**
FULLT VERÐ 6.995



MELISSA

**Melissa 640210**
- 1800w ryksuga
- 5 filtera kerfi
- Stillanlegt málmrör
- Tekur snúru sjálfvirkt til baka
- Lætur vita þegar poki er að fyllast

**TILBOÐ**
**7.995**
FULLT VERÐ 9.995



PHILIPS

**Philips FC8230**
- 1600w SmallStar ryksuga
- 275w sogkraftur
- 5 filtera kerfi
- Tvískipt málmrör
- Vönduð gúmmíhjól
- 6m snúra á vindu

**TILBOÐ**
**12.995**
FULLT VERÐ 16.995



PHILIPS

**Philips FC8135**
- 2000w ryksuga
- 400w sogkraftur
- Vandaður Parket haus
- Tekur 3L af ryki
- Gúmmíhjól
- HEPA filter sem má þvo
- 7m snúra (10m drægni)

**TILBOÐ**
**16.995**
FULLT VERÐ 19.995

## FRÁBÆRAR RYKSUGUR FYRIR VORHREINGERNINGARNAR

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# RTILBOÐ

## LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17

# 15-30% AFSLÁTTUR




**FRÁBÆR TILBOÐ** í gangi á þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum og öðrum heimilistækjum frá stærsta framleiðanda í heimi sem fagnar 101 ára afmæli á þessu ári.

Whirlpool 1911 100 2012

## VÖFFLUJÁRN OG SAMLOKUGRILL
## 20% AFSLÁTTUR



## ILLY KAFFIVÉLAR
## KYNNING UM HELGINA




**TILBOÐ** KAFFIVÉL ÁSAMT 2 ESPRESSÓ OG 2 CAPPUCHINO BOLLUM Á **AÐEINS 29.995**




**Heimilistæki** ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# HELGARTILBOÐ



15,6"

-30.000

ASUS

K53SM-SX015V

15,6" fartölva með Intel i5 SandyBridge örgjörva, 500GB hörðum diski og Geforce skjákorti.

**149.990**

Fullt verð 179.990



-33%

Sarotech

Sarotech Abigs 3.5 FHD356UA

Hýsing fyrir harða diska frá Sarotech sem tekur SATA diska.

**2.990**

Fullt verð 4.490



-10.000

ASUS

Asus EeePad Transformer 16GB

Glæsileg 10" spjaldtölva frá ASUS með Android Honeycomb stýrikerfi og 16Gb flash minni.

**69.990**

Fullt verð 79.990



22"

PHILIPS MYNDGÆÐI

PHILIPS

Philips 226V3LSB

22" með LED baklýsingu, 5 ms svartíma og FULL HD.

**23.990**

Fullt verð 27.990



-10.000

HAGKVÆM HEIMILISTÖLVA

acer

ACER ASPIRE X1930

Öflug en nett turnvél frá Acer með 2.6GHz Intel Pentium SandyBridge, 6GB vinnsluminni og 500 GB diski.

**89.990**

Fullt verð 99.990

SJÓNVARPS FLAKKARI + 1TB

FULL HD



UNITED

UNITED 9560 / WD1000 EARS

Frábært verð á háskerpu sjónvarpsflakkara sem spilar MKV skrár. 1TB harður diskur fylgir.

**29.990**

## Ivy Bridge i5 og i7 örgjörvarnir eru komnir !



PCI-EXPRESS 3.0
USB 3.0

**24.990**

MSI Z77A-G43



MSI AMD Radeon R6670-MD1GD5

**15.990**

Fullt verð 18.990

5-15% afkastameiri en SandyBridge og 20% minni orkunotkun.

Innbyggð skjákort á IvyBridge örgjörvum afkasta allt að 50% meira en áður.



**i5 39.990**
**i7 59.990**




**0% VEXTIR** í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

# OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

**Laugardag 11-16**
**Sunnudag 13-17**




acer

Acer V223HQVb

Stílhreinn skjár með Full HD 1080P upplausn og svartri, mattri áferð. 5ms svartími og 20.000:1 skerpa.

**19.990**

Fullt verð 22.990



Logitech

Logitech G400

Leikjamús byggð á hinni vinsælu MX518. 8 forritanlegir takkar og stillanleg nákvæmni.

**6.490**




acer

A4755G-2334G50MN

14" fartölva með Intel i3 SandyBridge örgjörva, 4GB minni og Geforce skjákorti.

**119.990**

Fullt verð 139.990

ÞRÁÐLAUS OG HAGKVÆMUR



EPSON

EPS SX235W

Þráðlaus fjölnotaprentari frá Epson. Skannar, ljósritar og prentar.

**9.990**



Logitech

Logitech MK710

Þráðlaust lyklaborð og mús. Unifying samhæfing.

**17.990**

Fullt verð 19.990

FRÁBÆR HLJÓMUR



Logitech

Logitech Z323

Öflugt 30W 2.1 hátalarakerfi með bassaboxi. RCA inngangur og hátalaratengi.

**11.990**

## steelseries var að lenda í Tölvulistanum!

**Pro Gaming línan frá Steelseries komin! Brjálað úrval af klikkuðum leikjavörum!**




YFIR 30 GERÐIR

tl.is

TÖLVU LISTINN

**6 VERSLANIR UM ALLT LAND**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eyðilegging á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins:

## Óþörf styrjöld

Þetta á ekki að vera styrjöld í mínum huga, við eigum að reyna að ná málefnalega góðri niðurstöðu," sagði Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra í viðtali við Fréttablaðið í gær um deilurnar sem nú eru um fiskveiðistjórnunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar. Samt er það nú svo að ríkisstjórnin hefur efnt til víðtæks ófriðar við sjávarútveginn um starfsskilyrði atvinnugreinarinnar.

Steingrímur lætur í sama viðtali í það skína að grunnviðfangsefnið sé að slá því föstu að fiskimiðin séu sameiginleg auðlind í eigu þjóðarinnar, að útgerðarmenn fái nýtingarrétt og séu „sæmilega tryggir með hann til alllangs tíma og greiði eðlilegt gjald fyrir." Og það er alveg rétt hjá Steingrími. Þetta er kjarni málsins og ef ríkisstjórnin hefði haldið sig við hann væri líklega minna stríð. Menn væru þá sammála um að sjávarútvegurinn ætti að borga meira fyrir afnotarétt sinn af auðlindinni og styrinn stæði fyrst og fremst um upphæð gjaldsins.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Ríkisstjórnin gat ekki staðizt þá freistingu að leysa úr þessu grundvallaratriði og hreyfa að öðru leyti ekki við fiskveiðistjórnunarkerfinu, heldur ákvað að gera að því atlögu á mörgum vígstöðvum. Inn í upphafleg kvótafrumvörp Jóns Bjarnasonar var hrúgað flestum vitlausustu hugmyndum um fiskveiðistjórnun sem komið hafa fram undanfarin tuttugu ár eða svo; takmörkunum á framsali og veðsetningu, byggða- og ráðherrapottum og þar fram eftir götum, allt til þess fallið að gera sjávarútveginn óhagkvæmari og óskilvirkari. Tveimur atrennum síðar er enn alltof mikið eftir af þessu krukki í kerfið í kvótafrumvörpunum.

Yfirgnæfandi meirihluti umsagna hagsmunaaðila um frumvörpin er neikvæður. Fyrsta óháða úttektin sem fer fram á þeim, skýrsla tveggja hagfræðinga til atvinnuveganefndar Alþingis, er nánast samfelldur áfellisdómur yfir fúski við frumvarpssmíðina. Höfundarnir telja vonlaust fyrir mörg sjávarútvegsfyrirtæki að standa undir veiðigjaldinu sem lagt er til – þótt þeir telji óhætt að hækka gjaldið – og að ýmis önnur ákvæði dragi úr hagkvæmni í rekstri fyrirtækjanna og auki hættuna á pólitískum geðþóttaákvörðunum.

Þeir benda á það augljósa, sem enginn virðist enn hafa skilið í sjávarútvegsráðuneytinu: „[E]kki er hægt að horfa á álagningu veiðigjalda afmarkað. Samræmi verður að vera milli gjaldtöku og annarrar umgjarðar fiskveiðistjórnunarkerfisins. Ef vegið er að möguleikum til hagræðingar og langtímahagkvæmni mun það skerða umfang auðlindarentunnar og draga úr getu útgerðarinnar til að standa undir veiðigjöldum. Gjaldtaka, sem er hófleg ein sér, getur verið óhófleg skoðuð í samhengi við önnur ákvæði."

Stundum hafa ríkisstjórnir í ýmsum löndum farið í þörf stríð við heilar atvinnugreinar. Það hafa þá gjarnan verið miðstýrðar, tollverndaðar og ríkisstyrktar atvinnugreinar sem þurfti að stokka upp svo þær hættu að vera byrði á samfélaginu. Slíkar atvinnugreinar eru til á Íslandi, en stjórnvöld kjósa ekki stríð við þær, heldur velja þá grein sem einna mest verðmæti skapar.

Þetta stríð hefði aldrei átt að hefjast. Það á að henda þessu þriðja kvótamáli og byrja upp á nýtt á því sem skiptir máli; að ná sátt um þjóðareign og hóflegt auðlindagjald. Eyðilegginguna á góðu fiskveiðistjórnarkerfi á hins vegar að láta vera.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871






AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Makríllinn og Evrópusambandið

Þarf deilan um makrílinn að hafa áhrif á aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið? Svarið er: Hjá því verður tæplega komist. Álitaefnið er hitt: Hvers konar áhrif?

Eindregnustu andstæðingar aðildar nota hverja snurðu sem hleypur á þráðinn í samskiptum Íslands við sambandið eða einstök aðildarríki þess til að setja fram kröfu um viðræðuslit. Röksemdin er: Þarna liggja óvinir Íslands á fleti fyrir.

Þetta er ekki nýtt. Á sinni tíð nýttu andstæðingar Atlantshafsbandalagsins sérhverja deilu vegna fiskveiðihagsmuna til að krefjast úrsagnar. Þegar Efnahagsbandalagið reyndi að þvinga fram lausn á landhelgisdeilunni í byrjun áttunda áratugarins með því að fresta gildistöku EFTA-samnings um tollalækkanir á sjávarafurðum heyrðust þessi sjónarmið einnig.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Í meira en sextíu ár hafa forystumenn þjóðarinnar jafnan komist að sömu niðurstöðu þegar slík álitamál hafa verið uppi: Hún er sú að láta hvorki voldugri viðsemjendur beygja sig í samningum né skammsýna lýðskrumara í innanlandspólitíkinni draga Ísland úr því alþjóðasamfélagi sem það tilheyrir og hefur reynst efnahagsleg og pólitísk kjölfesta fullveldisins.

Ekkert hefur breyst að þessu leyti. Makríldeilan er því ekki tilefni til þess að slíta aðildarviðræðunum. Þar eru einfaldlega stærri hagsmunir í húfi. Hitt er annað að við þurfum að haga tímasetningu og framgangi viðræðnanna með það í huga að tapa ekki samningsstöðu um réttmæta hlutdeild í makrílstofninum.

## Mismunandi viðmið

Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að við þurfum að vísa til mismunandi viðmiða eftir samningsaðstæðum hverju sinni. Á vettvangi Evrópusambandsins gildir veiðireynslan varðandi staðbundna fiskistofna innan landhelginnar. Þegar við komum hins vegar sem nýliðar að veiði úr stofnum sem flakka um stærra hafsvæði er meiri áhersla á dreifingu, breytt göngumynstur, efnahagslega hagsmuni og framlag til rannsókna.

Ástæðan fyrir því að önnur Evrópusambandsríki komast ekki í staðbundna fiskistofna hér við land þrátt fyrir aðild er sú að veiðireynslan tryggir hagsmuni Íslands að fullu. Hún skiptir einfaldlega mestu í innbyrðis skiptingu aðildarþjóðanna. En þar sem við höfum ekki sömu veiðireynslu í makríl er samningsstaðan sterkari utan sambandsins í því tilviki með því að viðmiðin eru þá fleiri.

Af þessu leiðir að hyggilegt er af íslenskum stjórnvöldum að láta viðræður um sjávarútvegskaflann í aðildarviðræðunum dragast þar til lausn er fengin í makríldeilunni. Þegar kemur að samningum við þriðju þjóðir um aðra deilistofna þar sem við höfum langa veiðireynslu getur hins vegar verið styrkur í því að hafa allt afl Evrópusambandsins á bak við íslenska hagsmuni. En sú aðstaða er ekki fyrir hendi varðandi makrílinn.

Við höfum litið á okkur bæði sem strandveiðiþjóð og úthafsveiðiþjóð. Þetta þýðir að það er ekki alltaf full samkvæmni í þeim áherslum á viðmið sem við vísum til þegar rök eru borin fram fyrir íslenskum hagsmunum. Hafréttarreglurnar eru nægjanlega rúmar til þess.

## Krókur á móti bragði

Stundum er látið í veðri vaka að núverandi veiðar á makríl helgist einvörðungu af fullveldisrétti þjóðarinnar. Það er ekki allskostar rétt. Veiðiheimildirnar takmarkast af alþjóðlegum hafréttarreglum sem skylda okkur til að semja á grundvelli sérstakra viðmiða. Í dag er Ísland rétt eins og hinar veiðiþjóðirnar að brjóta þessar reglur með ofveiði.

Það er alltaf erfitt að semja í fiskveiðideilum og helst á færi sterkra ríkisstjórna meðal annars fyrir þá sök að ásakanir um undirlægjuhátt hafa alltaf átt greiðan aðgang að þjóðarsálinni. Engir fundu meira fyrir því en forystumenn Sjálfstæðisflokksins í landhelgissamningunum á sínum tíma. Mikilvægt er því að umræðan fari fram með upplýstum hætti en ekki eftir lögmálum lýðskrumsins.

Bæði Evrópusambandið og Ísland hafa lýst því yfir að makríldeilan og aðildarviðræðurnar séu aðskilin mál. En með engu móti er unnt að áfellast Ísland fyrir að láta hraðann í aðildarviðræðunum um sjávarútvegskaflann ráðast af eigin hagsmunum í makríldeilunni.

Efnahagslegar refsiaðgerðir eru fráleit leið við lausn slíkra deilumála og í þessu samhengi skýrt brot á EES-samningnum. Einn mótleikur Íslands gæti verið sá að bjóða upp á þann kost að leggja ágreininginn í makrílsamningunum fyrir alþjóða hafréttardómstólinn eða gerðardóm.

Það væri krókur á móti bragði og myndi sýna styrk Íslands og trú á lagalegan rétt. Á hinn bóginn myndi það benda til veikleika í röksemdafærslu Evrópusambandsins og Noregs ef þessir viðsemjendur tækju því illa.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson *kristjan@frettabladid.is*, Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# KÓPAVOGS DAGAR 2012

## 4.-12. maí

### Menningarhátíð fyrir alla fjölskylduna




KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNA Á:

**kopavogsdagar.is**

ÓKEYPIS Á FLESTA VIÐBURÐI

# Viðbrögð við verðbólgu

Verðbólga

**Jón Steinsson**
Dósent í hagfræði við Columbia háskóla í New York



Lífleg umræða hefur spunnist undanfarna daga um þá stöðu sem komin er upp varðandi verðbólgu á Íslandi í dag. Verðbólga mælist nú 6,4% og hefur hækkað um 4,5 prósentur frá því í byrjun árs 2011.

### Viðbrögð Sjálfstæðismanna

Sjálfstæðismenn kenna ríkisstjórninni um verðbólguna og benda þar á hækkanir á verði opinberrar þjónustu og eldsneytis. Þessi skýring stenst ekki skoðun. Verðbólgan í dag er almenns eðlis. Þetta má til dæmis sjá með því að líta á kjarnaverðbólgu 2 – sem undanskilur búvörur, grænmeti, ávexti, bensín og opinbera þjónustu. Verðbólga á þennan mælikvarða er 5,4%, einungis lítið eitt lægri en heildarverðbólga. Það sem meira er þá hefur kjarnaverðbólga 2 hækkað jafn mikið frá því í byrjun árs 2011 og heildarverðbólga eða um 4,5 prósentur.

Illugi Gunnarsson, alþingismaður, ritaði grein í Morgunblaðið 30. apríl síðastliðinn þar sem hann varar við því að Seðlabankinn bregðist við hækkun verðbólgu með því að hækka vexti. Illugi telur að verðbólgan sé kostnaðardrifin en ekki eftirspurnardrifin og því sé ekki skynsamlegt fyrir Seðlabankann að bregðast við. Sú staðreynd að verðbólgan er almenns eðlis mælir gegn þessum rökum Illuga. En það sem meira er þá eru verðbólguvæntingar nokkur ár fram í tímann sem lesa má út úr fjármálamörkuðum langt yfir verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Ef verðbólgan væri kostnaðardrifin ættu markaðir að vænta þess að hún væri tímabundin. Svo virðist ekki vera.

### Viðbrögð ráðherra

Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, og Oddný Harðardóttir, fjármálaráðherra, tóku annan pól í hæðina. Þau gerðu lítið úr verðbólguvandanum og bentu þar meðal annars á spá Seðlabanka Íslands sem gerir ráð fyrir að verðbólga hafi náð hámarki og muni lækka á næstu misserum. Hvað þetta varðar er vert að hafa í huga að verðbólgan í spám Seðlabankans leitar ávallt aftur í markmið bankans innan 2-3 ára einfaldlega fyrir þær sakir að spár bankans gera ráð fyrir því að vextir bankans verði aðlagaðir þannig að það sé tryggt. Núverandi spá Seðlabankans gerir því ráð fyrir talsverðum vaxtahækkunum til þess að tryggja að verðbólga hjaðni á ný. Seðlabankinn birtir því miður ekki vaxtaferilinn sem spáin byggir á og því er erfitt að átta sig á því hvað hann telur þörf á miklum vaxtahækkunum næstu misseri. En talsmenn bankans hafa sagt opinberlega að í spám bankans felist hærri vextir. Ef litið er fram hjá þessum eiginleika, geta verðbólguspár bankans veitt falskt öryggi og verið misvísandi um alvarleika verðbólguvandans.

### Rétt viðbrögð

Á sama tíma og verðbólgan hefur aukist um 4,5 prósentur hefur Seðlabankinn einungis hækkað vexti um 0,5 prósentu. Aðhaldsstig peningamálastefnunnar hefur því minnkað verulega. Það sem meira er, atvinnuleysi hefur lækkað hröðum skrefum á þessum tíma. Atvinnuleysi var 8,6% á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs en 7,2% á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Vitaskuld er atvinnuleysi enn hátt. Það er því ekki hægt að tala um þenslu í venjulegum skilningi á Íslandi í dag. Staðan er annars eðlis og erfiðari. Verðbólguvandinn er fyrst og fremst tilkominn vegna væntinga um að ekkert verði gert til þess að stöðva hana. Verðbólgan er í rauninni sjálfsprottin. Fólk og fyrirtæki sem óttast verðbólgu í framtíðinni hækka verð og krefjast hærri launa í dag. Þannig rætast væntingar fólks af sjálfu sér svo fremi sem Seðlabankinn gerir ekkert í málunum.

Ef við höldum áfram á sömu braut er ekkert sem bendir til annars en að verðbólga muni halda áfram að aukast. Raunar ætti hækkun verðbólgunnar að ágerast þar sem bæði raunvextir Seðlabankans og atvinnuleysi hafa verið að lækka. Til þess að stöðva þetta ferli þarf Seðlabankinn að hækka vexti verulega. Hæfileg vaxtahækkun til þess að byrja með væri 2-2,5 prósentur.

Auðvitað er erfitt að þurfa að ráðast í að halda aftur af vexti hagkerfisins þegar atvinnuleysi er 7%. En við verðum að horfast í augu við þann súra raunveruleika að það er sérstaklega erfitt að halda aftur af verðbólgu á Íslandi vegna þess hugarfars sem ríkir í landinu gagnvart aðhaldssamri peningamálastefnu. Það þýðir lítið að stinga höfðinu í sandinn eða kenna pólitískum andstæðingum um vandann. Ef það er gert mun vandinn einungis ágerast og verða erfiðari viðfangs síðar meir. Við höfum slæma reynslu af slíku.


## Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

| Starfsemi LSS á árinu 2011 | | | | | Fjárhæðir í milljónum króna |
|---|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12** | | | | **2011** | **2010** |
| | **A-deild** | **V-deild** | **S-deild** | **Samtals** | **Samtals** |
| Iðgjöld | 4.863 | 1.113 | 97 | 6.073 | 5.677 |
| Lífeyrir | -718 | -38 | -128 | -884 | -704 |
| Fjárfestingartekjur | 4.183 | 612 | 115 | 4.910 | 1.926 |
| Fjárfestingargjöld | -146 | -21 | -3 | -169 | -79 |
| Rekstrarkostnaður | -92 | -13 | 0 | -105 | -100 |
| Gjald í ríkissjóð | -41 | -5 | -1 | -47 | 0 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 8.049 | 1.648 | 81 | 9.778 | 6.720 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 41.737 | 5.890 | 1.062 | 48.689 | 41.970 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **49.787** | **7.538** | **1.143** | **58.467** | **48.689** |
| | | | | | |
| **Efnahagsreikningur** | **A-deild** | **V-deild** | **S-deild** | **2011** | **2010** |
| Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 108 | 16 | 0 | 125 | 129 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 13.761 | 2.083 | 325 | 16.170 | 12.133 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 27.874 | 4.220 | 613 | 32.707 | 27.642 |
| Veðlán | 5.460 | 827 | 0 | 6.287 | 6.054 |
| Bankainnistæður | 1.386 | 210 | 196 | 1.792 | 1.481 |
| Aðrar fjárfestingar | 250 | 38 | 0 | 288 | 422 |
| Kröfur | 457 | 69 | 1.805 | 528 | 522 |
| Aðrar eignir | 578 | 87 | 22 | 688 | 377 |
| Skuldir | -88 | -13 | -14 | -116 | -71 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **49.787** | **7.538** | **1.143** | **58.467** | **48.689** |
| | | | | | |
| **Kennitölur ársins 2011** | **A-deild** | **V-deild** | **S-deild I** | **S-deild II** | **S-deild III** |
| Nafnávöxtun | 9% | 9% | 10,4% | 14% | 8,4% |
| Hrein raunávöxtun | 3,6% | 3,6% | 4,9% | 8,3% | 3% |
| Hrein raunávöxtun – 5 ára meðaltal | -1,1% | -1,1% | -0,3% | 3,7% | 5,1% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 9.327 | 4.810 | 204 | 71 | 57 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 1.622 | 314 | 31 | 4 | 13 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,2% | 0,2% | 0% | 0,1% | 0,1% |
| Eignir í íslenskum krónum í % | 83% | 83% | 66,7% | 92,1% | 100% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum % | 17% | 17% | 33,3% | 7,9% | 0% |
| Eign umfram heildarskuldbindingar í % | -11% | -5% | | | |
| Eign umfram áfallnar skuldbindingar í % | -4,2% | -4,3% | | | |
| | | | | | |
| | | | | | *Birt með fyrirvara um prentvillur* |

Ársreikning LSS 2011 má sjá í heild sinni á heimasíðu LSS: www.lss.is

## Ársfundur 2012

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn þriðjudaginn 8. maí kl.16.00, í húsakynnum Sambands íslenskra sveitarfélaga að Borgartúni 30, Reykjavík.

**Stjórn og framkvæmdastjóri**

Í stjórn lífeyrissjóðsins eru Karl Björnsson stjórnarformaður, Elín Björg Jónsdóttir, Garðar Hilmarsson, Gerður Guðjónsdóttir, Kristbjörg Stephensen og Salóme E. Þórisdóttir.
Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón G. Kristjánsson.

**Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, sími: 5 400 700**
**lss@lss.is - www.lss.is**


# Það skiptir máli hverjir stjórna

Velferðarmál

**Guðbjartur Hannesson**
Velferðarráðherra



Í nýrri skýrslu sem Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands vann fyrir velferðarráðuneytið eru dregnar saman tölulegar upplýsingar um þróun íslensks samfélags á árunum fyrir og eftir hrun, ljósi varpað á áhrif hrunsins á ólíka tekjuhópa og hvernig stjórnvöldum hefur tekist það ætlunarverk sitt að verja kjör lægstu tekjuhópanna. Niðurstöðurnar eru afgerandi: Snúið hefur verið frá þeim fordæmalausa ójöfnuði sem jókst ört í tíð fyrri stjórnvalda. Kjararýrnun vegna kreppunnar hefur verið langminnst hjá þeim tekjulægstu og tekjuskattbyrði hefur minnkað hjá lágtekju- og millitekjuhópum, eða sex af hverjum tíu fjölskyldum í landinu. Í samanburði við aðrar þjóðir hefur okkur tekist að dreifa byrðum kreppunnar á mun réttlátari hátt en víðast annars staðar, verja tekjulægri hópana og sporna við jafn umfangsmiklu atvinnuleysi og víðast varð raunin hjá öðrum þjóðum

### Fordæmalaus aukning ójafnaðar

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að árin 1995-2007 jókst ójöfnuður hérlendis svo mjög að annað eins hefur ekki sést á Vesturlöndum og náði hámarki á hátindi loftbóluhagkerfisins árið 2007. Þá hafði skattbyrði hátekjuhópanna lækkað stöðugt meðan æ þyngri skattbyrðar voru lagðar á bök hinna tekjulágu. Í reynd var skattbyrði íslensks hátekjufólks óvenju létt í alþjóðlegum samanburði.

Þessa óheillaþróun má rekja beint til ákvarðana stjórnvalda sem með markvissum breytingum á skattkerfinu bjuggu til sannkallað velferðarkerfi hátekjufólks, enda jókst hlutdeild þeirra í þjóðarkökunni stöðugt á þessu tímabili. Árið 1995 var hlutur 10% tekjuhæstu fjölskyldna landsins í heildartekjum landsmanna tæplega 22% en árið 2007 féllu 40% af heildartekjum landsmanna í þeirra skaut. Ríkustu fjölskyldurnar, þ.e. það 1% sem hæstar tekjur hafði, fengu árið 1995 um 4% af heildartekjunum en um 20% árið 2007.

### Ójöfnuður sprettur ekki af sjálfu sér

Efnahagslegur ójöfnuður leiðir til margþættra félagslegra vandamála og veldur um leið miklum kostnaði fyrir samfélagið allt. Þar sem ójöfnuður er mikill er glæpatíðni almennt hærri og margskonar heilsufarsvandamál algengari. Flest bendir líka til þess að undirrót þeirra efnahagsþrenginga sem Vesturlönd hafa gengið í gegnum

> Í reynd var skattbyrði íslensks hátekjufólks óvenju létt í alþjóðlegum samanburði.

á undanförum árum sé of mikil samþjöppun auðs og stigvaxandi ójöfnuður. Af þeirri reynslu verðum við að læra.

Ójöfnuður sprettur ekki af sjálfu sér. Þvert á móti ráða ákvarðanir stjórnvalda miklu í þeim efnum og því er mikilvægt að þau sinni þeirri skyldu sinni að afla greinargóðra upplýsinga um samfélagsþróunina, meðal annars um breytingar á tekjujöfnuði og bregðist við ef ójöfnuður fer úr böndunum líkt og hér gerðist á árunum fyrir hrun.

### Framtíð byggð á jöfnuði

Hruni fjármálakerfisins á Íslandi fylgdi mesta kjaraskerðing sem orðið hefur hér á landi frá lýðveldisstofnun. Niðurstöður Þjóðmálastofnunar sýna hins vegar að þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður þá hafi okkur tekist betur en flestum öðrum þjóðum að verja velferðina og auka jöfnuð í samfélaginu. Gott samfélag byggist á jöfnuði og því ættu flestir að geta sameinast um það markmið að tryggja að bilið á milli þjóðfélagshópa breikki ekki á nýjan leik hér á landi. Upplýst umræða um það hvernig stjórnmálin geta og hafa haft mótandi áhrif á þjóðfélagsgerðina og áhrif þeirra á lífsgæði okkar á hverjum tíma er forsenda þess að okkur takist að byggja upp sterkt og gott samfélag fyrir alla.

# Það er töff að nota hjálm

Umferðaröryggi

**Aðalheiður Dögg Finnsdóttir**
háskólanemi



Nú þegar sumardagurinn fyrsti hefur gengið í garð með hækkandi sól og batnandi veðri fylgir óhjákvæmilega aukin útivist, til að mynda hjólreiðar. Alltaf er brýnt fyrir börnum að nota hjálm, sama hvaða farartæki þau kjósa sér, reiðhjól, hjólabretti, línuskauta eða hlaupahjól. Hinir eldri, ábyrgðarfullu, brýna fyrir þeim yngri.

Ekki virðist það þó skipta jafn miklu máli fyrir fullorðna að nota hjálm. Hrósa skal þeim sem gera það og sýna þar með gott fordæmi. Það sem virðist einkenna einstaklinga sem nota ekki hjálm er sú hugsun að ekkert komi fyrir þá, þeir fari varlega og sumum finnst einfaldlega ljótt að vera með hjálm. Það þykir ekki töff. Hins vegar er það sem er í rauninni ekki töff er að gleyma því að slysin gera ekki boð á undan sér og að þau geta haft alvarlegar afleiðingar. Fólk lærir yfirleitt af reynslunni en það sem er óskiljanlegt er af hverju eitthvað slæmt þurfi að gerast til þess að fullorðið fólk noti öryggisbúnað.

Þetta þekki ég persónulega allt of vel. Fyrir þremur árum hugsaði ég ekki mikið út í notkun hjálma og tók yfirleitt ekki eftir því hvort annað fólk notaði hjálm. Það breyttist í maí árið 2009. Keyrt var á yngri systur mína þegar hún hjólaði yfir gatnamót. Hún var ekki með hjálm. Algert slys var um að ræða, slys sem gerir ekki boð á undan sér. Eftir slysið tók við sjúkrahúsdvöl, sjúkraþjálfari og óteljandi læknisheimsóknir. Hún missti hreyfigetu í vinstri fæti, sjónin skertist og einbeitingarleysi og þróttleysi gerðu vart við sig. Þetta eru dæmi um þau líkamlegu einkenni sem hún þurfti að vinna sig upp úr svo ekki sé minnst á andlega heilsu sem hún þurfti einnig að vinna í.

Afleiðingar slyssins draga enn dilk á eftir sér og mun ýmiss konar skert líkamsgeta hrjá hana allt hennar líf. Slysið hafði ekki einungis áhrif á hana heldur einnig fjölskyldu og vini. Hugsunarháttur og viðhorf margra breyttist talsvert.

Sama reglan gildir um bílbelti og hjálma, sama hversu stutt þú ert að fara og hversu varlega þú ferð veistu aldrei hvenær slysin verða. Ég er búin að læra af reynslunni og mun alltaf nota hjálm. Biðla ég til ykkar hjólreiðamanna, yngri sem eldri, að nota hjálm. Það eru forréttindi að vera heilbrigður. Það er töff að nota hjálm.

HAPPDRÆTTI das

# ÁTTU MIÐA?

## MILLJÓNAVINNINGAR!

Alls er dregið um 47 þúsund vinninga á árinu að heildarverðmæti 844 milljónir kr.

### FIMM ✕ RANGE ROVER EVOQUE!

Á tvöfaldan miða getur þú unnið Range Rover Evoque að verðmæti **10 milljónir kr.** eða **10 milljónir** í peningum.

Miðaverð 2.200 kr. á mán.
fyrir tvöfaldan miða.



### FIMM ✕ NISSAN QASHQAI!




Á einfaldan miða getur þú unnið Nissan Qashqai að verðmæti **5 milljónir kr.** eða **5 milljónir** í peningum.

Miðaverð 1.100 kr. á mán.
fyrir einfaldan miða.



Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.

KAUPTU MIÐA
OG STYRKTU GOTT MÁLEFNI!

dregið í hverri viku

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 58258 05/12

Steypugljái á stéttina í sumar





SUPERSEAL TOP COAT

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?


# Álögur á sjúklinga vegna komu- og umsýslugjalda

Heilbrigðismál


**Guðmundur Magnússon og Sigríður Hanna Ingólfsdóttir**
formaður og félagsráðgjafi Öryrkjabandalags Íslands






Ár er liðið frá því að samningar á milli Sjúkratrygginga Íslands og sérfræðilækna runnu út þann 31. mars 2011. Í kjölfarið og vegna samningsleysis hafa sjúklingar þurft að greiða komu- og umsýslugjald fyrir þjónustu sérfræðilækna á stofum þeirra. Hér er um viðbótargjald að ræða, sem leggst við hluta sjúklings í útlögðum kostnaði. Rétt er að taka fram að ekki allir sérfræðilæknar innheimta slíkt gjald. ÖBÍ hafa borist dæmi um viðbótargjöld á bilinu 500 kr. til 3.500 kr. fyrir hverja komu.

Staðan bitnar fyrst og fremst á tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum sem þurfa á þjónustu sérfræðilækna að halda. Þar er þyngst byrðin á langveikum og öldruðum, sem þurfa meira á heilbrigðisþjónustu að halda, þar með talið þjónustu sérfræðilækna, en allur almenningur í samfélaginu. Ástandið hefur í för með sér auknar álögur fyrir þessa einstaklinga og fjölskyldur þeirra og kemur sérstaklega illa við tekjulága aldraða, öryrkja og foreldra langveikra barna. Í rannsókn sem framkvæmd var 2006 af Rúnari Vilhjálmssyni félagsfræðingi kom fram að öryrkjar vörðu um 6% af heildartekjum heimilisins í heilbrigðismál. Sú tala hefur að öllum líkindum hækkað, en gjaldtaka sjúklinga í heilbrigðiskerfinu jókst umtalsvert í kjölfar bankahrunsins, sbr. könnun Hagdeildar ASÍ frá byrjun árs 2009.

Einstaklingur með afsláttarkort borgar að fullu komu- og umsýslugjald. Þar sem þetta er viðbótargjald gefur það ekki rétt upp í afsláttarkort Sjúkratrygginga Íslands. Hér er því um að ræða hreint viðbótargjald sem sjúklingurinn einn ber kostnaðinn af. Sjúklingar sem reglulega leita til sérfræðilækna bera þá tugi þúsunda í viðbótargjald yfir lengra tímabil. Eitt af markmiðum laga um réttindi sjúklinga er að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi. Óheimilt er að mismuna sjúklingum meðal annars á grundvelli efnahags. Þjónusta sérfræðilækna er einn nauðsynlegur þáttur í veitingu heilbrigðisþjónustu. Gjaldtaka fyrir hvers kyns heilbrigðisþjónustu á að fara eftir ákvæðum laga um sjúkratryggingar og ákvæðum sérlaga eftir því sem við á, og engu öðru.

Minna má á Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem undirritaður var af Íslands hálfu fyrir réttum 5 árum (30. mars 2007) en í 25. gr. samningsins er kveðið á um að aðildarríkin skuli „… viðurkenna að fatlað fólk hafi rétt til þess að njóta góðrar heilsu að hæsta marki sem unnt er án mismununar vegna fötlunar. […] a) sjá fötluðu fólki fyrir heilsugæslu og heilbrigðisáætlunum, sem eru ókeypis eða á viðráðanlegu verði og eins að umfangi, gæðum og á sama stigi og gildir fyrir aðra einstaklinga …“.

Hver er staðan í samningaviðræðum Sjúkratrygginga Íslands og samninganefndar sérfræðilækna? Eru samningaviðræður í gangi á milli samninganefndanna eða er algjör biðstaða?

ÖBÍ skorar á samningsaðila að sameinast í þeirri viðleitni að semja sín á milli þannig að öllum notendum þjónustu sérfræðilækna sé tryggt aðgengi að sérfræðiþjónustu án aukinnar kostnaðarhlutdeildar sjúklinga.

**Tvö dæmi um viðbótarútgjöld örorkulífeyrisþega vegna þjónustu sérfræðilækna**

| | Viðbótargjald – samtals | Tímabil |
|---|---|---|
| Dæmi A — 5 komur til sérfræðinga | 9.000 kr. | ágúst 2011 – janúar 2012 |
| Dæmi B — 3 komur til sérfræðinga | 8.000 kr. | janúar 2012 |


## Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Starfsemi LsRb 2011 — *Allar fjárhæðir í milljónum króna*

| Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| | Samtals | Samtals |
| Iðgjöld | 1.692 | 1.619 |
| Lífeyrir | -2.474 | -2.377 |
| Fjárfestingartekjur | 4.787 | 2.731 |
| Fjárfestingargjöld | -58 | -40 |
| Rekstrarkostnaður | -73 | -51 |
| Sérstakur skattur | -47 | 0 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 3.827 | 1.882 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 54.376 | 52.494 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **58.203** | **54.376** |
| | | |
| **Efnahagsreikningur** | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 2.140 | 1.444 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 54.723 | 51.501 |
| Veðlán | 1.183 | 1.207 |
| Aðrar eignir | 227 | 178 |
| Kröfur | 48 | 83 |
| Skuldir | -118 | -37 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **58.203** | **54.376** |
| | | |
| **Kennitölur** | | |
| Nafnávöxtun | 8,6% | 5,1% |
| Hrein raunávöxtun | 3,2% | 2,4% |
| Hrein raunávöxtun – 5ára meðaltal | 4% | 4,1% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 740 | 792 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 2.783 | 2.719 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,1% | 0,1% |
| Eignir í íslenskum krónum í % | 99,2% | 99,8% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum í % | 0,1% | 0,2% |
| Eign umfram heildarskuldbindingar í % | -22,9% | -20,3% |
| Eign umfram áfallnar skuldbindingar í % | -18,7% | -15,3% |

*Birt með fyrirvara um prentvillur*

Ársreikning LsRb 2011 má sjá í heild sinni á heimasíðu LSS: www.lss.is

### Ársfundur 2012

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2012, verður haldinn miðvikudaginn 16. maí kl. 15.00 í húsakynnum BSRB að Grettisgötu 89, Reykjavík.

**Stjórn og framkvæmdastjóri**
Í stjórn sjóðsins eru Björk Vilhelmsdóttir stjórnarformaður, Ása Clausen, Jón Fjörnir Thoroddsen, Júlíus Vífill Ingvarsson og Þorgrímur Hallgrímsson.
Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón G. Kristjánsson

**Aðsetur sjóðsins er hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, Sími 5 700 400**
**lss@lss.is - www.lss.is**


# Að spýta mórauðu

Samfélagsmál


**Sighvatur Björgvinsson**
fv. ráðherra




Sú var tíðin, að Íslendingar tuggðu munntóbak og spýttu mórauðu. Mórauðastur var víst spýtingur þeirra, sem tuggðu rjól. Menn spýttu gjarna mórauðu þar sem hverjum og einum hentaði. Á götur og gangstíga, í anddyri verslana, fyrir utan aðgangsdyrnar að Hótel Borg og Hótel Íslandi – jafnvel undir borð og bak við mublur. Unz svo kom að landlækni og bæjarstjórn Reykjavíkur, sem þá hét, ofbauð. Hrákaslettunum fylgdi nefnilega mikill söfnuður sýkla og sóttkveikja, sem mönnum stafaði háski af – auk þess sem einhverjum þótti sóðaskapur að; líkast til þó bara þeim, sem ekki tuggðu tóbak. Yfirvöld komu því fyrir hrákadöllum hvarvetna; á opinberum skrifstofum, á veitingahúsum og jafnvel utan dyra. Til þess var ætlast að tóbakstyggjarar hræktu í dallana og þannig mætti losna við sóðaskapinn – og sýklana.

Síðan þetta var hafa orðið miklar framfarir á Íslandi. Þjóðin sögð vera orðin mjög umhverfislega meðvituð – einkum þó og sér í lagi umhverfislega meðvituð þar um slóðir sem fæstir Íslendingar eiga sjálfir leið um. Auk þess er þjóðin löngu hætt að tyggja tóbak og rjól – en farin að tyggja tyggigúmmí í gríð og erg. Og hrækir svo frá sér tyggigúmmíinu hvar sem hverjum hentar. Á götur og gangstíga, í anddyri verslana, fyrir utan aðgangsdyrnar að Hótel Borg og gervöllum krám og kaffibörum staðarins – og undir stóla og bak við mublur þegar enginn er að horfa. Tyggjóhrákarnir nema að mér sýnist ekki minna en sex til sjö slettum á hvern fermetra á gangstígunum í 101 Reykjavík. Slíkum árangri náðu þó tóbaks- og rjóltyggjendurnir aldrei hér á árunum áður. Enda miklu fleira mannfólk sem gengur nú um gangstíga í 101 en þá og hver og einn ákaflega umhverfislega meðvitaður núna – nema hvað?

Þó tekist hafi að útrýma berklum, sem mest hættan var talin að stafaði af sóttkveikjum í mórauða spýtingnum, eru margir ekkert síður skeinuhættir sjúkdómar sem láta á sér kræla í tyggjóhrákunum ef að væri gáð. Ef menn nú gefa sér tíma til þess að líta niður fyrir lappirnar á sér á ferð um 101 væri þá ekki ráð að landlæknir og borgarstjórn Reykjavíkur innleiddu aftur hrákadallana; t.d. á gatnamótum, fyrir framan Hótel Borg, á opinberum skrifstofum – og inni á skemmtistöðum. Vegna mikilla framfara og aukinnar umhverfisvitundar sem tvímælalaust hafa orðið hjá Íslendingum mætti mála dallana græna. Þá yrðu þeir svo umhverfisvænir. Ef vel tækist til mætti svo einhvern tíma í framtíðinni ná svo langt í umhverfismeðvitundinni að fólk hætti að gera þarfir sínar í húsagörðum og bak við myndastyttur í miðbænum – jafnvel að það fengist til þess að hirða sjálft umbúðirnar utan af tyggjóinu, sælgætinu, pylsunum, kókinu, bjórnum og hvað það nú allt saman heitir sem umhverfismeðvitaða fólkið skilur eftir sig í kjölfar helgarskemmtananna í miðbæ Reykjavíkurborgar.

Mikið væri nú gott ef umhverfismeðvitað fólk væri jafn umhverfismeðvitað um nágrenni sitt og það er um fjarlægðirnar sem fæst af því hefur nokkru sinni heimsótt – svo sé Guði fyrir að þakka. Hvernig myndi umhverfið þar líka líta út ef álíka fjöldi umhverfismeðvitaðara Íslendinga ætti þar leið um og er á ferðinni nótt sem dag í 101 Reykjavík? Það væri nú sjón að sjá!




Þegar þú semur við Íslandsbanka um að greiða niður yfirdráttinn lækkum við vextina. Þannig lækkar vaxtakostnaður svo um munar.

**Þetta er einhver besti sparnaður sem völ er á.**

Dæmi

Ef þú greiðir 360.000 kr. yfirdrátt niður um 15 þúsund kr. á mánuði í 24 mánuði þá sparar þú 51.023 kr. í vaxtakostnað.*

Þú færð nánari upplýsingar á islandsbanki.is og hjá ráðgjafa í þínu útibúi.

*Miðað við að yfirdráttarvextir lækki úr 11,8% (Gullvild) í 9,05% (þrepalækkun) skv. vaxtatöflu 1. maí. Lægri vaxtaprósenta skilar 10.312 kr. lækkun og lækkandi yfirdráttur 40.711 kr. – samtals 51.023 kr.




**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Tónleikar verða aldrei úreltir

Enski tónlistarmaðurinn **Elvis Costello** frestaði tónleikum sínum í Hörpu í nóvember vegna veikinda föður síns en kemur þar fram þann 10. júní næstkomandi, einn með gítar og píanó. ***Kjartan Guðmundsson*** sló á þráðinn til kappans í Kanada.



**TREÐUR UPP** Elvis Costello einbeitir sér að tónleikum þessi misserin og engar upptökur eru á döfinni hjá honum. NORDICPHOTOS/AFP

Declan MacManus fæddist í London árið 1954, árið sem Elvis Presley hljóðritaði sitt fyrsta lag. Árið sem kóngurinn lést, 1977, tók téður Declan upp sviðsnafnið Elvis Costello, en ættarnafnið má rekja til móðurömmu tónlistarmannsins og Skotlands, eins og gefur að skilja. Elvis tróð líka upp við innsetningarathöfn Bandaríkjaforsetans Baracks Obama og annar leiðtogi hins frjálsa heims, Bill Clinton, nefndi dóttur sína eftir reggískotna Costello-smellinum I Don't Want To Go To Chelsea frá 1978.

Ekkert af þessu skiptir verulegu máli í hinu stóra samhengi. Öllu mikilvægara hlýtur að teljast að um er að ræða einn af þessum stóru. Listamann sem á nærri fjögurra áratuga ferli hefur samið, leikið, sungið og jafnvel stjórnað upptökum á mörgum af endingarbestu afurðum popptónlistarinnar, og hann kemur fram í Eldborgarsal Hörpu þann 10. júní næstkomandi.

### Í fínu formi á sextugsaldri

*Sæll Elvis, hvernig hefurðu það?*

„Ég hef það „bloody" fínt, takk fyrir. Ég er á milli tónleika hérna í Vancouver, þar sem ég bý stóran hluta ársins. Annan stóran hluta ársins búum við, ég, konan mín og fimm ára tvíburabræðurnir Dexter og Frank, í New York. Báðar borgirnar eru stórkostlegar á sinn hátt og erfitt að gera upp á milli þeirra. Í Vancouver býr fjöldinn allur af Evrópubúum og nágrannar okkar í næsta húsi eru Íslendingar. Þeir eru góðir vinir okkar og hafa verið nágrannar konunnar minnar síðan í barnæsku. Þetta vissirðu ekki, er það?"

*Nei, en þetta er gaman að heyra. Svo ykkur líður vel í Kanada?*

„Já, en ég og konan mín [djasstónlistarkonan Diana Krall] ferðumst bæði mjög mikið og það er erfitt fyrir fimm ára börn að sætta sig við slíkt. Þetta er svo sem ekki bundið við tónlistarbransann, en ég reyni að nýta allan frítíma vel með fjölskyldunni. Það er líka fyrirtaks líkamsrækt að hlaupa á eftir fimm ára guttum allan daginn og ég er í fínu formi, 57 ára gamall maðurinn."

> Það er ekki mitt að segja fólki hvernig það á að haga sér.

### Erfiður tími í lífi mínu

*Þú hefur nýlokið heljarinnar tónleikaferð um Bandaríkin og ert á leiðinni í Evróputúr sem þú kallar „Spectacular Spinning Songbook", þar sem risastórt rúllettuhjól leikur stórt hlutverk. Ferðast hjólið með þér til Íslands í júní?*

„Nei, en ef vel gengur á tónleikunum í Reykjavík get ég vel hugsað mér að koma með hljómsveitina, rúllettuhjólið, sem áhorfendur fá að snúa og velja þannig lögin, og allt heila havaríið til Íslands. Ég reyndi þessa útfærslu á tónleikum fyrst fyrir 25 árum og ákvað að prófa hana aftur núna. Það hefur gefist vel og gerir hverja tónleika tilviljanakenndari, en samt á góðan hátt. Í Reykjavík kem ég fram einn með gítarinn og píanóið og held tónleikana sem ég ætlaði að halda í nóvember síðastliðnum, sem ég þurfti að fresta vegna veikinda föður míns sem dó svo í desember. Ég reyndi eins og ég gat að standa við skuldbindingar mínar, en þetta var svo erfiður tími að ég varð hreinlega að vera í London hjá pabba og hálfbræðrum mínum meðan á veikindunum stóð. Ég vona að fólk skilji það, því þetta var virkilega erfiður tími fyrir fjölskylduna. Það hefur verið nokkuð erfitt að koma fram síðan hann dó og ég kvíði dálítið fyrir tónleikunum í London í þessari ferð, því þar hefði pabbi verið meðal áhorfenda. En ég mun gera mitt besta til að halda minningu hans á lofti."

*Og við hverju mega íslenskir tónleikagestir búast í Hörpu? Eðli málsins samkvæmt spyrja líklega margir sig hvort von sé á smellum á borð við Alison, Oliver's Army, Everyday I Write The Book, Veronica og She, svo aðeins fáeinir séu nefndir. Vinkona mín, sem er mikill aðdáandi, bað mig líka að spyrja þig hvort þú gætir tekið I Want You fyrir hana á tónleikunum.*

„Ég held, í fullri alvöru, að enginn ætti að verða fyrir vonbrigðum. Mér þykir mjög gott að koma fram einn fyrir framan áhorfendur sem hafa aldrei áður séð mig spila. Það er ómögulegt að segja til um hvaða lög eru vinsæl í hverju landi fyrir sig, en ég blanda saman þekktum og minna þekktum lögum og reyni þannig að búa til einhvers konar sögu. Áhorfendur eiga til að verða hissa á því hversu breitt tónlistarsvið ég næ að dekka á svona tónleikum, allt frá ballöðum til einhvers sem líkist rokki og róli, þótt ég sé bara einn á sviðinu. Ég hugsa að ég taki örugglega I Want You [af plötunni Blood & Chocolate frá 1986] fyrir vinkonu þína, því það er dæmi um lag sem ferðast mjög vel. Í Hollandi er I Want You lagið sem flestir hlakka til að heyra. Líka í Tyrklandi, en þar eru líka margir hrifnir af She, sem er skemmtilegt því þessi tvö lög gætu varla verið ólíkari. Ég hlakka til að sjá viðbrögðin við lögunum mínum á Íslandi og reyndar hlakka ég mikið til að koma til Íslands yfir höfuð. Ég heimsótti landið árið 2003 þegar konan mín hélt tónleika þar og hreifst mjög af fegurð þess. Því miður get ég ekki tekið syni mína með í þetta sinn, því ég er viss um að þeir myndu dýrka landið. Svona þjóðsagnakenndur andi eins og er yfir Íslandi, í það minnsta í mínum huga, er töfrandi fyrir fimm ára stráka."

### Einbeiti mér að tónleikum

*Síðasta platan þín, National Ransom, kom út fyrir tveimur árum. Ertu að vinna að nýju efni sem stendur?*

„Nei, þessa stundina einbeiti ég mér eingöngu að því að koma fram á tónleikum. Reyndar er ég að vinna að nokkrum hlutum sem ég vil helst ekki tala mikið um, en það eru engar upptökur á döfinni. Þetta er í fyrsta sinn síðan ég var unglingur sem ég tek mér pásu frá slíku, og það verður bara að koma í ljós hvenær ég hefst aftur handa. Þegar ég gerði síðustu plötu var ég búinn að ákveða að það yrði síðasta platan mín, því það er hreinlega ekki vænlegt að framfleyta sér með því að gera plötur lengur. Stafrænt niðurhal hefur í raun gert þessa hönnun úrelta, þrátt fyrir að þeirri þróun fylgi líka margir stórir kostir, en ég held að tónleikar verði aldrei úreltir. Ég er á móti því að lifa í fortíðinni, en í dag hlusta ég samt nánast eingöngu á 78 snúninga plötur. Það er eitthvað við hljóminn sem heillar mig. Ég gæti til dæmis vel hugsað mér að gefa út lög í einstökum löndum í framtíðinni, til að freista þess að gera þau fágætari. En það gerist bara þegar, og ef, það gerist. Í sannleika sagt þykir mér líka bara svo gaman að vera með strákunum mínum og ég vil ekki rugla þessum tveimur heimum saman."

*Hvað gerið þið saman í frístundum?*

„Við leikum okkur og horfum stundum á fótbolta. Ég er að reyna að byggja upp hjá þeim áhuga á Liverpool og þeir eru orðnir forvitnir, þótt ástríðan fyrir íþróttinni sé ekki skollin á af fullum krafti. Þeir eiga báðir Liverpool-treyjur, en ég ætla ekki að segja þér nöfn leikmannanna sem ég lét prenta aftan á þær. Ég var dálítið bjartsýnn þegar ég valdi þá leikmenn."

### Erum öll hluti af kerfinu

*Gaman að þú skulir minnast á Liverpool, því þú fæddist í London og bjóst þar stærstan hluta æskuáranna en ert þó jafnan tengdur Liverpool í hugum fólks. Hvernig stendur á því?*

„Mamma mín er frá Liverpool og pabbi var frá Birkenhead, sem er bær í nágrenni Liverpool. Afi minn var mikið lasinn þegar ég var lítill og ég var mjög oft hjá honum í Liverpool, eyddi þar öllum sumar- og jólafríum og bjó svo þar í þrjú ár á unglingsárunum. Ég finn fyrir mun sterkari tengslum við Liverpool en nokkurn tíma London. Þar hitti ég líka tónlistarmanninn Nick Lowe í fyrsta sinn, sem var upptökustjóri á fyrstu fimm plötunum mínum. Ég hitti hann á Grapes-pöbbnum í Mathew Street, þeirri frægu götu sem Cavern-klúbburinn stendur við. Liverpool er frábær staður, mikil tónlistarborg, en líka harðskeyttur staður."



**ELVIS COSTELLO** árið 1978, árið sem önnur plata hans, This Year's Model, kom út. NORDICPHOTOS/AFP

*Þú hafðir lengi yfir þér þann blæ að vera andsnúinn yfirvaldi af flestu tagi, sem meðal annars mátti merkja í pólitískri textagerð. Ertu það enn?*

„Ég veit ekki hvort yfirvöld eiga alla sök á þeim vandamálum sem við glímum við í heiminum. Við erum öll hluti af þessu kerfi, ég, þú og allir aðrir. Það er ekki mitt að segja fólki hvernig það á að haga sér. En auðvitað verð ég reiður og hjálparvana, til að mynda þegar ég sé muninn á fátækasta og ríkasta fólki heims. Annars væri ég ekki mannlegur."

## VAKNAR SNEMMA TIL AÐ HORFA Á LEIKINN

Blaðamaður stenst ekki mátið að spyrja Costello, strangtrúaðan Liverpool-aðdáandann sjálfan, örlítið út í stórleik dagsins, viðureign liðsins við Chelsea í úrslitum FA-bikarsins á Wembley.

„Ég vakna eldsnemma með strákunum hér í Vancouver til að horfa á þennan mikilvæga leik. Bill Shankly, fyrrum þjálfari Liverpool, á að hafa sagt að knattspyrna væri mikilvægari en líf og dauði, en harmleikirnir á Heysel- og Hillsborough-leikvöngunum afsönnuðu þá speki, því miður. Þetta verður forvitnilegur leikur í dag. Chelsea stóð sig vel gegn Barcelona í síðustu viku og tókst að pirra liðið út í hið óendanlega, þótt Barcelona sé vissulega miklu betra lið. Fernando Torres virðist vera að lifna við og þegar hann er upp á sitt besta standast fáir honum snúning. Luis Suarez skoraði líka þrennu í síðasta leik sínum og leikurinn í dag gæti hæglega snúist um þessa tvo leikmenn sem báðir vilja sanna sig. Ég vona innilega að þetta verði góður fótboltaleikur, en ekki keppni í að detta í grasið."



Og hvernig fer svo leikurinn?

„Þetta verður ekki 0-0 jafntefli. Því get ég lofað."

# GÓÐUR VINUR

## LEYNIST INNRA MEÐ ÖLLUM - LÍKA ÞÉR

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 560 4800**

## DRÖGUM Á ÞRIÐJUDAGINN

Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd og eiga vini sem styðja og styrkja.
SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.

500 milljónir dreifast til heppinna SÍBS vina 2012.
- veldu þér vinanúmer í síma 560 4800 eða á sibs.is

HAPPDRÆTTI SÍBS *... fyrir lífið sjálft*

MasterCard VISA 13.368 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð: 1.100 kr.

H:N Markaðssamskipti / SÍA

# Í DAG OPNUM VIÐ STÆRS

## Verið velkomin á opnunarhátíð

BAUHAUS Drive-In Timbursala®



**PALLAEFNI**
28 x 120 MM pallaefni úr gagnvarinni furu.
NTR A/B vottuð. Verð pr. m.

255.- !

BAUHAUS® Garðaland



**ORKÍDEA**
1 grein í 12 cm potti.
6 blóm.

895.- !

VERÐVERND 12%

## BETRI VERÐVERND BÝÐST EKKI

### Við tryggjum þér lægsta verðið

Það er markmið okkar að bjóða alltaf upp á lægstu verðin á markaðnum. Við gerum hagstæð innkaup án þess draga úr kröfum okkar um gott siðferði, gæði og virkni. Einnig erum við vakandi fyrir verðlagi samkeppnisaðila okkar og ef við komumst að því að verðin okkar eru ekki nógu lág, lækkum við þau enn frekar. Ef þú - innan 30 daga frá kaupum - finnur sömu vöru á lægra verði annars staðar endurgreiðum við mismuninn + 12% af verði samkeppnisaðilans. Þú þarft að framvísa kassakvittun auk staðfestingar frá öðrum söluaðila. Verðverndin gildir ekki þegar um er að ræða vörur sem aðrir bjóða aðeins í takmörkuðu magni og í takmarkaðan tíma, þegar um opnunartilboð er að ræða, eða vörur sem seldar eru í póstverslunum, á internetinu eða í vefverslunum.
Kynnið ykkur betur á www.bauhaus.is

## Alltaf lágt verð með

VERÐVERND 12%

BAUHAUS®

GÆÐI | ÞJÓNUSTA | GJAFVERÐ | VÖRUÚRVAL

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

# STA VÖRUHÚS Á ÍSLANDI

## ðina miklu sem hefst kl. 07:00




**BOSCH**

**BOSCH RAFHLÖÐUSKRÚFVÉL**
IXO IV. 3,6 volt. 180 snún./min. 3,3 ah.
Hleðslutæki og skrúfbitar fylgja.

**4.995-!**




**Fyrsta vörublaðið okkar má nú lesa á: www.bauhaus.is**



SÆKTU BLAÐIÐ Í SÍMANN ÞINN.

# RISA

# Opnunarhátíð á Íslandi

## Laugardaginn 5. maí 2012

**TAKTU ÞÁTT Í HAPPDRÆTTINU ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFAKORT AÐ VERÐMÆTI**

# 100.000-

Við bjóðum alla morgunhressa viðskiptavini velkomna til að vera viðstaddir formlega opnun BAUHAUS í Reykjavík í fyrramálið, 5. maí kl. 08:00. Þeir allra morgunhressustu geta komið þegar kl. 07:00 en þá byrjum við að dreifa happdrættismiðum. Í vinning eru:

**10 gjafakort að andvirði 100.000.-**

Dregið verður um þessa vinninga kl. 07:50 og verður þá dreifingu happdrættismiða hætt. Fyrir þá sem ekki hlutu vinning þá verður aftur dregið kl. 10:00, við þjónustuborðið. Í vinning eru:

**10 gjafakort að andvirði kr. 50.000.-**

Dregið verður um þessa 10 vinninga við Þjónustuborðið í vöruhúsinu kl. 10:00

Dreifingu happdrættismiða verður hætt kl. 7:50




## Laugardaginn 05. maí í BAUHAUS Reykjavík

| | |
|---|---|
| **Kl. 7:00-8:00** | Felix Bergsson stjórnar hátíðinni. |
| **Kl. 7:00-8:00** | Morgunkaffi og rúnstykki. |
| **Kl. 7:00-7:50** | Happdrættismiðum dreift á bílastæðinu. |
| **Kl. 7:50** | 10 gjafakort, hvert að verðmæti 100.000 kr, dregið út á sviðinu á bílaplaninu. |
| **Kl. 8:00** | Framkvæmdastjórinn Halldór Ó. Sigurðsson opnar formlega nýja verslun BAUHAUS í Reykjavík. |
| **Kl. 10:00** | 10 gjafakort, hvert að verðmæti. 50.000 kr, dregið út við Þjónustuborðið. |
| **Kl. 19:00-21:00** | 3 gjafakort, hvert að verðmæti 50.000 kr, dregið út við Þjónustuborðið - með klukkutíma millibili. |

Kids club®

**KRAKKAKLÚBBS MAURINN VERÐUR Á SVÆÐINU ALLAN DAGINN**






# Svona er búið á Bessastöðum

Forsetaembættinu fylgir heimili á fjörutíu hektara jörð á Álftanesi, starfsfólk og kúvending á lifnaðarháttum. *Stígur Helgason og Þorgils Jónsson* kynntu sér lífið á **Bessastöðum** og glöggvuðu sig meðal annars á þeim skyldum og hlunnindum sem fylgja hlutverki bónda samhliða forsetastarfinu.




Um þessar mundir takast átta manns með gerólíkan bakgrunn á um lyklavöldin að Bessastöðum, heimili og starfsstöð forseta Íslands.

Eðli málsins samkvæmt hefur starf og hlutverk forsetans verið fyrirferðarmikið í umræðunni um embættið og komandi forsetakosningar, en til þess er einnig að líta að forsetatitlinum fylgja miklar breytingar á lifnaðarháttum. Fréttablaðið kynnti sér því aðstæður á óðalsbýlinu Bessastöðum og hvernig líf forsetans gengur fyrir sig, utan skrifstofutíma.

### Einkalífið utan sviðsljóssins

Áður fyrr bjó forsetinn á efri hæð Bessastaðastofu, húsinu sem í huga flestra er táknmynd Bessastaða. Þar bjó Vigdís Finnbogadóttir til dæmis fyrstu árin á forsetastóli, en hún þurfti hins vegar að flytja af staðnum um miðjan níunda áratuginn þegar ráðist var í miklar endurbætur á Bessastöðum öllum.

Íbúðarhús fyrir forsetann og fjölskyldu var reist á grunni gamals ráðsmannshúss árin 1994 til 1995. Þar bjó Vigdís aldrei, og því var Ólafur Ragnar Grímsson fyrsti forsetinn sem hélt þar heimili eftir að hann tók við árið 1996.

Á Íslandi hefur venjan verið sú að forseti haldi einkalífi sínu að mestu utan sviðsljóssins. Til marks um það er að varla þekkjast dæmi þess að fjölmiðlum hafi verið hleypt inn á heimili forsetans og almenningur hefur að mestu leyti þurft að geta sér til um það hvernig heimilishaldið á Bessastöðum og hið daglega amstur forsetans gengur fyrir sig.

### Jafnmargir starfsmenn í 30 ár

Á Bessastöðum eru fjórir starfsmenn, utan forsetans sjálfs. Fyrstan ber að nefna ráðsmanninn Ingimar Ingimarsson, lærðan matreiðslumeistara sem sér um allar heimilisannir, meðal annars um að kokka veislumáltíðir ofan í gesti forsetans, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir, koma einir eða í stórum hópum. Þá bakar hann jafnframt kransakökubitana sem gjarnan er boðið upp á í stærri móttökum.

Bílstjóri embættisins hefur starfsstöð á Bessastöðum, enda er annast þar um bílana í gamla fjósinu, sem nú gegnir fyrst og síðast hlutverki bílageymslu.

Það er ekki bara forsetinn og fjölskylda hans sem býr að Bessastöðum, heldur hefur umsjónarmaður fasteigna embættisins, öðru nafni húsvörður, líka aðsetur á staðnum. Á staðnum eru miklar húseignir sem þarf að sinna, þeirra á meðal ævaforn en tiltölulega nýuppgerð Bessastaðakirkjan. Umsjónarmaðurinn var, þar til fyrir nokkrum misserum, starfsmaður forsætisráðuneytisins en fluttist til forsetaembættisins við fráfall þess sem gegnt hafði stöðunni um árabil.

Fjórði starfsmaðurinn á Bessastöðum hefur titilinn almennur starfsmaður, samkvæmt upplýsingum frá embættinu.

Fjórir til viðbótar starfa hjá embættinu, allir á skrifstofunni við Sóleyjargötu. Þetta eru forsetaritarinn Örnólfur Thorsson, skrifstofustjórinn Árni Sigurjónsson og tveir deildarstjórar.

Í svari frá Örnólfi Thorssyni segir að starfsmannafjöldi embættisins hafi haldist óbreyttur undanfarin þrjátíu ár þrátt fyrir verulega aukin umsvif embættisins. Ætla megi að leitun sé að annarri opinberri stofnun eða embætti sem þetta eigi við um.

Og starfsmennirnir eru raunar miklum mun færri nú til dags heldur en var áður en hefðbundinn búskapur lagðist af á Bessastöðum árið 1968. Í tíð fyrsta forsetans, Sveins Björnssonar, var til dæmis allt krökkt í vinnufólki, enda útheimtu bústörfin í þá tíð talsverðan mannafla.

### Svarti flotinn

Forseti þarf auðvitað að komast ferða sinna hnökralaust eins og aðrir – og jafnvel mun frekar en aðrir. Þegar hann er í opinberum erindagjörðum hér innanlands er honum ekið um borg og bý í einhverjum forsetabílanna. Þeir sem einkum eru brúkaðir til þess eru fimm ára gamall Lexus-fólksbíll og Land Cruiser-jeppi, árgerð 2006, báðir auðvitað biksvartir eins og tíðkast með forsetabíla.

Þá á embættið 22 ára Cadillac sem er einkum notaður sem varabíll og til að aka erlendum sendiherrum og gestum, segir í svari frá embættinu. Starfsfólk embættisins hefur einnig Toyota Corolla-þjónustubifreið til umráða. Enn fremur hefur forsetinn við hátíðleg tilefni setið í glæsilegum, sjötíu ára gömlum Packard-bíl í eigu embættisins.

Þess utan eiga núverandi forsetahjón sinn einkabíl sem þau nota umtalsvert í sínum einkaerindum.

Forsetabílstjórinn lýtur að mestu sömu reglum og lögmálum og bílstjórar ráðherra ríkisstjórnarinnar. Hann ekur forsetanum í embættiserindum en hefðir og venjur, frekar en fastmótaðar og skráðar reglur, ráða því hvenær bílstjórans og bílsins sjálfs nýtur við utan hinna hefðbundnu starfsskyldna- og verka. Enda getur verið erfitt, jafnt fyrir þá sem horfa að utan og einnig þá sem beinlínis gegna starfinu, að

FRAMHALD Á SÍÐU 30

## ÆÐARBÚSKAPUR SKILAR FORSETANUM RÚMRI MILLJÓN Á GÓÐU ÁRI

Forsetinn er ekki bara forseti, heldur er hann líka bóndi á jörðinni Bessastöðum, sem spannar rúma fjörutíu hektara. Honum ber því að hirða um jörðina, láta slá túnin og sinna æðarbúskap. Á Bessastöðum var stundaður hefðbundinn búskapur til ársins 1968.

Forsetaembættið hefur um nokkra hríð haft samkomulag við hestamenn á Álftanesi um að þeir beri á túnin áburð sem embættið leggur þeim til og fái í staðinn að beita hestum sínum á þau.



Æðarvarpið á staðnum er talið til hlunninda forseta og af því geta verið nokkrar tekjur, sem renna beint til þess sem gegnir forsetaembættinu hverju sinni. Í svari frá Örnólfi Thorssyni forsetaritara segir að í gegnum tíðina hafi ýmsir annast æðarvarpið og hreinsað dúninn. Þeir fá greitt af andvirði dúnsins, sem sé misjafnt eftir árum og ráðist af árferði, fjölda hreiðra og markaðsaðstæðum.

„Sum ár hefur forseti engar tekjur af varpinu þegar sala á dúni er lítil sem engin, önnur ár hafa tekjur forseta verið um eða rúmlega ein milljón króna,“ segir í svarinu.

# Neutral®

**ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI**

Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral

Dönsku astma- og ofnæmissamtökin




**STÓRÞVOTTUR FRAMUNDAN?**

Ekkert jafnast á við Neutral Storvask til að komast til botns í þvottakörfunni. Hentar fyrir þvott af öllu tagi.




**HAFÐU ÞAÐ FÍNT**

Silkihönskum, ullarteppum og dúnúlpum hæfir 30 til 40 gráðu þvottur í höndum eða vél með Neutral Uld- og finvask.




**NÚ ER ÞAÐ SVART**

Neutral Sort vask varðveitir svartan glæsileikann svo hann tapi ekki lit sínum. Upplitað er bara ekki í tísku þessa dagana.



*Létt er að flokka litríka sokka.*

*Fyrir alla muni, ekki láta þennan lenda í hvíta þvottinum.*

**NÚ ER ÞAÐ HVÍTT**

Ensímin í Neutral Hvid vask losa þig við erfiða bletti og óhreinindi. Það skilar sér í björtum og hvítum þvotti. Fljótandi Neutral leysist vel upp og hentar því líka vel í handþvottinn.




**HALTU LÍFI Í LITUNUM**

Settu svolítið af Neutral Color í hólfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.



FRAMHALD AF SÍÐU 28

greina skýrt hvar embættislífinu lýkur og einkalífið tekur við.

**Elda að mestu sjálf**

Það virðist þó ljóst að sjálft heimili forsetans og fjölskyldu hans er ríki einkalífsins.

Íbúðarhús forsetans á Bessastöðum er nokkurn veginn eins og hvert annað heimili. Stórt heimili reyndar, enda er húsið tæpir 450 fermetrar, en það er nú varla við öðru að búast af forsetabústað.

Fréttablaðið grennslaðist fyrir um það hjá embættinu hvernig væri almennt farið með máltíðir forseta og fjölskyldu hans – hvort þær væru jafnan útbúnar af ráðsmanninum á Bessastöðum eða heimalagaðar af forsetahjónunum sjálfum. Svar forsetaritarans var stutt og laggott: „Það fer eftir dagskrá forseta, önnum og öðrum viðburðum. Mikill meirihluti máltíða er forsetahjónanna sjálfra."

Aðföng á Bessastöðum og heimili forsetans eru greidd af fyrirfram ákveðinni risnu, sem hefur verið í kringum sex milljónir á ári á þessu kjörtímabili, og ráðsmaðurinn sér að mestu um þau innkaup. Risnan dekkar æði margt í útgjöldum embættisins, til að mynda öll veisluhöld. Árlega koma á áttunda þúsund gestir á Bessastaði til funda eða viðræðna, í móttökur vegna ráðstefna, þinga, verðlaunaafhendinga eða annarra atburða, í hádegisverð eða kvöldverð og auk þess um hundrað þúsund ferðamenn í skoðunarferðir.

Öllum þessum fjölda þarf að bjóða upp á ýmist kaffi, kökur, snittur, gosdrykki, léttvín eða málsverði. Þá hefur embættið undanfarin ár að jafnaði varið um einni milljón króna á veitingastöðum, sem forsetinn heimsækir einkum með erlendum gestum sínum.

Í júnílok ræðst hver mun halda heimili á Bessastöðum næstu fjögur árin; sitjandi forseti sem hefur búið þar undanfarin sextán ár, eða einhver áskorenda hans. Fari svo að honum verði velt úr sessi blasir við að það verða mikil viðbrigði, bæði fyrir hann og eftirrennarann.

## HVER MUN BÚA Á BESSASTÖÐUM?

Ólafur Ragnar Grímsson hefur búið á Bessastöðum frá því að hann tók við embætti forseta árið 1996. Hann gefur áfram kost á sér, en sjö aðrir frambjóðendur hafa þegar lýst yfir framboði fyrir kosningarnar sem munu fara fram í lok júní. Einhver þeirra mun því hugsanlega fá að kynnast hinu daglega lífi og starfi á Bessastöðum.


Andrea Ólafsdóttir


Ari Trausti Guðmundsson


Ástþór Magnússon


Hannes Bjarnason


Herdís Þorgeirsdóttir


Jón Lárusson


Ólafur Ragnar Grímsson


Þóra Arnórsdóttir

## FORSETI OG FRÍSTUNDIRNAR


**STUND MILLI STRÍÐA** Kristján Eldjárn og Halldóra Ingólfsdóttir kona hans sjást hér njóta lífsins í sumarblíðu við sumarbústað í Munaðarnesi. MYND/GVA

# Vann við rannsóknir og skrif í tómstundum

**Kristján Eldjárn í viðtali við Frjálsa verslun árið 1974**

Í viðtali við Frjálsa verslun árið 1974 var Kristján Eldjárn forseti, sem þá bjó að Bessastöðum með fjölskyldu sinni, meðal annars spurður út í hið daglega líf í forsetabústaðnum. Eftirfarandi brot úr viðtalinu er birt með leyfi útgefanda Frjálsrar verslunar.

*Það eru einkum hinar opinberu embættisathafnir forsetans, sem almenningur í landinu fylgist með. En hvernig er daglegum störfum yðar háttað á milli þeirra?*

„Það er ekki nema eðlilegt að almenningur í landinu fylgist heldur lítið með daglegum störfum forsetans eða lífi hans innan veggja heimilisins. Dagleg störf mín eru þau að ég er venjulega kominn inn í bæ og á skrifstofuna um kl. 9.30 og er þar þangað til um það bil 12.15. Á þessum tíma koma þeir menn til viðtals, sem um það hafa beðið, enn fremur er ég þá með starfsfólki mínu að undirbúa það sem fyrir liggur í sambandi við risnu og yfirleitt móttöku gesta, enn fremur afgreiða bréf og ýmis mál, sem að höndum ber. Ég fer aftur á skrifstofuna eftir hádegi, ef þess er þörf vegna einhverra sérstakra anna, en oftast held ég kyrru fyrir á Bessastöðum og við hjón erum þá að þoka áleiðis einhverju, sem fyrir liggur, eða ég er að skrifa sitt af hverju, sem embættið hefur í för með sér. En hvenær sem næði er til vinn ég; við rannsóknir mínar og skrif í sambandi við þær, eins og ég hef ætíð gert, en þetta kemur embættinu ekki við, heldur varðar aðeins notkun tómstunda, sem forseti á að eiga eins og aðrir. Nýi forsetinn í Ísrael var prófessor og er sagður hafa rannsóknarstofu í forsetahöllinni. Ég get sagt það hér, af því að margir spyrja um það, að ég tel mig hafa komið þó nokkrum fræðistörfum í verk síðan ég kom á Bessastaði. Raunverulegt frí höfum við hjón hins vegar ekki tekið í háa herrans tíð, og liggja til þess ýmsar ástæður."

*Hversu fjölmennt er starfslið forsetaembættisins og hvernig er rekstri Bessastaða háttað?*

„[...] Á Bessastöðum er ráðsmaður, sem er um leið bifreiðarstjóri forseta. Hann annast allar útréttingar fyrir staðinn. Þá er ráðskona og ein stofustúlka.

Það nægir daglega og við smærri gestamóttökur, en þegar stórar móttökur eru eða veizlur, sem oft ber við, er fengin aukahjálp. Aðeins örsjaldan eru veitingamenn fengnir til að standa fyrir veitingum við móttöku gesta. Forseti hefur umráð yfir jörð og húsum á Bessastöðum, en búskapur er þar enginn nú, ríkisbúskapurinn var lagður niður vorið 1968. Í svip virðist mér ekki líklegt að hann verði tekinn upp aftur, þótt ég viti vel að mörgum finnst að honum sjónarsviptir. En þar er á margt að líta, sem ókunnugir munu varla átta sig á í fljótu bragði."

## BERNSKUMINNINGAR FRÁ BESSASTÖÐUM

# Einstaklega góður tími

**Ingólfur Árni Eldjárn ólst upp á Bessastöðum**

Ingólfur Árni Eldjárn er yngstur fjögurra barna Kristjáns Eldjárns og Halldóru Ingólfsdóttur. Hann var á áttunda ári þegar faðir hans var kjörinn forseti Íslands. Ingólfur og systkini hans voru þannig líklega fyrstu börn forseta sem bjuggu á Bessastöðum.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Ingólfur að árin á Bessastöðum hafi verið afar góður tími.

„Ég var að verða átta ára þegar faðir minn var kjörinn og við fluttum suður á Bessastaði. Við bjuggum áður í Þjóðminjasafninu, í íbúð á jarðhæðinni, þannig að segja má að við höfum flutt þarna úr frekar óeðlilegum aðstæðum yfir í aðrar," segir hann hlæjandi, en faðir hans var þjóðminjavörður þegar hann var kjörinn.

„Það var mjög spennandi að flytjast suður á Bessastaði. Þarna var nóg pláss til allra þeirra verka sem átta ára gamlir menn þurfa að sinna. Það bjuggu ekki margir á Álftanesi, en ég gekk í barnaskólann á Álftanesi og kynntist þá strax svo til öllum krökkunum á mínum aldri."

Ingólfur segist ekki hafa fundist sem honum væri tekið öðruvísi á Álftanesi, vegna þess hver faðir hans var.

„Ég upplifði það ekki þannig. Fólk bar mikla virðingu fyrir embættinu og fjölskyldunni og við börnin vorum aldrei neitt með í opinberum athöfnum foreldra okkar. Það var alveg aðskilið."

Að loknum barnaskóla gekk Ingólfur í Hagaskóla og síðar í Menntaskólann í Reykjavík. Hann segist hafa verið viðkvæmari fyrir stöðu sinni á þeim árum, þó að hann hafi ekki fundið fyrir auknum kröfum til sín hennar vegna.

„Utan Álftaness beindist stundum athygli að manni og ég kunni ekkert sérstaklega vel við það. Þegar maður er á þessum aldri þolir maður ekki hvað sem er, og ég var ekki að veifa því sérstaklega hverra manna ég var. Ef ég kvartaði undan þessu sagði pabbi alltaf að forsetaembættið væri bara vinna sem hann væri að sinna og ætti ekki að hafa áhrif á mig."

Hvað varðar daglegt líf fjölskyldunnar á Bessastöðum segir Ingólfur að foreldrar hans hefðu lagt áherslu á að halda heimilinu aðskildu frá skyldustörfum embættisins.

„Pabbi fór á skrifstofuna á morgnana og kom aftur um hádegið. Mamma var heimavinnandi og seinni partinn sinntu þau gjarna móttökum og öðru sem upp á þau stóð."

Auk fjölskyldunnar bjuggu á Bessastöðum bílstjóri sem einnig gegndi störfum ráðsmanns og sá um viðhald á húsunum og jörðinni og svo ráðskonan Sigrún Pétursdóttir.

„Mamma og pabbi lögðu á það áherslu að eiga sitt eigið heimili á Bessastöðum. Fyrri forsetar höfðu notað allt húsið sem sitt heimili og þau húsgögn sem fylgdu með, en mamma og pabbi fluttu með sín eigin húsgögn og innbú og við vorum með það á efri hæðinni þar sem var okkar heimili með venjulegar mublur eins og hjá öðru fólki."

Þegar Ingólfur lítur til baka á árin á Bessastöðum segir hann þau hafa verið góð.

„Já, þetta var einstaklega góður tími, sérstaklega þegar ég var barn því að þarna á nesinu var svo skemmtilegt umhverfi, fjaran og æðarvarpið. Þarna bjuggum við í alvöru sveit og það var heilmikil upplifun og mér finnst það standa upp úr."


**ÆSKAN Á ÁLFTANESI** Ingólfur Árni Eldjárn fluttist átta ára gamall á Bessastaði með foreldrum sínum. Þar segist hann hafa átt afar ánægjulega bernsku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI











# Kjörvari á við

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Íslensk framleiðsla

## Kjörvari er íslensk framleiðsla fyrir íslenskar aðstæður.

**Yfir 80% málarameistara velja vörur frá Málningu hf.**
**Hvaða viðarvörn notar þú?**

málning
- það segir sig sjálft -

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík • Málningarbúðin Ísafirði

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 59615 05/12



**ÁHÆTTA** Jón Viðar, formaður Mjölnis, var kominn á fremsta hlunn með að skrá sig í áhættuleikaraskóla í Ástralíu fyrir nokkrum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FRÆNDUR** Jón Viðar með Ingvari Sigurðssyni, móðurbróður sínum, við tökur á kvikmyndinni Borgríki. Fyrsta starfið við útfærslu slagsmálaatriðis fékk Jón Viðar einmitt í gegnum Ingvar í Mýrinni frá 2006. MYND/PÉTUR GEIR ÓSKARSSON



**KLÍKUSTRÍÐ** Í þessu atriði vann Jón Viðar með Ólafi Jóhannessyni, leikstjóra Borgríkis, og félagum úr Mjölni. Útfærsla slagsmálaatriða krefst mikillar nákvæmni og strangra æfinga. MYND/PÉTUR GEIR ÓSKARSSON

# Metnaðurinn alltaf að aukast

**Jón Viðar Arnþórsson,** formaður bardagaklúbbsins Mjölnis, hefur síðustu árin unnið talsvert við útfærslu hasar- og slagsmálaatriða í íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsefni. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hann um mikilvægi raunsæis í þeim efnum.

Það er greinilegt að metnaður leikstjóra og annars íslensks kvikmyndagerðarfólks fyrir slagsmála- og hasaratriðum er að aukast mikið. Núna er mikill áhugi á því að vinna þau vel og gera raunveruleg," segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður bardagaklúbbsins Mjölnis, sem hefur síðustu ár unnið talsvert við útfærslu slagsmála- og annarra áhættuatriða í íslenskum kvikmyndum og öðru efni. „Hugsanlega voru leikstjórar hræddir við að ráðast í svona senur fyrir einhverjum árum vegna kunnáttuleysis, en nú er völ á mjög góðri aðstoð í þessum málum. Áhuginn á bardagaíþróttum hefur líka aukist mjög mikið hér á landi á síðustu árum og í dag er gríðarlegur fjöldi fólks sem æfir þær."

## Hófst með Ingvari í Mýrinni

*Hvernig kom það til að þú fórst að starfa við útfærslu slagsmála- og hasaratriða í kvikmyndum og öðru íslensku efni?*

„Það var í gegnum Ingvar Sigurðsson, leikara og móðurbróður minn, sem ég rataði óvart inn í þetta starf. Ég leit gríðarlega mikið upp til Ingvars, fór oft með honum á leiklistaræfingar og fékk að elta hann og fylgjast með honum þegar ég var yngri. Við æfðum líka karate saman í gamla daga. Ég hafði verið að æfa bardagaíþróttir í mörg ár og var nýbyrjaður í löggunni þegar Ingvar lék í kvikmyndinni Mýrinni árið 2006. Hann bað mig um aðstoð við nokkur atriði, ég mætti á tökustað og það endaði þannig að ég var hreinlega beðinn um að leikstýra öllum hasarnum sem átti sér stað í yfirheyrsluherberginu, þar sem hrottinn sem Theodór Júlíusson lék fór hamförum. Svo tóku verkefnin við eitt af öðru. Ég sá um útfærslu á öllum slagsmálaatriðunum í Borgríki, nokkrum atriðum í Svörtum á leik og þessa dagana er ég að vinna við tökur á myndinni Falskur fugl. Auk þess hef ég meðal annars séð um auglýsingu fyrir Kaupþing, tónlistarmyndband fyrir hljómsveitina Diktu, sem hefur ekki enn verið sýnt, og nokkur atriði í sjónvarpsþáttunum Hlemmavídeó."

## Mikil nákvæmi

*Hvernig lýsir þetta starf sér?*

„Stundum eru leikstjórarnir búnir að ákveða fyrir fram nokkurn veginn hvernig atriðin eiga að vera, en oftast eru mér gefnar algjörlega frjálsar hendur með útfærslurnar og fæ í raun að semja hasarinn frá upphafi til enda. Þegar þeirri vinnu er lokið fer ég yfirleitt með leikarana niður í Mjölni, því þar eru dýnur og góð aðstaða til æfinga. Svo æfum við atriðin aftur og aftur, skiptumst á hugmyndum og æfum svo atriðin aftur á tökustað. Svo hefjast upptökur, sem geta líka tekið langan tíma því nákvæmnin þarf að vera svo mikil og ekkert má út af bregða. Eitt slagsmálaatriði í myndinni Borgríki var til dæmis um tuttugu sekúndur á tjaldinu en tók rúmlega átta klukkutíma að taka upp, fyrir utan allar æfingarnar. Lykillinn er að gera atriðin eins raunveruleg og hægt er. Áhorfendur finna mun meira til með persónunum ef atriðin eru raunveruleg en þegar þeir sjá einhver tíu mínútna löng kung fu-atriði þar sem enginn meiðist."

*Lestu handritið að myndunum áður en þú útfærir hasarsenurnar?*

„Ég renni yfir handritin og einbeiti mér sérstaklega að þeim atriðum sem ég vinn við. Undantekningin var Borgríki, þar sem ég og fleiri lögreglumenn unnum náið með leikstjóranum Ólafi Jóhannessyni að handritinu því hann vildi hafa lögguatriðin eins raunveruleg og hægt var. Því var svo fylgt eftir á tökustað. Leikararnir í myndinni ræddu líka heillengi við lögreglumenn, meðal annarra þá sem starfa hjá Fíknó, og þannig varð handritið mjög nákvæmt."

## Eyddi öllum aurunum í slagsmálamyndir

*Hverslags kunnáttu er krafist af þeim sem sjá um útfærslu hasaratriða?*

„Þetta er sérkunnátta og sjálfur hef ég hrærst í þessum bardagaheimi síðustu sextán árin. Bæði hef ég æft þessar íþróttir og svo horfði ég ótrúlega mikið á slagsmálakvikmyndir, sérstaklega kung fu-myndir, þegar ég var unglingur. Ég skrópaði oft í skólanum til að glápa á þessar myndir og eyddi öllum mínum aurum í að kaupa þær á spólum. Ég lá í Bruce Lee, sem var mikil hetja í mínum augum, horfði á myndirnar hans aftur og aftur og líka heimildarþætti og las bækur um hann. Bruce Lee færði slagsmálaatriði upp á æðra plan. Það sem heillaði mig fyrst og fremst við asískar hasarmyndir, frekar en Hollywood-myndir, var að í þessum asísku var minna verið að klippa atriðin. Þannig urðu senurnar miklu djarfari. Í Hollywood eru þessi atriði oftast klippt í ræmur, mikið er notast við nærmyndir og því auðveld að falsa ýmislegt, en það að skjóta lengra frá og klippa lítið krefst margfalt meiri kunnáttu. Þetta fannst mér spennandi þegar ég var yngri, en í dag hef ég fyrst og fremst áhuga á að gera atriðin raunveruleg. Mér finnst leiðinlegt að sjá þegar svona atriði eru ótrúverðug. Til dæmis er mjög algengt að hetjurnar eru svo rosalegar að þær þola endalaus högg og rísa alltaf upp. Slíkt gefur skakka mynd af raunveruleikanum og getur haft áhrif á þá sem vita ekki betur. Sem betur fer gera flestir sér grein fyrir muninum á bíó og raunveruleikanum, en af ofbeldinu í miðbæ Reykjavíkur að dæma er ljóst að sumir gera sér ekki grein fyrir því hvaða afleiðingar ítrekuð högg í andlit geta haft."

> ❞
>
> Áhorfendur finna mun meira til með persónunum ef atriðin eru raunveruleg en þegar þeir sjá einhver tíu mínútna löng kung fu-atriði þar sem enginn meiðist.

## Næstum farinn í áhættuleikaraskóla

*Langaði þig aldrei að gerast áhættuleikari að aðalstarfi?*

„Jú og það stóð til á tímabili. Eftir að við unnum að Mýrinni skoðaði ég marga áhættuleikaraskóla. Ingvar móðurbróðir minn hjálpaði mér og við duttum niður á skóla í Ástralíu sem ég var kominn á fremsta hlunn með að fara í. Þá hafði ég lesið mér heilmikið til um þessi fræði öll og var kominn með tilfinningu fyrir þeim. Það hefði verið gaman, en hlutirnir æxluðust þannig að ég ákvað að hefja störf hjá lögreglunni í staðinn. Svo hætti ég í löggunni síðasta sumar til að einbeita mér að Mjölni, enda hefur starfsemi klúbbsins stækkað margfalt á stuttum tíma. Frá 2005, þegar Mjölnir hóf göngu sína, hef ég verið mikið í því að gera kynningarmyndbönd fyrir klúbbinn, sem ég hef hef mjög gaman af. Ég hef fengið lánaðar myndavélar og er með góð tölvuforrit til að klippa myndböndin. Þau eru orðin á bilinu 70 til 80 talsins og hafa vakið athygli, enda eru þessi myndbönd mikilvægur liður í því að kynna starfsemi klúbbsins fyrir umheiminum."




## CAPTIVA er 7 sæta og hlaðinn staðalbúnaði, sjá benni.is

Chevrolet Captiva er áberandi glæsilegur og ekkert sem stöðvar vinsældir hans hjá Íslendingum. Það er heldur engin tilviljun að Captiva var einn söluhæsti sportjeppi síðasta árs. Fólk veit nefnilega að Captiva er hlaðinn staðalbúnaði og býr yfir afburða togkrafti. **Hann er líka þrælfallegur og á frábæru verði.**

EURO NCAP – FOR SAFER CARS – www.euroncap.com – TEST 2011

Bílabúð Benna – Sérfræðingar í bílum

Bíll á mynd: Captiva LTZ.

**Komdu og reynsluaktu Chevrolet í dag - Opið í dag frá kl. 12-16.**



SPARK AVEO CRUZE ORLANDO CAPTIVA CAMARO

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • benni.is

# LÆKJARTORG KEMST Á FLUG Á 75 ÁRA AFMÆLI ICELANDAIR




## Icelandair opnar kaffihús á Lækjartorgi

Icelandair er 75 ára í ár og í tilefni af því höfum við opnað sérstakt Icelandair kaffihús við Lækjartorg í hjarta Reykjavíkur. Þar getur þú fengið þér kaffisopa og farið í smá ferðalag með okkur um sögu Icelandair sem er auðvitað samtvinnuð sögu þjóðarinnar síðustu 75 árin. Við hlökkum til að sjá þig þegar við opnum í dag.

## Opnunardagskrá kl. 14:00–17:00

- Skoppa og Skrítla verða á staðnum (15:00–16:00)
- Ókeypis ís og blöðrur fyrir börnin
- Hoppukastali
- Sirkus (14:00–15:00, 16:00–17:00)
- Andlitsmálun




TE & KAFFI

ICELANDAIR



**AÐRIR TÍMAR, SÖMU VANDAMÁLIN** Óttar Guðmundsson geðlæknir segir persónur Íslandssagna í grunninn glíma við sömu vandamál og nútímafólk gerir, ekki síst þegar kemur að ástarmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvar væru fornhetjurnar í dag?

Gísli Súrsson var siðblindur, Hallgerður langbrók haldin hambrigðapersónuröskun og Gunnar á Hlíðarenda þjáðist af kvíða. Þetta segir **Óttar Guðmundsson** geðlæknir, sem greinir söguhetjur Íslendingasagnanna eftir geðlæknisfræðum nútímans í bókinni Hetjur og hugarvíl. Óttar og ***Halldór Baldursson*** teiknari bregða upp mynd af hetjunum eins og þær kynnu að vera á okkar tímum.

Það er athyglisvert að allar þessar persónur gætu allt eins verið í hópi sjúklinga minna í dag. Vandamálin eru þau sömu. Fólk er hégómlegt, öfundsjúkt og ferkantað í umgengni við aðra nú eins og áður. Þetta á kannski sérstaklega við um hjónaböndin. Það er mikið fjallað um hjónabönd og samskipti hjóna í Íslendingasögunum sem eru nákvæmlega eins og hjónabönd nútímans. Fólk er alltaf að fást við sömu vandamálin. Deilurnar í Njálu gætu allt eins verið hluti af nútímanum, þótt fólk noti önnur vopn til að berja á hvert öðru. Nú beita menn bloggi og Facebook-færslum í stað sverða og spjóta en hugarfarið og heiftin er söm við sig,“ segir Óttar Guðmundsson geðlæknir, sem í nýútkominni bók sinni, Hetjur og hugarvíl, fjallar um geðsjúkdóma og persónuleikaraskanir í Íslendingasögum. Hann veltir fyrir sér helstu hetjum sagnanna og virðir þær fyrir sér með augum geðlæknis. „Ég velti því líka fyrir mér hver hefðu orðið afdrif margra þessara kappa á okkar tímum. Hvernig hefði mönnum með þessi persónuleikaeinkenni vegnað í nútímasamfélagi? En auðvitað er þetta allt saman til gamans gert og engin ástæða til að taka þessu alvarlegar en efni standa til.“

FRAMHALD Á SÍÐU 38

## GRETTIR SITUR AÐ SUMBLI Á MÓNAKÓ

„Það er gaman að velta fyrir sér gönguferð niður Laugaveg þar sem hetjur sagnanna væru allar á ferðalagi,“ segir Óttar og bregður upp eftirfarandi mynd:

„Egill væri á leið í Bókabúð Braga Kristjónssonar á mótum Klapparstígs og Hverfisgötu, létt drukkinn með miklum slætti og látum. Grettir sæti inni á Mónakó að drekka út örorkuna með öðrum ógæfumönnum. Hallgerður væri á leið niður á Alþingi klædd í fagurbláa dragt. Gunnar væri á leið á hárgreiðslustofu á Laugaveginum til að láta greiða sér og bera gel í hárið fyrir ævintýri næturinnar. Guðrún væri fyrir utan Biskupsstofu á Laugaveginum að spjalla við gamlan vin sinn og sveitunga Kjartan Ólafsson. Kjartan væri með íþróttatösku í hendi á leiðinni á æfingu hjá KR og síðan í ljós. Hann væri nýbúinn að missa þjálfarastöðu hjá einhverju íþróttafélagi vegna lélegrar mætingar. Njáll væri á leið niður í Hæstarétt íbygginn á svip í gráum frakka. Þormóður væri á öðru glasi þennan daginn á leið niður í Bókabúð Máls og menningar til að lesa upp úr nýrri ljóðabók og hitta ungan kvenkyns háskólanema í bókmenntum sem hann væri spenntur fyrir. Þorgeir væri að drekka með Gretti inni á Mónakó og undirbúa nóttina. Þeir væru búnir að taka að sér að innheimta gamla skuld hjá bílasala fyrir mann á næsta borði. Gísli Súrsson væri vinnuklæddur á leiðinni niður í Borgardóm við Lækjartorg út af málaferlum vegna vinnusvika.“

## HALLGERÐUR LANGBRÓK



Hallgerður er með hambrigðapersónuröskun (borderline personality disorder). Hún er sveiflótt í lund og skapi og lætur engan eiga neitt hjá sér. Hún hefði snúið sér út í pólitík og haslað sér völl á Alþingi. Karlamál hennar hefðu alltaf verið skrautleg enda ekki á allra færi að búa með þessari sterku konu.

## NJÁLL Á BERGÞÓRSHVOLI



Njáll er mikill lagaspekingur og stjórnmálamaður. Hann hefði náð langt í nútímasamfélagi. Hann hefði orðið forseti Hæstaréttar, lagaprófessor og álitsgjafi í fjölmiðlum um allt og ekki neitt. Hann hefði alla tíð barist við þrálátan orðróm um óeðlileg samskipti við unga og fallega lærisveina í lagadeild.

## GUÐRÚN ÓSVÍFURSDÓTTIR



Guðrún er ein merkilegasta og sterkasta persónan í Íslendingasögum, fluggreind og ákaflega skemmtileg. Hún hefði sennilega endað í nútímanum sem biskup enda var hún trúuð, sérstaklega í ellinni. Mannkostir hennar hefðu fleytt henni langt á öllum tímum en karlamálin hefðu vafist fyrir henni enda fáir menn sem hefðu verið henni samboðnir.

## KJARTAN ÓLAFSSON



Kjartan er mikil hetja í sögunum en hann þjáist af ákvarðanafælni og kvíða. Kjartan hefði átt erfitt í nútímasamfélagi. Hann hefði verið mikill íþróttamaður en alltaf brugðist bogalistin á ögurstundu. Hann er íþróttamaðurinn sem fer glaðbeittur á stórmótin undir blaktandi fána fullur af fögrum fyrirheitum en mistekst alltaf þegar á hólminn er komið.

# TAX-FREE

## TAX-FREE DAGAR Í RÚMGOTT Í MAÍ

# Tax-Free afsláttur af öllum vörum í versluninni RúmGott í maí.



## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

**50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AUKAHLUTUM MEÐ RÚMUM**

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

FRAMHALD AF SÍÐU 36




## GUNNAR Á HLÍÐARENDA

Gunnar er fullur af kvíða og óöryggi í Njálu. Hann veit ekkert í hvora löppina hann á að stíga og tekur oft kolrangar ákvarðanir. Í nútímanum hefði Gunnar verið sjálfmiðaður, óöruggur „metromaður“ sem veit ekki hvort hann er gay eða ekki eða hvað hann á að taka sér fyrir hendur. Hann hefði notið góðs af fornri frægð sinni í íþróttum og stundað vafasöm viðskipti með bíla og fasteignir.



## GÍSLI SÚRSSON

Gísli var laghentur, siðblindur skáldmæltur kappi í sögunum. Hann hefði í nútímanum verið byggingaverktaki sem hefði stöðugt átt í útistöðum við opinber yfirvöld og suma viðskiptavini sína.



## GRETTIR ÁSMUNDSSON

Grettir er ógæfan holdi klædd í Grettissögu vegna ýmissa persónuleikabresta. Hann er bæði siðblindur og auk þess með geðklofalíka persónuleikaröskun. Hann hefði í nútímanum lent í langvinnum útistöðum við lög og rétt, setið í fangelsum og dvalist á geðdeildum. Grettir hefði verið kominn á örorku um þrítugt og stundað smáglæpi og handrukkun til að drýgja tekjurnar.



## EGILL SKALLAGRÍMSSON

Egill er maður mikilla andstæðna. Hann er snillingur orðsins og ágætt skáld en hann hefur margvíslega skavanka á sálinni sem gera honum erfitt fyrir. Hann er drykkfelldur og siðblindur með geðhvarfasýki og vílar ekkert fyrir sér. Auk þess er hann blóðnískur og hégómlegur. Egill hefði getað lent á glæpabrautinni en sennilega hefði hann notið góðs af ágætum gáfum sínum og orðið viðurkennt skáld og jafnvel þegið Nóbelsverðlaunin. Hann hefði sennilega orðið bændahöfðingi og þingmaður en stundað grimma eiginhagsmunagæslu á okkar tímum eins og hann gerir í Egilssögu.






## ÞORMÓÐUR KOLBRÚNARSKÁLD

Þormóður er glaðbeittur og samviskudaufur kvennamaður í Fóstbræðrasögu og eflaust hefði hann leikið sama hlutverk í nútímanum. Þormóður hefði átt margar kærustur og líf hans hefðu verið varðað sambýliskonum, ástkonum, skilnuðum, barnsmeðlögum, afbrýðisemi og alls konar vandamálum tengdum konum. En hann er einn þeirra sem kemur alltaf standandi niður og fer fullur bjartsýni á vit nýrra ævintýra og inn í enn eina sambúðina.



## ÞORGEIR HÁVARSSON

Þorgeir, fóstbróðir Þormóðs, hefði á hinn bóginn lent snemma í útistöðum við lög og rétt og samfélagið og setið inni á mörgum stofnunum vegna einhverra smáglæpa og geðrænna vandamála. Hann hefði snemma farið á örorku vegna stoðkerfisvandamála og þunglyndis en drýgt tekjurnar með því að vinna svart sem dyravörður og handrukkari.



Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, segir nýja þjónustu koma til móts við þarfir viðskiptavina.


Úrvalið í Fríhöfninni á Íslandi er eitt það mesta sem gerist í fríhöfnum almennt.

# Byrjaðu ferðalagið heima með því að panta vörur á netinu

**Nú er hægt að panta vörur úr verslunum Fríhafnarinnar á netinu og spara sér þannig sporin. Vörurnar eru svo sóttar í brottfarar- eða komuverslun.**

Fríhöfnin hefur komið með margar nýjungar á undanförnum mánuðum og vakið mikla athygli. Ein þeirra er í tengslum við heimasíðuna www.dutyfree.is en þar er nú hægt að panta vörur og láta taka þær til, áður en lagt er af stað í ferðalagið.

„Á heimasíðu Fríhafnarinnar velur þú þær vörur sem þú vilt panta og setur í körfu. Starfsfólk okkar tekur saman vörur fyrir þig og þær bíða þín þegar þú mætir í Fríhöfnina," segir Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar.

Það er þrennt sem ferðalangar þurfa að hafa í huga þegar þeir panta vörur á heimasíðunni. Það fyrsta er að panta þarf með minnst sólarhrings fyrirvara. Svo þarf að velja hvort sækja eigi vörurnar í brottfarar- eða komuverslun og að lokum að greitt er fyrir vörurnar þegar þær eru sóttar.

„Hraðinn er svo mikill hérna hjá okkur og því er þetta góð viðbót við þá þjónustu sem Fríhöfnin veitir. Við erum að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar," segir Ásta.

Úrvalið í Fríhöfninni á Íslandi er eitt það mesta sem gerist í fríhöfnum almennt. „Nú hafa viðskiptavinir okkar meiri tíma en áður til að skoða úrvalið hjá okkur heima úr stofunni áður en farið er í ferðalagið og því er auðvelt gera verðsamanburð."

Ásta segir að það sé upplagt að panta leikföngin handa börnunum, sælgætið og jafnvel hinn svokallaða „toll" áður en lagt er af stað heim úr ferðalaginu og sækja pokann í komuversluninni. Það er óneitanlega þægilegt að þurfa ekki að bera gjafir og poka á milli landa, auk þess sem þyngd á töskum og umfang er farið að hafa áhrif á verð fargjalda.

Skoðið heimasíðu Fríhafnarinnar www.dutyfree.is og kynnið ykkur þjónustuna.


Það er upplagt að panta leikföngin handa börnunum, sælgætið og jafnvel hinn svokallaða „toll" áður en lagt er af stað heim úr ferðalaginu.



















# Hvað er í pakkanum?

**Það er spennandi að versla í gósenlandi netsins og eiga í vændum framandi pakka með dýrindis góssi frá útlöndum. En hvað vilja Íslendingar helst úr hillum netverslana? Samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóra standa fimm vörur upp úr á óskalistanum.**

**1. Bækur**
Bækur eru í fyrsta sæti yfir innfluttan netvarning frá útlöndum. Íslendingar elska að dóla sér í bókabúðum á netinu, finna fágæta doðranta, nýjustu metsölubækurnar, óvænta gullmola og framandi freistingar, enda dásamleg upplifun að eiga náðarstund með nýja bók í fanginu og hverfa á vit ævintýranna.

**2. DVD-myndir**
Bíómyndir og hvaðeina myndrænt er næstvinsælast í pökkum Íslendinga sem fara í gegnum Tollinn.

**3. Tónlistargeisladiskar**
Í þriðja sæti er tónlist á geisladiskum enda úrval í netheimum óþrjótandi og endalaust hægt að kafa eftir vandfundnu efni og dýrmætum tónum með fortíðarþrá í bland við allt það heitasta og nýjasta í tónlistarheiminum.

**4. Fatnaður**
Tuskubúðir af öllum sortum eru vinsælar á netinu og skjóta upp kollinum eins og gorkúlur. Því skyldi engan undra að fatakaup freisti mörlandans á netinu og þekkt að íslenskar konur setji draumabrúðarkjól sinn í netkörfu.

**5. Varahlutir og íhlutir í tölvur og síma**
Fimmti vinsælasti innflutningsvarningurinn af netinu eru varahlutir og íhlutir í tölvur og síma, hleðslutæki, rafhlöður og þess háttar. Heimur minnkandi fer og leikur einn að nálgast það sem vantar í tölvubúðum netsins.

# Verslun fyrir lögulegar skvísur

**Curvy.is er netverslun fyrir konur á öllum aldri, allt frá fermingaraldri til sjötugs. „Þetta er verslun fyrir skvísur og skvísur geta verið á öllum aldri.“**

Hólmfríður Guðmundsdóttir, eigandi Curvy.is var búin að ganga með hugmyndina um að opna verslun fyrir stúlkur i stærri stærðum í maganum lengi. Sjálf var hún í vandræðum með að finna á sig föt sem pössuðu hennar vexti og voru um leið klæðileg og samkvæmt nýjustu tísku.

**Tískublogg kveikti hugmyndina**

„Mér fannst það sem var í boði á markaðnum fyrir konur í stærri stærðum frekar miðað að eldri konum og svo var það líka frekar dýrt. Hugmyndin að verslun eins og curvy.is, þar sem boðið er upp á það sem er nýtt og ferskt og á sanngjörnu verði, kviknaði út frá tískubloggi sem ég hef skrifað síðan 2010, www.curvychic.blog.is. Þar var ég að skrifa um tísku og tískustrauma fyrir lögulegar konur og var að gefa góð ráð varðandi klæðaburð og annað. Ég fann strax fyrir miklum áhuga frá lesendum bloggsins og fann fyrir þörf fyrir eitthvað nýtt þannig að ég ákvað að opna búðina. Hún var svo opnuð fyrir ári síðan og hefur vaxið hratt,“ segir Hólmfríður.

**Stækkar í haust**

„Ég er mjög virk í að setja inn nýjar vörur og fæ sendingar vikulega. Síðan er uppfærð mjög reglulega og vörurnar fara hratt því ég tek ekki mikið inn af hverri vörutegund. Það er frekar leiðinlegt þegar margir eru í sömu flíkinni.“

Hólmfríður segir búðina vera að sprengja húsnæðið utan af sér og stefnir á að opna nýja og stærri verslun í haust. „Búðin er opin þrisvar sinnum í viku og þá getur fólk komið og skoðað og mátað. Sumum finnst erfitt að panta í gegnum netið en ég er mjög sveigjanleg þegar kemur að skilum og skiptum ef varan passar ekki. Fólki er líka velkomið að hringja og panta í gegnum símann ef það veigrar sér við að panta á netinu.“

Ef verslað er á Curvy.is er alltaf frítt að fá vörur sendar heim með bréfapósti eða á nærliggjandi pósthús þegar greitt er með millifærslu eða korti. Slóðin á netverslunina er www.curvy.is.



Curvy.is býður upp á mikið úrval af fatnaði fyrir lögulegar konur í stærri stærðum.



Fríða var búin að ganga með hugmyndina um að opna verslun fyrir stúlkur i stærri stærðum í maganum lengi. MYND/VALLI

## TÍSKURÁÐ Í BOÐI CURVY.IS

**Svartur er** klassískur litur. Reynið samt að velja frekar bjarta liti yfir sumartímann, þeir bæði létta lund og gefa frísklegt yfirbragð. Svarti liturinn er ekki endilega það sem grennir, galdurinn liggur í sniðinu.

**Að klæðast** réttri stærð skiptir máli. Í flestum netverslunum er stærðartafla sem hjálpar til við að finna út réttu stærðina. Munið bara að velja ekki alltof stóra stærð því pokaleg og víð föt klæða ekki af okkur. Þá er bara að taka fram málbandið og byrja að mæla!

**V-hálsmál er** frábært að því leyti að það lengir hálsinn og dregur athyglina upp frá magasvæðinu.

**Mynstur blekkja** augað að mörgu leyti. Formin í mynstrinu sjálfu geta búið til kvenlega línu og látið mann virka grennri.

**Snið sem** eru tekin aðeins inn í mittinu geta búið til mitti og ýkt það og henta því flestu vaxtarlagi.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## ÓVENJULEG SÝNING

**Listamaðurinn Hrafnkell Sigurðsson ræðir við gesti á sýningu sinni í Hafnarborg, Hafnarfirði á morgun kl. 15.00. Hrafnkell sýnir ný verk en efniviðinn sækir hann í athafnasvæði Slippsins. Meðal annars eru á sýningunni vinnutuskur sem hann dró upp úr drullunni í Slippnum og saumaði saman.**


NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.
Öll skólastig - Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Kojur bjarga málunum
Margar stærðir og gerðir af kojum og rúmum, litlum og stórum, breiðum og mjóum fyrir barnaherbergið og sumarbústaðinn!





Vefverslun husgogn.is
erum á Facebook
HÚSGAGNAHEIMILIÐ
Sérverslun með kojur og fylgihluti
112 Grafarvogi - Sími: 586 1000 - www.husgogn.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
BESTU BROTIN ÚR ÞÁTTUM FM 957
vísir - oft á dag

SUMARKÁPUR – SUMARJAKKAR
GÆÐI- GLÆSILEIKI OG GÓÐ VERÐ





Skoðið á laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422




# STUÐ AÐ VERA SÓLÓ

**AÐEINS FYRIR EINHLEYPA** *Kolbrún Erla Matthíasdóttir lifir viðburðaríku lífi enda dugar henni vart sólarhringurinn til að njóta lífsins með Sólóklúbbnum.*

Mig vantaði einfaldlega félagsskap til að gera allt sem mig langaði til að gera þegar vinir og vandamenn voru uppteknir með fjölskyldum sínum," segir Kolbrún sem gekk til liðs við Sólóklúbbinn fyrir tveimur árum. Klúbburinn er heilbrigður vettvangur fyrir einhleypinga til að hitta aðra í sömu sköðu og skapa möguleika á skemmtilegri tilveru saman. Nú eru í Sólóklúbbnum hátt í 70 manns, en aldurstakmark er 30 til 50 ára. Kolbrún vill veg klúbbsins sem mestan og að sem flestir viti af honum.

„Í Sólóklúbbnum hef ég kynnst frábæru fólki, lent í ótrúlegum ævintýrum og upplifað fjölmargt sem ég hefði sennilega aldrei annars gert."

**HAMINGJUSAMLEGA EINHLEYP** Kolbrún segir feimni óþarfa í sunnudagskaffi á Glætunni á morgun því ávallt sé tekið hlýlega á móti nýjum félögum í Sólóklúbbinn. MYND/VALLI


FRAMHALD Á SÍÐU 4





Rýmum fyrir sumarvörum
30-40% afsláttur
lokadagur!
Opið laugardag 11-16
Lín DESIGN
sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

## DJASS Í NORRÆNA HÚSINU

**MÚLINN**

**Tómas R. Einarsson og Matthías M. D. Hemstock koma fram á tónleikum Múlans í Norræna húsinu klukkan 16 í dag og flytja verkin Strengur og Quadrant.**

**Quadrant, eða Hringfjórðungur, er mynd- og tónverk, samið fyrir slagverksleikara, fimm blindramma og málarabretti. Það var frumflutt í Amsterdam 1983 og síðan í Tókýó. Höfundurinn er Jón Sigurpálsson myndlistarmaður og safnvörður á Ísafirði. Matthías M. D. Hemstock flytur verkið. Lagaflokkurinn STRENGUR, fyrir kontrabassa, slagverk, vatnshljóð og vídeó var frumfluttur á Listahátíð í Reykjavík 2011 og hlaut frábærar viðtökur. Tómas R. Einarsson samdi tónlistina.**


INNRÉTTINGATILBOÐ
nettoline
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NETTOLINE INNRÉTTINGUM
OG 5% AÐ AUKI SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500








**NÁTTÚRA** Innblástur að hönnuninni er oft sóttur til náttúrunnar en Ása gengur mikið á fjöll. MYND/ERNIR

**FÍNLEGT**

***Ása gerir fínlega skartgripi úr silfri sem er þægilegt að nota hversdags.***

# FÍNLEGIR OG ÞÆGILEGIR SKARTGRIPIR

**SKART** *Ása Gunnlaugsdóttir hönnuður tekur þátt í sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN sem nú er haldin í sjöunda sinn í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 3. til 7. maí.*

Ég geri aðallega litla og fínlega skartgripi úr silfri sem er þægilegt að nota hversdags. Þeir taka ekki mikið frá fötunum sem maður klæðist en maður verður fínni þegar búið er að setja þá upp,“ segir Ása Gunnlaugsdóttir skartgripahönnuður.

Ása segir hugmyndir að hönnuninni geta komið hvaðan sem er. Oft fær hún hugmyndir úr náttúrunni en hún gengur mikið á fjöll. „Það er þó ekki endilega eitthvert markmið í sjálfu sér að hafa hönnunina tengda náttúrunni. Hugmyndin að línu sem er kölluð Hríma kviknaði út frá vatni sem leggur á veturna og brotnar svo upp á vorin. Hugmyndin að línunni Gleymmérei er sótt í barnæskuna en þegar ég var lítil var ég vön að tína gleymméreiar og festa á peysuna mína eins og skartgripi.“

Ása er menntuð í gull- og silfursmíði í Finnlandi. Hún tók svo master í iðnhönnun í Helsinki og vann sem iðnhönnuður í Suður-Kóreu í eitt ár. Hún hefur síðan einbeitt sér að skartgripagerð og á nú eigið fyrirtæki, Asa, sem framleiðir skartgripi. „Ég á og rek fyrirtækið en það byggist ekki bara upp í kringum mig, ég kaupi eða leigi hönnun af öðrum og framleiði hana. Þá eiga hönnuðirnir höfundarréttinn að sinni hönnun en þeir eru undir fyrirtækinu Asa.“

Ása er í samstarfi við umboðsmann í Bandaríkjunum sem hefur komið vörunum hennar inn á tvo staði þar. „Ég veit ekki hvað kemur út úr því en það er gaman að prófa þetta þó ég sé ekki að búast við neinum heimsyfirráðum.“

Ása tekur þátt í sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN sem verður haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 3. til 7. maí. Þetta er kynning á íslensku handverki, listiðnaði og hönnun og er þetta í sjöunda sinn sem sýningin er haldin. Hún er nú í fyrsta sinn haldin að vori en 44 aðilar sýna verk sín á henni. Rúmlega helmingur þátttakenda eða 27 aðilar hefur ekki tekið þátt í sýningunni áður. Nánari upplýsingar um sýninguna má finna á slóðinni handverkoghonnun.is. ■ **lbh**



**SÝNING** Ása tekur þátt í sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN sem verður haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 3. til 7. maí. MYND/ERNIR


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**





# ego dekor

TV skenkur -hvítt háglans

-25%



Breidd: 200cm - Verð: 125.000,-
**Tilboðsverð: 93.750,-**

Breidd: 160cm - Verð: 108.000,-
**Tilboðsverð: 81.000,-**

-25%



Sófaborð
Hvítt gler/króm
Stærð: 130X70
Verð: 58.000,-
**Tilboðsverð: 43.500,-**



-20%

HNOTA - ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-

Borðstofuborð
Stærð: 200x100cm
Verð: 109.900,-
**Tilboðsverð: 87.920,-**

# SUMARTILBOÐ

-20%



SICILY tungusófi
m/h.tungu Stærð: 268X165
Verð: 229.000,-
**Tilboðsverð: 183.200,-**

-25%



SCARLET tungusófi
310X180
Verð: 244.000,-
**Tilboðsverð: 183.000,-**

-20%



HARLOW tungusófi
Stærð: 296X192
Verð: 244.000,-
**Tilboðsverð: 195.200,-**

-25%



AIR tungusófi
Stærð: 285X165
Verð: 249.900,-
**Tilboðsverð: 187.425,-**

-25%



WIND tungusófi
m/v.tungu Stærð: 292X167
Verð: 244.000,-
**Tilboðsverð: 183.000,-**

-20%



LUND tungusófi
Stærð: 230X157
Verð: 174.000,-
**Tilboðsverð: 139.200,-**

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13:00 - 16:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is







FRAMHALD AF FORSÍÐU

Skráning í Sólóklúbbinn fer fram í vikulegu sunnudagskaffi á kaffihúsinu Glætunni við Laugaveg milli klukkan 14 og 16.

„Tilhugsunin um að stíga út fyrir þægindarammann og hitta ókunnugt fólk í fyrsta sinn getur vissulega verið ógnvekjandi en við tökum hlýlega á móti öllum og viljum klúbbinn sem stærstan. Með skráningu á netinu er auðvelt að villa á sér heimildir og því viljum við alltaf hitta nýja klúbbfélaga augliti til auglitis áður en við veitum þeim aðild. Þess vegna er eingöngu alvöru fólk í Sólóklúbbnum; heiðarlegt, vandað sem hefur ekkert að fela,“ útskýrir Kolbrún.

Hún segir drifkraft félagsins liggja í einstaklingsframtaki þar sem hver og einn getur sett inn auglýsingu um viðburði á innri vef félagsins og þá komi þeir sem koma vilja.

„Út frá því hafa skapast fjölmargir skemmtilegir viðburðir þar sem fólk hefur kynnst nýjum áhugamálum og prófað framandi hluti eins og ugluskoðun, skautaferðir og ísklifur.“

Í kvöld hefur Kolbrún skráð sig í tíu manna matarboð sem klúbbmeðlimur bauð til. Þá gildir reglan fyrstir koma, fyrstir fá og úr verður skemmtilegur og óvæntur kokkteill fólks yfir góðum mat í góðum félagsskap.

„Ég er nánast á útopnu flest kvöld vikunnar og grínast stundum með að ég þyrfti frí úr vinnu til að missa ekki af neinu. Góð og traust vinátta myndast iðulega á milli klúbbfélaga og þótt ásetningur Sólóklúbbsins sé ekki rómantískur að upplagi kemur þangað vitaskuld fólk í makaleit líka. Ástin leynist svo hér eins og annars staðar og því hafa mörg pör orðið til innan klúbbsins sem er auðvitað frábær plús fyrir frábæran félagsskap,“ segir Kolbrún.

„Ég vil að allir einhleypir viti af Sólóklúbbnum því hann er himnasending fyrir þá sem vilja lifa lífinu til fulls í frábærum og heilbrigðum félagsskap. Það er gaman að eignast nýja vini og í Sólóklúbbnum finnst ekkert leynimakk og enginn sem þykist annar en hann er, eins og margir reka sig á á netsíðum.“ ■ þlg



**GAMAN AÐ LIFA** Kolbrún segir marga hafa fundið ástina í Sólóklúbbnum, sem sé skemmtilegur bónus í góðum félagsskap. MYND/VALLI

## VERTU MEÐ

***Í Sólóklúbbnum starfa einnig útivistarnefnd, skemmtinefnd, kaffihúsanefnd og bókaklúbbur. „Útivistarnefnd stendur fyrir gönguferðum, útilegum, sundlaugaferðum, utanlandsferðum og gengur til dæmis á Hvannadalshnúk um næstu helgi,“ segir Kolbrún sem dugar vart sólarhringurinn til að anna öllu því skemmtilega sem verður á vegi hennar í Sólóklúbbnum.***

***Fyrirspurnir má senda á soloklubburinn@soloklubburinn.is. Sjá einnig www.soloklubburinn.is***





# Nú er tækifærið

## Vegna aukinna verkefna óskar LS Retail að ráða framúrskarandi sérfræðinga

**Eftirtalin störf eru laus til umsóknar:**

### Hugbúnaðarþróun .NET

**Starfssviðið felst í hönnun og forritun á hugbúðnaðarlausnum í .NET umhverfi. Fjölbreytt og krefjandi verkefni í boði.**
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun er æskileg. Viðkomandi þarf að vera búinn að sanna sig sem forritari og að geta notið sín í dýnamísku starfsumhverfi þar sem agile-aðferðafræði er beitt. Þekking á Microsoft Visual Studio og C# er kostur.

### Hugbúnaðarprófanir

**Starfssviðið felst í hugbúnaðarprófunum, gerð prófanatilvika og samskiptum við hugbúnaðarsérfræðinga.**
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingum með reynslu af hugbúnaðarprófunum í kröfuhörðu umhverfi. Háskólamenntaðir einstaklingar sem hafa starfað við forritun koma einnig vel til greina. Reynsla af agile-aðferðafræðinni eða sambærilegum vinnuferlum er kostur.

### Hugbúnaðarþróun Microsoft Dynamics NAV

**Starfssviðið felst í hönnun og forritun lausna fyrir Microsoft Dynamics NAV.**
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun. Reynsla af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa með Microsoft Dynamics NAV. Hér eru á ferðinni góð tækifæri fyrir öfluga Navision sérfræðinga.

### Ráðgjafi Microsoft Dynamics NAV

**Starfssvið felst í ráðgjöf og þjónustu á lausnum byggðum á Microsoft Dynamics NAV.**
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun á sviði viðskipta-, tölvunar- eða verkfræði. Leitað er eingöngu að reyndum Microsoft Dynamics NAV ráðgjafa sem er búinn að sanna sig í faginu. Góð enskukunnátta er skilyrði sem og aðstæður til að geta verið mikið á ferðalögum. Spennandi tækifæri í boði.

### Handbókagerð

**Starfssviðið felst í ritun notendaleiðbeininga, hjálparskráa og handbóka fyrir lausnir LS Retail.**
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun ásamt haldgóðri reynslu af sambærilegu starfi. Góð ritfærni í ensku mikilvæg.
Í boði er áhugavert starf í „Documentation" hópi LS Retail.

Við leggjum okkur fram, stöndum saman og vitum hvað þarf til að skara framúr. Frumkvæði og nýsköpun eru mikilsverðir eiginleikar sem hafa skipað LS Retail í fremstu röð í þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu.

Við þróum hugbúnað fyrir fyrirtæki í verslunarrekstri og seljum vörur okkar í gegnum net 120 endursöluaðila í 60 löndum. Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum sem eru reiðubúnir að takast á við fjölbreytt og vaxandi verkefni. Góð enskukunnátta er mikilvægur þáttur til að ná árangri í okkar starfsumhverfi.

Nú er lag á að sækja um og koma til liðs við samheldinn hóp sem metur góðan starfsanda mikils.

intellecta

Upplýsingar um störfin veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is), ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí.
**Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.**
Umsóknir óskast fylltar út á www.intellecta.is. Umsókn um störfin þarf að fylgja starfsferilskrá.

Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning

LS RETAIL

LS Retail er í fremstu röð í þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu. Verslunarhugbúnaður okkar er seldur í samstarfi við 120 vottuð fyrirtæki í meira en 60 löndum. Um 2.000 fyrirtæki nota hugbúnað LS Retail á 80.000 afgreiðslukössum í alls 39.000 verslunum. Meðal ánægðra viðskiptavina LS Retail eru: adidas, Fríhöfnin, ÁTVR, Nova, Apple Íslandi, Laugar, Ilva, Melabúðin, Dublin Airport Authority (DAA), Rivoli Group, aswaaq, Pizza Hut, IKEA, Hard Rock Café Þýskalandi, Bodycare International, Eu Yan Sang, Sony Co. (Hong Kong), Wind (Telecom) Ítalíu, Topps Tiles, DIAL (Delhi International Airport Limited) og Kingdom of Dreams.




# Listdansskóli Íslands

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um menntun og störf umsækjanda, og stutt greinargerð um hvernig umsækjandi telur að þekking hans og kunnátta geti nýst innan Listdansskólans. Afrit af prófskírteinum og staðfest meðmæli um helstu störf skulu fylgja með.

Umsóknum og meðfylgjandi gögnum skal skila á skrifstofu Listaháskóla Íslands, Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar mánudaginn 21. maí. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Nám við Listdansskóla Íslands er samkvæmt aðalnámskrá á grunn- og framhaldsstigi. Skólinn hefur frá 1. ágúst 2006 verið rekinn af Dansmennt ehf, sem er einkahlutafélag í eigu Listaháskóla Íslands.

**Kröfur um menntun:**
- Dansmenntun á sviði balletts og/ eða nútímadans
- Lokapróf frá viðurkenndum dansskóla
- Háskólamenntun á sviði lista, kennslufræða eða stjórnunarfræða

**Kröfur um starfsreynslu:**
- Umtalsverð starfsreynsla sem dansari og/ eða kóreógraf
- Hafa starfað sem kennari á framhaldsskólastigi eða háskólastigi
- Hafa unnið við stjórnunarstörf

**Nánari upplýsingar veitir rekstrarstjóri skólans: Jóna Finnsdóttir netfang: jona@lhi.is**

---

101 hotel
reykjavik

## Skrifstofu og bókhaldsstarf

Starfshlutfall 50%

**Helstu verkefni**
- Færsla bókhalds
- Afstemmingar til uppgjörs
- Virðisauki
- Lánadrottnar og birgðabókhald
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf

Þarf að geta hafið störf sem fyrst

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af bókhaldstörfum æskileg
- Reynsla af Navision eða sambærilegu kerfi
- Góð þekking á Excel
- Talar og skrifar ensku
- Frumkvæði í starfi og nákvæm vinnubrögð

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á job@101hotel.is

**Umsóknarfrestur er til og með 13. maí 2012**

---

## Lektorar í iðnaðarverkfræði

**Laus eru til umsóknar tvö störf lektora í iðnaðarverkfræði við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands.**

Umsækjendur þurfa að geta skipulagt og sinnt öflugu kennslustarfi í grunn- og framhaldsnámi í iðnaðarverkfræði, auk þess að vera hæfir til að byggja upp og stunda öflugar rannsóknir á sviði iðnaðarverkfræði. Einkum er horft til sviða sem tengjast stjórnun og rekstri fyrirtækja, gæðastjórnun og eftirliti, tölvustýrðri framleiðslu og vélbúnaði, ásamt þróun og nýsköpun á sviði iðnaðarverkfræði.

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í véla- eða iðnaðarverkfræði frá viðurkenndum háskóla og æskilegt er að viðkomandi uppfylli skilyrði iðnaðarráðuneytisins fyrir löggildingu starfsheitisins verkfræðingur. Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

**Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild** er ein af sex deildum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Við deildina stunda um 760 stúdentar nám. Þar af eru ríflega 140 framhaldsnemar, bæði í meistaranámi og doktorsnámi. Akademískir starfsmenn deildarinnar eru rúmlega tuttugu.

Frekari upplýsingar um fræðasviðið er að finna á **www.von.hi.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2012.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Pétur Pálsson deildarforseti, í síma **525 4952**, netfang: **opp@hi.is.**

Sjá nánar um störfin á **www.starfatorg.is**
og **www.hi.is/adalvefur/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 120942

---

## Verkefnastjóri

**Hönnunarmiðstöð Íslands óskar eftir að ráða framsækinn og kraftmikinn einstakling í starf verkefnastjóra.**

Starfið er mjög fjölþætt en verkefnastjóri ber ábyrgð á að leysa úr fjölbreytilegum verkefnum sem upp koma í Hönnunarmiðstöð, s.s. upplýsingagjöf, kynningarmál og samskipti. Einnig ber verkefnastjórinn ábyrgð á að halda úti vefsíðu með öflugum gagnabanka og stjórnun ýmissa sérverkefna. Um framtíðarstarf er að ræða fyrir réttan einstakling.

**Nánari lýsingu er að finna á vef Hönnunarmiðstöðvar, www.honnunarmidstod.is.**

**Umsjón með starfinu** hefur Ragnheiður Dagsdóttir (**ragnheidur.dagsdottir@capacent.is**) hjá **Capacent Ráðningum**. Umsóknarfrestur er til og með **20. maí**. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

---

## Sölumaður í radíódeild

565987
**Stórt og öflugt fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfsmann í verslun sína.**

Um er að ræða starf í radíódeild og eru helstu verkefni sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og reynslu af sölu á radíóvörum, s.s. bílaútvörpum, talstöðvum, sjónvörpum og GPS tækjum.
Leitað er að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum starfsmanni sem hefur gaman af mannlegum samskiptum.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR Á WWW.VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

# STARF Í EIRÍKSBÚÐ

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti sitt í Eiríksbúð við Búrfellsstöð.**

**Starfssvið:**
- Matseld og framreiðsla
- Innkaup
- Þrif í Eiríksbúð og öðrum starfsbúðum svæðisins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af matseld eða störfum í mötuneyti
- Góð almenn tölvufærni
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

**Í boði er:**
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagreikning upp á 4,8 milljarða dala. Helstu viðskiptavinir eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Á síðasta ári setti Landsvirkjun sér nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka afrakstur af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun stefnir að því að verða eitt af leiðandi orkufyrirtækjum Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.
Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa um 350 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Forstjóri Fjármálaeftirlitsins
## – drífandi leiðtogi

**Stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra FME.**
Forstjóri FME er leiðtogi stofnunarinnar og talsmaður. Forstjóri er leiðandi í mótun trausts fjármálakerfis á Íslandi.
Meðal þess sem forstjóri ber ábyrgð á er:

- Starf FME við eftirlit á fjármálamarkaði
- Stjórnun og daglegur rekstur FME
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila
- Samskipti við stjórnvöld og aðra sem eiga hagsmuni af virku fjármálaeftirliti
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi eftirlitsaðila á fjármálamarkaði

Forstjóri FME þarf að hafa góða þekkingu á viðfangsefninu, hafa til að bera eldmóð, festu og áræðni til að standa vörð um skyldur stofnunarinnar auk þess að hafa hæfileika til að hvetja starfsmenn til dáða og virkja þá í starfi. Horft er sérstaklega til eftirtalinna eiginleika:

- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og starfsreynsla á fjármálamarkaði
- Þekking og reynsla af stjórnunarstörfum
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Heiðarleiki, staðfesta og lifandi áhugi á þróun fjármálamarkaða

Stjórn FME hefur mótað skýrt, faglegt og vandað ráðningarferli. Matsnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni og hæfi umsækjenda og skila greinargerð til stjórnar FME, sem ræður í starfið. Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér ferlið á vef Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Aðalsteinn Leifsson (al@ru.is), stjórnarformaður FME, veitir nánari upplýsingar um starfið. Kjararáð ákvarðar laun forstjóra FME.

Allir áhugasamir eru hvattir til að skila ítarlegri ferilskrá ásamt kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni í starfið, á netfangið fme@capacent.is. Umsóknarfrestur er til loka dags 20. maí 2012.

**Fjármálaeftirlitið er lykilstofnun í íslensku efnahagslífi og samfélagi. Innan þess fer nú fram mikið uppbyggingar- og umbótastarf sem miðar að því að styrkja eftirlit og taka þannig þátt í að byggja upp traust og trúverðugt fjármálakerfi á Íslandi.**

HB GRANDI

## Viðgerðarmaður óskast

**HB Grandi óskar eftir viðgerðarmanni til að sjá um viðhald á Baadervélum og öðrum fiskvinnsluvélum í frystihúsi sínu við Norðurgarð í Reykjavík.**
Umsóknir sendist á póstfangið sigurður@hbgrandi.is
Frekari upplýsingar veitir Sigurður Gunnarsson í síma 858 1054

## SJÁVARFISKUR EHF.

### FABRYKA RYBNA

Poszukujemy pracowników do krojenia i pakowania ryby w Reykjavíku z doswiadczeniem. Dobrze wspolpracujacych i pracowitych ludzi.

Wiecej informacji pod numerem: Siggi 894 1002 w jezyku islandzkim i angielskim oraz w miejscu pracy pod adresem:
**S. Sjávarfiskur ehf. Eyjarslóð 7, 101 Reykjavík,**
**a takze e-mail sjavarfiskur@sjavarfiskur.is**

## Vélamenn og bílstjórar

Vegna aukinna verkefna óskar verktakafyrirtækið Suðurverk hf eftir að ráða vélamenn og bílstjóra.

Upplýsingar veittar á skrifstofu Hlíðasmára 11 í síma 577-5700.

Umsóknum má skila á www.sudurverk.is

SUÐURVERK



Laust starf hjá Arion banka

# Hópstjóri í lögfræðiráðgjöf

**Arion banki** leitar að lögfræðingi í starf hópstjóra í lögfræðiráðgjöf bankans. Í lögfræðiráðgjöf Arion banka er unnið að krefjandi lögfræðilegum úrlausnarefnum fyrir öll svið bankans, þar sem kappkostað er að veita fyrsta flokks þjónustu. Unnið er í hópum. Fyrir hópunum fara hópstjórar sem hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem unnin eru í hópnum hverju sinni og annast dreifingu verkefna innan hópsins. Laust er starf hópstjóra teymis sem annast lögfræðilega ráðgjöf við yfirstjórn, m. a. stjórn og bankastjóra, og tiltekin svið bankans ásamt því að hafa yfirsýn yfir samkeppnismál í bankanum.

**Helstu verkefni:**
- Yfirsýn yfir verkefni teymisins
- Ritun álita
- Samningagerð
- Samskipti við opinbera aðila og viðskiptavini

**Hæfni og þekking:**
- Meistarapróf í lögfræði
- Lögmannsréttindi æskileg
- Framhaldsnám æskilegt
- Afbragðshæfni til að stýra verkefnum
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla á sviði samkeppnisréttar
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Fullum trúnaði heitið.

### Umsóknarfrestur er til og með 13. maí 2012.

Nánari upplýsingar veitir **Jónína S. Lárusdóttir,** framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Arion banka.
Netfangið er **jonina.larusdottir@arionbanki.is**
Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans **www.arionbanki.is**



arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 59612 05/12

**Sjúkrahúsið á Akureyri**
Öryggi - Samvinna - Framsækni

# Forstöðumaður tölvu- og upplýsingatæknideildar

*Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir.*

*Það er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og gegnir lykilhlutverki í almannavörnum. Sjúkrahúsið er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum.*

*Sjúkrahúsið á Akureyri hefur sett sér að markmið til ársins 2017 að verða miðstöð sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu á Norður- og Austurlandi og fá alþjóðlega vottun á starfsemi sína.*

*Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjúkrahússins* ***www.fsa.is***

Sjúkrahúsið á Akureyri auglýsir stöðu forstöðumanns tölvu- og upplýsingatæknideildar lausa til umsóknar. Á sjúkrahúsinu starfa um 600 manns og á tölvu- og upplýsingatæknideild starfa 5 manns í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi. Starfsemi deildarinnar felst meðal annars í almennri þjónustu við notendur, sem og sérhæfð verkefni við tölvu- og upplýsingakerfi sjúkrahússins. Forstöðumaður tölvu- og upplýsingatæknideildar heyrir undir framkvæmdastjóra lækninga.

**Starfssvið**

- Ber ábyrgð á stjórnun tölvu- og upplýsingatæknideildar
- Mótar framtíðarstefnu í tölvu- og upplýsingatæknimálum
- Samskipti og samningagerð við birgja
- Samskipti við aðrar stofnanir í samræmi við framtíðarsýn og stefnu sjúkrahússins
- Hefur frumkvæði í stefnumótun, þróun og áætlanagerð í verkefnum sem varða tölvu- og upplýsingatæknimál
- Sinnir öðrum verkefnum í samráði við næstu stjórnendur

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða skyldum greinum
- Farsæl reynsla af stjórnun og samskiptum við starfsmenn og stjórnendur er skilyrði
- Stjórnunarnám er æskilegt
- Frumkvæði og sveigjanleiki
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt hæfileika til að tjá sig í ræðu og riti

Veiting starfsins er til 5 ára í samræmi við stefnu sjúkrahússins um ráðningu yfirmanna. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins. Vinnustaðurinn er reyklaus.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga* ***(ses@fsa.is)*** *í síma 463 0100 eða 860 0569 og Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**), ráðgjafi hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 14. maí nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
*ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir*




# Gott tækifæri hjá traustu fyrirtæki

Hjá Eimskip starfar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur öflugra starfsmanna. Við leitum að einstaklingum til að slást í þann hóp og takast á við spennandi störf.

### ▶ Vöruhúsaþjónusta

Störf við vöruhúsaþjónustu eru í Dreifingarmiðstöð Eimskips Flytjanda og Vöruhóteli Eimskips. Helstu verkefni eru frágangur og tiltekt pantana eða sendinga fyrir viðskiptavini Eimskips. Lyftararéttindi eru æskileg en þó ekki skilyrði fyrir ráðningu. Vinnutími er almennt frá kl. 08:00–16:00/ 17:00 alla virka daga. Eingöngu er um framtíðarstörf að ræða.

### ▶ Akstur

Framtíðar- og sumarstörf við akstur á dráttarbílum og flutningabílum. Unnið er á vöktum. Meirapróf (C) er skilyrði fyrir ráðningu og réttindi til að aka með tengivagn (CE) eru æskileg. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af akstri flutningabíla á þjóðvegum.

### ▶ Fiskmóttaka í Dreifingarmiðstöð Eimskips Flytjanda – Næturvakt

Starfsmaður fiskmóttöku í Dreifingarmiðstöð er ábyrgur fyrir flokkun vöru og dreifingu innan Dreifingarmiðstöðvar, auk aksturs á fiskmarkað. Starfið krefst vandaðra og sjálfstæðra vinnubragða. Meirapróf (CE) og lyftararéttindi (J) er skilyrði fyrir ráðningu.

### ▶ Bryti eða matreiðslumaður á Vestmannaeyjaferjuna Herjólf

Eimskip vill ráða bryta eða matreiðslumann á Vestmannaeyjaferjuna Herjólf. Helstu verkefni eru matreiðsla fyrir áhöfn skipsins og þjónusta við farþega. Unnið er á tvískiptum vöktum. Sveinspróf í matreiðslu eða rík starfsreynsla af matreiðslu fyrir stóra hópa er skilyrði fyrir ráðningu.

### Við leitum að fólki sem býr yfir:

- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Íslenskukunnáttu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almennri hreysti
- Almennri tölvukunnáttu

Nánari upplýsingar um störfin veitir Sigríður Guðmundsdóttir í síma 525 7364 eða á srr@eimskip.is. Umsóknarfrestur fyrir öll störfin er til 14. maí 2012. Umsóknir óskast fylltar út á www.eimskip.is undir störf í boði.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki sem veitir alhliða flutningaþjónustu, byggða á áreiðanlegu og skilvirku framleiðslukerfi á Norður-Atlantshafi og alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun, með framúrskarandi þjónustu að leiðarljósi.

Eimskip skapar tækifæri fyrir starfsmenn til að dafna og vaxa í starfi í góðu og heilbrigðu starfsumhverfi með grunngildi félagsins að leiðarljósi: Árangur – Samstarf – Traust.

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Staki automation er verkfræði- og hugbúnaðarhús, þjónustufyrirtæki sem skiptist í meginatriðum í þrjú svið; tækni og verkfræði, hugbúnaðargerð og ráðgjöf og rafræn viðskipti.

Meginhlutverk Staka er að veita afburðaþjónustu á þeim sviðum sem félagið starfar. Markmið félagsins er m.a. að brúa bil milli hefðbundinnar hugbúnaðargerðar og iðntölvustýringa. Í því skini hafa starfsmenn Staka sótt sér þekkingu á báðum sviðum og félagið hefur á að skipa mjög hæfu starfsfólki sem vinnur bæði við hugbúnaðargerð og iðnstýringar, auk ráðgjafa sem hafa mikla reynslu af rafrænum viðskiptum.

Staki




**Leitað er að sérfræðingum sem hafa þekkingu og reynslu af iðnstýringum, forritun iðntölva, almennri hugbúnaðargerð, skjákerfum og verkefnastjórnun.**

Við óskum annars vegar eftir einstaklingum með háskólapróf í rafmagns-, tölvu- eða vélaverkfræði sem hafa reynslu af hússtjórnarkerfum og hugbúnaði frá Wonderware og/eða Factory Talk.

Hins vegar leitum við að einstaklingum með þekkingu og reynslu af almennri hugbúnaðargerð og vinnu með gagnagrunna.

Viðkomandi þurfa að hafa haldgóða þekkingu á helstu grunnum, s.s. Oracle og MS-SQL og þekkja til PL/SQL forritunar.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Upplýsingar í síma 550 6470 alla virka daga.
Nánari upplýsingar og umsóknir á **www.staki.is**

Umsóknarfrestur til 15. maí nk.

**Staki ehf.** - Ármúla 27 - 108 Reykjavík - staki.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Trúnaðarlæknir Landspítala

**Laust er til umsóknar starf trúnaðarlæknis Landspítala. Starfshlutfall er samkomulag. Starfið veitist frá 1. ágúst 2012 eða eftir nánara samkomulagi. Tekið er mið af leiðbeiningum Læknafélags Íslands, www.lis.is, varðandi störf trúnaðarlæknis.**

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Ráðgjöf fyrir stjórnendur og starfsmenn LSH varðandi mál sem varða heilsu, öryggi, vinnugetu og vinnuumhverfi starfsmanna
» Læknisfræðileg ábyrgð á stefnumótun og skipulagningu heilbrigðiseftirlits og fræðslu um heilsu-, öryggi og vinnuumhverfi starfsmanna í samræmi við vinnuverndarlög og tilheyrandi reglugerðir
» Þátttaka í stefnumótun varðandi vinnuvernd og heilsueflingu starfsmanna
» Rannsóknar- og þróunarstarfsemi á sviði vinnuverndar og heilsueflingar

## Hæfnikröfur

» Læknir með viðeigandi menntun og starfsreynslu
» Hæfni í mannlegum samskiptum
» Hæfni í mæltu og rituðu máli
» Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð ásamt hæfni til að starfa í þverfaglegu teymi
» Reynsla og/eða viðbótarnám á sviði mannauðsmála er æskileg
» Góð tölvukunnátta/ helstu notendaforrit

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 24. maí 2012.
» Upplýsingar veitir Svava Kristín Þorkelsdóttir, deildarstjóri starfsþróunardeildar, svavath@landspitali.is, sími 543 1337.
» Umsókn fylgi ítarleg náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim sem og innsendum gögnum.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast mannauðssviði Landspítala, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

**Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun**




Einar Ágúst, kerfisfræðingur

# Við leitum að öflugum sérfræðingi í símstöðvum og netkerfum

Fyrirtækjasvið Símans leitar að sérfræðingi í rekstri símstöðva og netkerfa. Starfið felst í uppsetningu, viðhaldi og rekstri símkerfa auk ráðgjafar til viðskiptavina varðandi símkerfalausnir.

**Menntun og reynsla:**
· Þekking á símstöðvum og uppsetningu, viðhaldi og rekstri símkerfa
· Þekking á analog línum, BRI, PRI, og SIP
· Cisco CCNA gráða
· Cisco Voice gráða
· Þekking á beinum og deilum (router/switch)

**Persónueiginleikar:**
· Frumkvæði og framsýni
· Mikil samskiptalipurð og hæfni til að vinna í hópi
· Aðlögunarhæfni
· Vinnusemi
· Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
· Jákvæðni og heilindi
· Vilji til að axla ábyrgð

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2012

Fyrirspurnir berist til Rögnu Margrétar Norðdahl (ragnam@skipti.is).
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is.

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM52231

Dalabyggð

# Hjúkrunarforstjóri

Starf hjúkrunarforstjóra Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Búðardal er laust til umsóknar.
Umsækjendur skulu hafa háskólapróf í hjúkrunarfræði, nám og/eða reynsla í stjórnun er kostur.
Ráðið verður í starfið frá 1. september 2012.
**Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk.**

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið sveitarstjori@dalir.is eða á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal. Nánari upplýsingar veitir Sveinn Pálsson sveitarstjóri í síma 430 4700

# Grunnskólakennari

Við grunnskóladeild Auðarskóla í Búðardal eru lausar stöður grunnskólakennara frá og með næsta skólaári. Meðal kennslugreina eru smíði, enska og almenn bekkjarkennsla.
**Umsóknarfrestur er til 26. maí.**

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 434-1133 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is. Viðamiklar upplýsingar um skólann er að finna á www.audarskoli.is

# Leikskólakennari

Við leikskóladeild Auðarskóla eru lausar stöður leikskólakennara frá og með 1. ágúst næstkomandi.
**Umsóknarfrestur er til 26. maí.**

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 434-1133 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is. Viðamiklar upplýsingar um leikskólann er að finna á www.audarskoli.is

VINNUMÁLA STOFNUN

## Starf hjá Fæðingarorlofssjóði Hvammstanga

Vinnumálastofnun leitar eftir starfsmanni til að sinna símsvörun og almennum skrifstofustörfum.

**Starfssvið**
- Símsvörun
- Skráning skattkorta
- Tölvuskráning
- Upplýsingagjöf til umsækjenda
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Góð reynsla af skrifstofustörfum
- Góð tölvukunnátta
- Framhaldskólanám er æskilegt
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi starfsmanns bíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggilegum samstarfshópi.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júlí nk.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Leós Arnar Þorleifssonar á netfangið leo.thorleifsson@vmst.is eða til Vinnumálastofnunar/ Fæðingarorlofssjóðs, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga, fyrir 21. maí 2012.

Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði. Endurnýja þarf fyrri umsóknir sem kunna að liggja fyrir. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar www.vinnumalastofnun.is

Frekari upplýsingar um starfið veitir Leó Örn Þorleifsson, forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs á ofangreindu netfangi og í síma 582-4840.

# Vilt þú vinna spennandi verkefni með okkur?

## Air Atlanta Icelandic is looking for quality employees.

### Position available in Technical Training

**Job description:**

Establish and maintain technical training material and curriculum. Stay abreast of technical developments in the field of aircraft maintenance and of technical developments in the field of training and use of computers in training. Maintain the Continuation Training Program.

Establish training syllabus and prepares course material for any required training, Schedules personnel for training to comply with the Continuation Program.

Conduct the required continuation training for technicians and other maintenance staff.

**Education and Qualifications:**
- Must hold an Aircraft Technician license.
- Extremely good English skills both verbal and writing.
- Independent, incentive and disciplined work methods.
- Good computer knowledge.
- Able to represent technical data.
- Good communication skills.

Salary is paid I.A.W the contract between AAI and FVFI.
If you need Additional information regarding this position please contact: David Aron Gudnason **dag@atlanta.is.**

Applications need to be received before **14th of May 2012.**
All applications will be answered and treated as confidential.
Applications only received by e-mail at **hr@airatlanta.com.**

AIR ATLANTA ICELANDIC

Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com



*Húsavík stendur við austanverðan Skjálfanda og er fjölmennasti byggðakjarninn í Norðurþingi. Á Húsavík er blómlegt mannlíf og fjölskylduvænt umhverfi auk þess sem aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar er góð. Náttúrufegurð á svæðinu er mikil sem dregur að fjölda ferðamanna allt árið um kring. Á Húsavík er heilsugæsla, sjúkrahús, leikskóli, tónlistarskóli, grunnskóli og framhaldsskóli auk fjölbreyttra þjónustu- og verslunarfyrirtækja.*

## Viðskiptastjóri við útibú Íslandsbanka á Húsavík

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi í starf viðskiptastjóra í útibú Íslandsbanka á Húsavík. Viðskiptastjóri sér um alhliða þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki og starfar í nánu sambandi við útibússtjóra.

**Helstu verkefni:**
- Alhliða þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
- Að styrkja og skapa góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini
- Lánamál einstaklinga og fyrirtækja
- Umsjón og eftirlit með lánasafni útibúsins
- Úrlausnarmál einstaklinga og fyrirtækja
- Starfsmannamál
- Áætlanagerð

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði viðskipta- eða rekstrarfræði æskileg
- Gott læsi á ársskýrslur og fjárhagsupplýsingar
- Reynsla úr starfi hjá fjármálafyrirtæki er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni og markviss vinnubrögð
- Hæfni til að rökstyðja mál á fundum

**Nánari upplýsingar veitir:** Höskuldur Skúli Hallgrímsson, útibússtjóri, sími 440 3848, netfang h.skuli.hallgrimsson@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.
Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

**Umsóknarfrestur er til og með 13. maí nk.**

Íslandsbanki

Vinnuvernd ehf. er að ráða í eftirfarandi störf:



### Hjúkrunarfræðingur

Vinnuvernd ehf. auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til að sinna verkefnum á sviði heilsuverndar og heilsueflingar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. september nk. Starfshlutfall eftir samkomulagi. Lögð er áhersla á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð auk hæfni í samskiptum og samvinnu.

Nánari upplýsingar veitir Eva Ýr Gunnlaugsdóttir, sviðsstjóri Heilsuverndar – og heilsueflingarsviðs í síma 578 0800.

Umsóknarfrestur er til 15. maí nk. og skulu umsóknir ásamt ferilskrá berast á netfangið evayr@vinnuvernd.is

### Sjúkraþjálfari

Vinnuvernd ehf. auglýsir eftir sjúkraþjálfara til að sinna verkefnum á sviði vinnuverndar, heilsuverndar og heilsueflingar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. september nk. Starfshlutfall eftir samkomulagi. Lögð er áhersla á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð auk hæfni í samskiptum og samvinnu.

Nánari upplýsingar veitir Valdís Brá Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri Vinnuverndarsviðs í síma 578 0800.

Umsóknarfrestur er til 15. maí nk. og skulu umsóknir ásamt ferilskrá berast á netfangið valdis@vinnuvernd.is

5 ára VINNUVERND ehf vellíðan í vinnu

Vinnuvernd ehf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði vinnuverndar, heilsuverndar og heilsueflingar.

Á vegum Vinnuverndar ehf. starfa læknar, hjúkrunarfræðingar, vinnuvistfræðingur, lýðheilsufræðingur, sjúkraþjálfari og vinnusálfræðingur.

Vinnuvernd ehf • Brautarholti 28 • 105 Reykjavík • sími 578 0800 • vinnuvernd@vinnuvernd.is • www.vinnuvernd.is

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Stuðningsfjölskyldur

Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði óskar eftir að ráða stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn, sem fyrst.

Tilgangur með stuðningsfjölskyldu er að draga úr álagi á heimili barnanna, veita börnunum tilbreytingu og gefa þeim kost á auknum félagslegum tengslum. Um er að ræða störf 1-2 helgar í mánuði þar sem börnin dvelja á heimili stuðningsfjölskyldunnar.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru stigskiptar eftir fötlun og umönnunarþörf. Þær eru verktakagreiðslur.

Upplýsingar um störfin veita Arnbjörg Jónsdóttir félagsráðgjafi arnbjorgj@hafnarfjordur.is og Ásrún Jónsdóttir þroskaþjálfi asrunj@hafnarfjordur.is
Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6.

---

SECURITAS

Securitas er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði og hefur um 400 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.

# Aðalbókari

Securitas óskar eftir að ráða til sín aðalbókara. Viðkomandi starfar á fjármálasviði og næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi Securitas og dótturfélaga
- Umsjón með bókhaldskerfi Navision
- Skilagreinar, uppgjör, afstemmingar og áætlanagerð
- Yfirumsjón með launabókhaldi, útreikningur launa, skil á tengdum gjöldum
- Innra eftirlit
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Víðtæk reynsla af sambærilegu starfi eða a.m.k. 3 ára reynsla af endurskoðunarskrifstofu
- Menntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar
- Nákvæmni og agi í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar:**

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 14. maí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

---

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

Reykjavik Excursions hf. – Kynnisferðir var stofnað árið 1968. Fyrirtækið starfrækir dagsferðir frá Reykjavík allt árið um kring auk þess að sjá um Flugrútuna í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, hvataferðir, einstaklings- og hópferðir. Sameiginlegur starfsmannafjöldi er um 150 - 250 eftir árstíðum.

# Kerfisstjóri

Kynnisferðir – Reykjavik Excursions óska eftir að ráða til sín kerfisstjóra sem hefur áhuga á að ganga til liðs við ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki.

**Helstu verkefni:**
- Annast uppsetningu, viðhald, uppfærslur og rekstur á netþjónum ásamt netumsjón
- Uppsetning og breytingar á vélbúnaði og notendaaðstoð
- Eftirlit með rekstri og bilanagreining
- Greining og endurbætur á afköstum
Bæði einstaklingar og fyrirtæki versla í netversluninni þótt stærri hluti veltunnar komi frá fyrirtækjum. Elsa segir það mikil þægindi fyrir fyrirtæki og stofnanir að geta verslað í gegnum netið og fengið vörur sendar til sín án endurgjalds. Auk þess fái þau afsláttarkjör sín einnig þar. Hún segir að einstaklingar séu jafnt og þétt að auka viðskipti sín í netversluninni. Það eigi bæði við um einfaldar vörur en líka stærri og flóknari vörur. „Auðvitað er oft um mjög flókinn búnað að ræða sem einstaklingar kaupa ekki beint úr netversluninni. Því fara þeir oft inn í netverslun okkar og kynna sér vörurnar betur og eiginleika hennar og verð. Síðan koma þeir oft við í verslun okkar og klára viðskiptin þar.“ Þannig geti þeir í raun nýtt sér netverslun fyrirtækisins eins og vörubækling sem hægt er að skoða betur heima í ró og næði áður en verslað er. Ekki skemmi fyrir að slíkur verslunarmáti sé umhverfisvænni enda þurfi að prenta færri bæklinga og bílferðum í verslunina fækki. „Einnig eru einstaklingar og fyrirtæki á landsbyggðinni að nýta sér mikið netverslun okkar enda mjög þægilegur verslunarmáti fyrir slíka aðila. Þannig geta þau keypt vörurnar og fengið sendar heim án endurgjalds, hvert á land sem er.“

## Öryggi í fyrirrúmi

Elsa segir netverslunina vera í stöðugri þróun og stöðugt sé verið að uppfæra viðmót síðunnar. „Næsta skref hjá okkur er að gera viðskiptavinum okkar kleift að versla í netverslun okkar gegnum GSM-símann sinn. Sú þróun er komin langt á veg erlendis og við hjá Nýherja erum að skoða hvað við getum gert varðandi þá þróun.“ Öryggisþátturinn skiptir einnig miklu máli að sögn Elsu. Hún segir netverslunina uppfylla öll skilyrði Evrópusambandsins um sölu raftækja á netinu. „Áherslan á öryggi skiptir okkur hjá Nýherja miklu máli. Við pössum upp á að uppfylla alla réttu staðlana. Það voru fáar netverslanir sem gerðu það fyrir nokkrum árum en við höfum alltaf lagt ríka áherslu á þennan þátt.“



Gríðarlegt úrval vöruflokka er að finna í netverslun Nýherja.



Gríðarlegt úrval vöruflokka er að finna í netverslun Nýherja.

# Verslunarmiðstöð á netinu



**Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi netverslana þau tólf ár sem femin.is hefur starfað, en hún er elsta starfandi netverslun landsins.**

Elsta starfandi netverslun landsins er femin.is. Verslunin fór í loftið í októbermánuði árið 2000 og heldur því upp á tólf ára afmæli sitt síðar á árinu. Íris Gunnarsdóttir, stofnandi og framkvæmdarstóri femin ehf., segir að upphafið megi rekja til þess að hana hafi þótt vanta vettvang fyrir konur þar sem þær gætu fundið upplýsingar um málefni sem tengjast þeim. „Upphaflega ætlaði ég bara að búa til vef fyrir vinkonur mínar en svo varð hugmyndin stærri og stærri í hugmyndaferlinu. Að lokum var tekin sú ákvörðun að búa til vef sem átti að höfða til allra kvenna á aldrinum 20-50 ára.“ Miklar breytingar hafa átt sér stað í umhverfi netverslana undanfarin tólf ár að sögn Írisar. Mikil þróun hefur verið á hugbúnaði sem keyrir vefverslanir og tækninni fleygir svo hratt fram að hún á fullt í fangi með að tileinka sér og læra allar þær nýjungar sem koma fram. „Þrátt fyrir allar þær breytingar finnst mér skipta miklu máli að femin.is býr yfir ákveðnu trausti frá viðskiptavinum hvað varðar verslun á netinu og öryggi þar að lútandi. Við höfum ávallt lagt mikinn metnað í að veita viðskiptavinum úrvalsþjónustu og gott vöruúrval og erum vissar um að tryggir viðskiptavinir okkar kunna að meta það.“



Íris Gunnarsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri netverslunarinnar femin.is. MYND/AÐSEND

### Ákvörðun tekin heima

Í dag býður femin.is yfir 7.000 vörur í netverslun sinni. Íris segir að fleiri og fleiri nýti sér þennan kost enda spari maður bæði tíma og fyrirhöfn með því að versla á netinu. „Kauphegðun Íslendinga hefur líka breyst á þessum tólf árum. Nú hefja sífellt fleiri kaupferlið heima í stofu á kvöldin vegna aðgengis að upplýsingum um vöruna á netinu.“ Hún bendir á að viðskiptavinir séu meira og meira að átta sig á hversu þægilegt sé að versla vörur með þessum hætti. Hægt er að skoða myndir í góðri upplausn og myndbrot af vörunum þannig að viðskiptavinir fá allar nauðsynlegar upplýsingar heima hjá sér áður en ákvörðun um kaup er tekin.

### Tryggir viðskiptavinir

Þegar netverslunin fór í loftið árið 2000 bauð hún upp á um 100 vöruflokka og þá aðallega heilsutengdar vörur og unaðsvörur. Upphaflega var leitað erlendra fyrirmynda en þar sem þær fundust ekki hófst hugmyndavinnan og þróunin hjá stofnendum fyrirtækisins. Íris segir reksturinn ekki alltaf hafa verið dans á rósum þessi tólf ár en góðir hlutir gerist hægt. „Þolinmæði og úthald skipa stóran sess. Mikil vinna, stöðug hugmyndavinna og svo má ekki gleyma okkar tryggu viðskiptavinum sem margir hverjir hafa fylgt okkur frá upphafi sem við metum mikils. Án þeirra væri femin.is ekki til í dag.“ Íris segir að í raun megi kalla vefinn einu verslunarmiðstöð landsins á netinu sökum þess hve ótrúlega fjölbreytt vöruúrvalið sé hjá þeim. „Við erum ávallt með puttann á púlsinum hvað varðar nýjungar. Þar leitumst við sérstaklega við að finna vörur sem flokkast undir „lausnir fyrir konur“ hvað varðar útlit, heilsu, fallegar unaðsvörur, gjafavörur og svo mætti lengi telja.“

# Þeir spara ekki sem spreða

Það er ódýrt að versla á netinu, segir fólk. Jú, það er rétt; ef maður nennir að leita uppi bestu tilboðin og gera verðsamanburð er eflaust hægt að spara umtalsverðar upphæðir. En það skrítna er, samkvæmt upplýsingum frá PayPal, að netkaupendur eyða allt að helmingi meiri pening en sambærilegir kaupendur í venjulegum verslunum. Já, við kaupum að því er virðist bara meira ef díllinn er góður á netinu. Umræddur sparnaður er því kannski ekki eins borðliggjandi og margir halda.

Ástæðurnar fyrir kaupæðinu sem stundum rennur á fólk á netinu eru vísast margar. Ein er þó án vafa sú, að netverslanir beita alls kyns brögðum til að æsa fólk upp í meiri og meiri kaup. Hér eru nokkur slík, sem vert er að hafa á bak við eyrað þegar sest er við tölvuna með kortið:



Að spreða eða spara, þar liggur efinn.

**1) Einstaklingsmiðuð verðlagning** Ef þú skráir þig inn á vefsíðu sem selur DVD-diska, til dæmis, geta skrár í tölvunni þinni sagt verslunareigendum hvaða titla þú hefur hefur verið að skoða. Með öðrum orðum, kortlagt áhugasviðið. Þannig geta þeir klæðskerasaumað auglýsingu handa þér og birt um leið og þú mætir á svæðið. Þar eru titlarnir stundum á hærra verði en annars staðar.

**2) Kostnaðarauki** Það sem lítur út fyrir að vera ódýrt í upphafi, verður dýrara og dýrara eftir því sem líður á greiðsluferlið. Til dæmis getur verð á geisladiski tvöfaldast þegar póstburðargjaldið og tollur bætist við, að ekki sé minnst á önnur lægri gjöld, sem vilja skringilega oft slæðast með í pakkann. En fólk virðist síður setja það fyrir sig, ef verðið hækkar í nokkrum skrefum.

**3) Beitusala** Vara er auglýst á mjög lágu verði. Þegar þú hyggst kaupa eina slíka, kemur í ljós að upplagið er búið. Ástæðan er sú að verslunin setti einungis örfá eintök af þessari tilteknu vöru í sölu, jafnvel engin. En býður á sama tíma upp á fullt af sambærilegum vörum – í nægu upplagi, á fullu verði. Sem nú gæti verið freistandi að kaupa, úr því hitt gekk ekki upp.

**4) Samanburðarsala** Hellingur af vörum er auglýstur á frábæru afsláttarverði. En afslátturinn er hins vegar enginn í raun, því vörurnar stóðu aldrei neinum til boða á upphaflega verðinu. Verslunareigandinn vill jú bara að þú haldir að tilboðið sé miklu betra en það er.

*Heimild: www.lovemoney.com*

# Stamps.is – ný og endurbætt netverslun með íslensk frímerki

**Íslandspóstur opnaði nýja og endurbætta netverslun með íslensk frímerki 20. janúar síðastliðinn og er verslunin sú eina sinnar tegundar á landinu.**

Íslandspóstur fer með einkarétt á útgáfu íslenskra frímerkja og er vefsíðan www.stamps.is eina netverslunin sem selur ný íslensk frímerki.

Íslandspóstur var meðal fyrstu póststjórna sem opnuðu netverslun með frímerki á veraldarvefnum. Þetta gerðist árið 1995 og þá höfðu aðeins póststjórnir í Bandaríkjunum og Kanada sett upp heimasíður þar sem hægt var að skoða og kaupa ný frímerki frá þessum löndum. Frá þeim tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og fjölmargar póststjórnir hafa fylgt í kjölfarið og opnað netverslanir.




Þessi frímerki komu út 3. maí, ásamt fleirum.

Netverslun stamps.is, sem starfrækt er af frímerkjasölu Íslandspósts, hefur tekið algjörum stakkaskiptum frá þessum tíma og í dag eru frímerki og tengdar vörur seldar til um 90 landa. Þessa þróun má að miklu leyti þakka tilkomu netverslunarinnar. Viðskiptavinir frímerkjasölunnar eru nú á annan tug þúsunda. Netverslunin er á fimm tungumálum: íslensku, ensku, dönsku, þýsku og frönsku. Frímerkjasalan leggur mikla áherslu á notendavænt viðmót og einfaldleika í netversluninni.

Síðan er full af ýmsum fróðleik, fréttum og nytsamlegum upplýsingum um frímerki og frímerkjasöfnun. Þar er hægt að kaupa ný frímerki og frímerkjavörur, bækur, póstkort, söfnunarvörur og margt fleira. Vinsælustu vörurnar eru frímerkin og fyrstadagsumslög en ársog gjafamöppur njóta einnig mikilla vinsælda, enda fallegar gjafir og dýrmætir safngripir.

Í netverslun frímerkjasölunnar má einnig nálgast byrjendapakka Merkilega klúbbsins en það er félagsskapur barna sem hafa það sameiginlega áhugamál að safna, fræðast um og skiptast á frímerkjum. Heimasíða klúbbsins er www.postur.is/klubbur.

Nýlega opnaði frímerkjasalan facebook síðu www.facebook.com/icelandic-stamps þar sem fylgjast má með fréttum, viðburðum og uppákomum ásamt nýjum frímerkjaútgáfum.




www.stamps.is




# 20% AFSLÁTTUR ALLA HELGINA

**UM HELGINA ER 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BARNAFATNAÐI, BARNASKÓM OG BARNAHJÓLUM.**

*GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF TOPPMERKJUM Í KRAKKASTÆRÐUM.*



**TILBOÐ: 8.990 KR.**
ADIDAS F50 JAKKI

Almennt verð: 11.990 kr.



**TILBOÐ: 21.592 KR.**
JAMIS LADY BUG
*12" barnahjól.*

Almennt verð: 26.990 kr.



**TILBOÐ: 4.792 KR.**
VIOX GÖTUSKÓR
*Stærðir: 24-33.*

Almennt verð: 5.990 kr.



**TILBOÐ: 4.792 KR.**
VIOX GÖTUSKÓR
*Stærðir: 24-37.*

Almennt verð: 5.990 kr.



**TILBOÐ: 9.990 KR.**
ADIDAS HETTUPEYSA

Almennt verð: 12.990 kr.



**TILBOÐ: 35.922 KR.**
JAMIS X 20
*20" barnahjól.*
*Álstell.*

Almennt verð: 44.990 kr.



**TILBOÐ: 4.792 KR.**
VIOX GÖTUSKÓR
*Stærðir: 24-37.*

Almennt verð: 5.990 kr.



**TILBOÐ: 5.592 KR.**
NIKE GÖTUSKÓR
*Stærðir: 19,5-27.*

Almennt verð: 6.990 kr.

**NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS**

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 59583 05/12



**VINIR** Vilhelm ljósmyndari valdi Fleyg frá Vorsabæ til að stilla sér upp með Erlu Katrínu því háralitur þeirra er svo líkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Á VELLINUM** Komin úr latínuprófinu og út á völlinn í fullum skrúða á Flipa frá Litlu-Sandvík. Það sópar að þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hestarnir koma alltaf við sögu

**Erla Katrín Jónsdóttur** er önnum kafin í stúdentsprófum þessa dagana en lætur það ekki aftra sér frá því að keppa á Reykjavíkurmeistaramóti Fáks, meðal annars á verðlaunahryssu úr eigin ræktun. *Gunnþóra Gunnarsdóttir* heimsótti hana í hesthúsið.

Lærdómurinn gengur fyrir en ég get ekkert sleppt því að sinna hestunum. Þeir þurfa sína hreyfingu daglega. Ég ætla líka að keppa á Reykjavíkurmeistaramótinu," segir Erla Katrín þegar hún mætir í hesthúsið um nónbil á miðvikudag. Kveðst hafa verið að lesa latínu framan af degi, prófið sé á morgun. „Svo eru spænskan og sagan strax eftir helgi."

Hestarnir taka fagnandi á móti henni og teygja flipana í átt til hennar, eiga jafnvel von á góðgæti í formi grasköggla, að minnsta kosti gælum. Einn gæðingurinn heitir einmitt Flipi, gullfallegur stóðhestur sem hún kveðst vera að rækta undan. Á honum varð hún Íslandsmeistari í fimmgangi á síðasta ári í flokki ungmenna. Gustur, Sólon, Þökk, Fleygur og Dropi eru líka fríð sýnum. Ekki vill Erla Katrín gera upp á milli hestanna sinna. „Það er enginn uppáhalds," segir hún aðspurð. „Ég held upp á öll hrossin mín því þau eru ólík og hafa hvert sinn persónuleika. Ég held að Flipi frá Litlu-Sandvík sé besti hesturinn sem ég er með. Ég er búin að vinna mikið í honum, ætla að keppa á honum í fjórgangi á morgun og fara svo með hann í úrtöku fyrir landsmótið. Líka Þökk. Hún er 1. verðlaunahryssa undan Unni frá Velli og Þristi frá Feti, úr okkar ræktun og það er gaman að keppa á hesti sem ég hef fylgst með frá upphafi."

### Í stúkusæti

Hesthúsið er í Víðidalnum. Það er líflegt í dalnum enda Reykjavíkurmeistaramótið að hefjast og margir á ferðinni. Jón Guðlaugsson, faðir Erlu Katrínar, er að fylgjast með mótinu en móðir hennar, Katrín Pétursdóttir, er „á kústinum" eins og hún kallar það. Gólfið í hesthúsinu er líka allt að því gljáandi.

Þrír hestar í húsinu eru í eigu kærastans hennar Erlu Katrínar, Jóns Herkovic sem er ættaður frá Vatnsleysu í Skagafirði. Þau skötuhjúin hittust á landsmótinu á Vindheimamelum síðasta sumar þannig að hestarnir leiddu þau saman.

Eftir að hafa heilsað upp á gæðingana fetum við Erla Katrín okkur upp hringstiga og komum okkur fyrir í vistlegri kaffistofu á efri hæðinni til að spjalla. Þaðan er flott útsýni yfir keppnisvöllinn. Hún getur þannig verið í stúkusæti á landsmótinu í sumar þegar hún verður ekki í brautinni sjálf. Hún er nítján ára en verður tvítug meðan á landsmótinu stendur. Er í miðjum stúdentsprófum frá Verslunarskólanum nú meðan Reykjavíkurmeistaramótið fer fram, en sinnir hvoru tveggja með sóma. Útskriftin úr Versló verður svo í lok maí, akkúrat þegar úrtökumótið fyrir landsmótið fer fram. Svona er vegurinn varðaður og alltaf koma hestarnir við sögu.

### Fékk Kleinu fyrst

Erla Katrín kveðst ekki muna eftir sér öðru vísi en innan um hesta. „Amma átti hesta og móðursystir mín, Arndís Erla Pétursdóttir er í hrossarækt, ég byrjaði að keppa á hesti frá henni sem hét Röðull þegar ég var 11 til 12 ára," segir hún með bros á vör, en hvenær skyldi hún hafa eignast sinn fyrsta hest? „Þegar ég var átta ára. Það er hryssan Kleina sem er gott barnahross. Ég kynntist henni þegar ég var í Reiðskóla Reykjavíkur og þar keyptum við hana. Hún er ein af ræktunarhryssunum mínum í dag."

Það kemur í ljós við eftirgrennslan að Erla Katrín hefur stundað ræktun í fimm ár með Arndísi Erlu frænku sinni á Velli við Hvolsvöll og á Velli hafa Erla Katrín og kærastinn verið með 23 hross á húsi í vetur sem þau hafa hugsað um og hreyft á hverjum degi. Þessi níu sem nú eru í Víðidalnum eru bara sýnishorn. En sagðist hún ekki vera í Versló?

> Ég held upp á öll hrossin mín því þau eru ólík og hafa hvert sinn persónuleika.

„Jú, við Jón erum bæði í fjarnámi og völdum Verslunarskólann af því hann er með svo marga góða fjarnámskúrsa í boði," útskýrir hún. En hvernig fer það saman að sinna stóru hestabúi og vera í skóla? „Það gengur fínt. Ég útskrifast vonandi núna. Hef bara reynt að vinna vel."

Hún segir hirðingu hrossanna taka um tíu tíma á dag og tilgátu um að tamningarnar auki henni sjálfri aga brosir hún og svarar. „Það gæti verið." Hún vill lítið gefa upp um framtíðaráformin. „Ég hugsa að ég haldi eitthvað áfram í skóla. Ætla bara að klára þetta fyrst."

Erla Katrín segir heilmikið um að vera í kringum hestamennskuna enda mæti hún á flestar sýningar og mót og sumarhelgarnar séu flestar fráteknar fyrir slíka viðburði, ýmist í Reykjavík, á Selfossi eða á Gaddstaðaflötum. Hún hefur valið að keppa fyrir Fák en er líka í hestamannafélaginu Geysi.

Um síðustu helgi voru þær frænkur á Velli með ræktunarbússýningu í Ölfushöllinni. „Við vorum með þrjár hryssur undan Unni frá Velli og hryssu og stóðhest undan Smellu frá Hafnarfirði," segir Erla Katrín. „Það eru mörg falleg hross sem við erum að rækta og stórir árgangar að komast á tamningaraldur. Svo fæ ég fjögur folöld í sumar," bætir hún við með blik í auga.

### Órög á bak ótemjum

Frumtamningum á eigin hrossum kveðst Erla Katrín hafa sinnt á seinni árum en hún hafi byrjað að gera hross bandvön þegar hún var um tólf ára aldurinn. Hún er ekkert rög við að fara á bak ótemjum. „Þetta eru allt voða róleg trippi, ég er búin að umgangast þau þannig að þegar kemur að því fara á bak er það algerlega eðlilegt. Ræktunin hjá okkur miðast við að ná fram góðu lundarfari, rýmd í gangi og fegurð í reið. Viljinn skiptir líka miklu máli."

Góðar reiðleiðir liggja allt í kring um Völl að sögn Erlu Katrínar. „Heklubrautin er rétt við hliðina á okkur, Fljótshlíðin, Fjallabak og margar fallegar leiðir," lýsir hún og kveðst í fyrra hafa farið í fjögurra daga útreiðartúr um Landeyjar og Fljótshlíð. Hefur hún aldrei lent í neinu slarki í hestaferðum? „Nei, það er auðvitað misjafnt veður en okkur hefur alltaf gengið vel. Við vorum reyndar nokkrir krakkar einu sinni í hestaferð með sjötíu hesta í óbyggðum hér sunnanlands og villtumst. Ekki einu sinni heldur þrisvar. Reksturinn slitnaði sundur þannig að við vorum á tímabili með tvo. En þetta bjargaðist allt og okkur tókst að smala öllum saman á endanum svo þetta varð bara gaman, svona eftir á."

### Þegar allt gengur upp

Greinilegt er að Erla Katrín gerir sér far um að kynnast öllum hliðum hestamennskunnar en hver skyldi henni þykja skemmtilegust? Hún tekur sér góðan tíma áður en hún svarar: „Ég hugsa mér finnist skemmtilegast að ríða út á góðum og vel þjálfuðum hesti." Bætir svo við eftir andartaksþögn: „En þegar allt gengur upp í keppni fæ ég auðvitað heilmikið út úr því."

Þótt hún sé komin ótrúlega langt í hestamennskunni, miðað við aldur, þá hefur velgengnin ekki stigið henni til höfuðs. Hún virðist í eðli sínu hlédræg og afskaplega yfirveguð. Spurð hvort hún eigi sér einhverja konu að fyrirmynd í hestamennskunni svarar hún. „Ég var í reiðskóla nokkur sumur hjá Rósmary Þorleifsson og hún hafði áhrif á mig. Ég lít líka til Lenu Zielinski, hún hefur verið að keppa á systur Þakkar, Njálu frá Velli en Arndís frænka byrjaði náttúrlega að kenna mér og er mín stóra fyrirmynd."


## Málþing um raflínur og strengi

Iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra hafa skipað nefnd er móta skal stefnu um lagningu raflína í jörð í samræmi við þingsályktun Alþingis í þskj. 748 frá 1. febrúar 2012.

Á undanförnum árum hefur orkuframleiðsla á Íslandi aukist mjög og jafnframt gagnrýni á neikvæð umhverfisáhrif hennar. Einn þáttur þeirra áhrifa er sjónmengun af völdum háspennulína og hefur sú krafa orðið háværari að jarðstrengir séu nýttir í stað loftlína.

Mikilvægt er að fyrir liggi stefnumörkun um með hvaða hætti og á hvaða forsendum skuli stefnt að lagningu raflína í jörð og til hvaða þátta skuli sérstaklega taka tillit í þeim efnum. Nefndin boðar til opins málfundar um málefnið þann 11. maí næstkomandi.

**Fundurinn fer fram í stofu 101 í Odda, Háskóla Íslands 11. maí næstkomandi og stendur frá kl. 13.00-15.15.**

**Dagskrá**
- 13.00-13.05 Setning. Þingsályktun. Nefnd um stefnumörkun.
- 13.05-13.25 Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets: *Jarðstrengir – flutningsgjaldskrá og umhverfi.*
- 13.25-13.45 Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmda stjóri Landverndar: *Mikilvægi umhverfisþátta í stefnumörkun um jarðstrengi.*
- 13.45-14.05 Daði Már Kristófersson, dósent við Háskóla Íslands: *Mat á umhverfiskostnaði raflínulagna.*
- 14.05-14.15 Hlé
- 14.15-14.35 Stefán Thors, forstjóri Skipulagstofnunar, *Raflínur, skipulag, mat á umhverfisáhrifum*
- 14.35-15.15 Umræður

Fundarstjóri: Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands

**Aðgangur er ókeypis. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.**

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

# ALLIR GETA LÁTIÐ LJÓSIÐ SKÍNA
## OG HAFT ÁHRIF Á ÞJÓÐFÉLAGIÐ

### BARNIÐ

Með kaupum á ljósi
er verið að stíga fyrsta skrefið
í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.

Með hverju keyptu ljósi býðst fyrirlestur
þér að kostnaðarlausu hjá BLÁTT ÁFRAM

### FJÖLSKYLDAN

Aðili sem hefur fengið fræðslu í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi,
upplýsir barn sitt og fræðir alla fjölskylduna.

### SAMFÉLAGIÐ

Fjölskylda sem er vakandi fyrir kynferðislegu ofbeldi á börnum, hefur áhrif á nánasta umhverfið sitt
og hvetur samfélagið til að taka skýra afstöðu um verndun barna.

### STOFNANIR

Upplýst samfélag gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum, hvetur stofnanir ss. skóla, íþróttafélög osfrv.
til að taka forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi fastari tökum og af meiri ábyrgð.

### ÞJÓÐFÉLAGIÐ

Ábyrgari stofnanir, samfélög, fjölskyldur og einstaklingar gera betra þjóðfélag.
Betra og heilbrigðara þjóðfélag skapar traustara umhverfi fyrir börnin.




## VERTU UPPLÝSTUR!

Þú getur styrkt BLÁTT ÁFRAM með því að kaupa vasaljósið. Ljósin verða seld dagana 4. – 6. maí. Skátar og íþróttafélög munu selja lyklakippurnar við helstu verslunarkjarna. Einnig er hægt að senda póst á: blattafram@blattfram.is

Vinsamlegast takið vel á móti sölufólki okkar

902 5015 – 1500 kr.   902 5030 – 3000 kr

Erum á Facebook
www.facebook.com/blattafram

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is

ANTON&BERGUR

# Krossgáta

**Lárétt**

**1.** Feykja romsum að stálheiðarlegum (12)
**11.** Keyra sigtisplanka á uppáhaldsplöntu gíraffa (9)
**12.** Þreytusöngurinn um óþokkaskapinn (8)
**13.** Eru rauðhærðir stór mannafluga? (12)
**14.** Innvols svína og rusta (8)
**15.** Hér hefur spjót hamrað saman spýtum naglalaust (9)
**16.** Álagavinda er gerningakort (10)
**18.** Stjórn smápeningabankans fjallar um fjárhag (7)
**20.** Lækkar hratt þegar snjóar (10)
**23.** Hópur karla kenndur við klæðaburð málar treyjur (11)
**25.** Naglaför festa fald og hefta skorið hold (8)
**27.** Varðveita breytingu á dvalarstað (11)
**28.** Mætum, sinnum og hlýðum (6)
**29.** Strengur titrar og árfiskar birtast (13)
**32.** Fugl eða bar íþróttafélags? (5)
**34.** Foringinn vill þau sérlega stíf (9)
**35.** Láti jurt fyrir fótabúnað (8)
**36.** Tel manninn frekan (5)
**37.** Flækti og níddi (7)
**38.** Burtrekið fyrir afbrigðilegheitin (8)

**Lóðrétt**

**1.** Kaggastafli kokki í arðbæru borgarapparati (14)
**2.** Fiskibæjarispuheljarskvetta er snafs (20)
**3.** Hefðarfólk pumpar: Eru það Þingeyingar? (9)
**4.** Flinkir sparka bolta í Breiðholti (7)
**5.** Drengjadúó með óknytti (9)
**6.** Bætir kátínu í átveislu (10)
**7.** Fullsödd af degi ferðalags frá morgni til kvölds (7)
**8.** Sé menn í skósíðum frökkum klára seint (7)
**9.** Völuflöskur prýða kirkjuglugga (9)
**10.** Bakandi nagdýr sem blekkir ref (11)
**17.** Tími barna og gamalmenna (7)
**19.** Skal heyskapur vera trommuleikur? (8)
**21.** Það sem sagt er um sögur (8)
**22.** Tröllalúður er toppur heiðar (10)
**24.** Kasti fram steypu með stælum og stuðlum og krappi (5)
**25.** Drekaþrep er samgöngumannvirki (10)
**26.** Mörður bjóra og marðar vanga (10)
**30.** Leitaði glufu og sundraði smáræði (6)
**31.** Hann flúði Sódómu með línu í happdrætti (5)
**32.** Berjið ný kið (5)
**33.** Hvorki taktur né melódía, það er bilun (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**KJARABARÁTTA**

FORLAGIÐ

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Lærlingurinn frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Laufey Magnúsdóttir, Reykjavík.**




## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist vinsæll angi af íslenskri ferðaþjónustu. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 9. maí næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „5. maí“.




Sonett vörurnar fást í eftirtöldum verslunum: LIFANDI markaði, Yggdrasill, Fjarðarkaupum og Hagkaupi

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1821

# Napóleon lætur lífið í útlegð á eyjunni St. Helenu

**Napóleon Bonaparte fyrrum Frakkakeisari lést í útlegð eftir að hafa drottnað yfir Evrópu um árabil. Herför inn í Rússland varð honum að falli.**

Á þessum degi fyrir réttu 191 ári, hinn 5. maí árið 1821, lést Napóleon Bonaparte, fyrrum Frakklandskeisari og drottnari meginlands Evrópu, í útlegð á eyjunni St. Helenu í Suður-Atlantshafi.

Napóleon fæddist á Korsíku árið 1769 og er jafnan álitinn einn mesti herforingi mannkynssögunnar.

Hann skráði sig ungur í herinn og hæfileikar hans voru öllum ljósir. Hann kleif því metorðastigann hratt og örugglega og var fljótt gerður að hershöfðingja.

Í einni af sínum fyrstu frægðarförum hrakti hann hersveitir Austurríkismanna burt frá Norður-Ítalíu og hann vann einnig landsvæði í Egyptalandi.

Þaðan sneri hann hins vegar aftur til Parísar, þar sem stjórnarkreppa ríkti, og hrifsaði til sín völdin, einungis þrítugur að aldri.

Napóleon beið ekki boðanna heldur endurskipulagði herinn og réðst til atlögu við Austurríki og í framhaldinu lagði hann undir sig mestalla álfuna. Árið 1804 krýndi hann sjálfan sig keisara Frakklands.

Árið 1810 var meginland Evrópu undir Frakklandi að undanskildum Portúgal og Balkanskaga.

Það var ekki fyrr en tveimur árum síðar sem tók að halla á Napóleon, en upphafið að endalokunum markast af innrásinni í Rússland.

Her Napóleons taldi um 700.000 menn alls staðar að úr Evrópu og var lagt til atlögu í júní árið 1812.

Herförin átti að verða snörp og mannskapurinn hafði aðeins vistir til þriggja vikna. Napóleon hafði alltaf reitt sig á að vinna afgerandi sigur í stórri orrustu, en Rússar undu honum þess ekki.

Þeir hörfuðu sífellt dýpra inn í Rússland og skildu eftir sig sviðna jörð þannig að franski herinn gat ekki orðið sér úti um mat á leiðinni.



Napóleon kom til Moskvu í september, en eins og fyrri daginn logaði þar allt og örvæntingin fór að sverfa að líkt og hungrið og kuldinn. Mikið hafði kvarnast úr hersveitunum bæði vegna mannfalls í bardögum og þess að talsverður hluti hafði einnig orðið eftir á leiðinni.

Eftir árangurslausar viðræður við Rússakeisara hörfaði Napóleon. Undanhaldið var hrein skelfing þar sem menn hans dóu í hrönnum vegna kulda og vosbúðar.

Af þeim 611.000 manns sem fóru inn í Rússland létust 400.000 og 100.000 voru teknir til fanga. Her Napóleons var horfinn.

Á næstu árum sóttu önnur ríki að Frakklandi og árið 1814 beið Napóleon fullnaðarósigur og var sendur í útlegð til eyjunnar Elbu i nágrenni Korsíku.

Þaðan flúði hann ári seinna og safnaði sér nýjum her, en áður en langt um leið beið hann sinn hinsta ósigur, gegn her Wellingtons við Waterloo í Belgíu.

Hann var þá sendur enn lengra í burtu í útlegð, til St. Helenu, þar sem hann lést, að öllum líkindum úr krabbameini í maga. - þj

# BÍLAKAFFI

## RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · OPEL · NISSAN · RENAULT

### HVAÐ FÆST FYRIR GAMLA BÍLINN?

Við tökum að sjálfsögðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og á laugardögum er tilvalið að fá upplýsingar hjá sölumönnum um hvernig það getur litið út.

### HYUNDAI I30

Verð frá 3.190.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR



### HYUNDAI IX35

Verð frá 5.590.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR







### NISSAN JUKE

Sjálfskiptur og hlaðinn búnaði
Verð 3.990.000 kr.

### RENAULT CLIO

Verð frá 2.390.000 kr.



### KAFFI OG MEÐLÆTI

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu í salnum. Verið velkomin til okkar við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.




### NÝR QASHQAI DÍSIL dCi

Ný dísilvél eyðir aðeins frá **4,6 l/100 km** sem er með því allra lægsta sem þekkist í fjórhjóladrifnum sportjeppum.
Verð frá 4.990.000 kr.

### TAKA FERSKIR Á MÓTI ÞÉR!

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Líttu inn í kaffi, spjall og reynsluakstur. Við tökum höfðinglega á móti þér.

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

**BL** Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MAGNÚS TORFI ÓLAFSSON** ráðherra (1923-1998)

*„Ganga verður að störfunum eins og þau horfa við, af því verkviti sem völ er á.“*

## Merkisatburðir

1625 Kristján 4. Danakonungur ræðst inn í Þýskaland.
1639 Brynjólfur Sveinsson er vígður Skálholtsbiskup.
1912 Sumarólympíuleikar eru settir í Stokkhólmi.
1945 Guðmundur Kamban er skotinn til bana í Kaupmannahöfn.
1949 Evrópuráðið er stofnað.
1970 Heklugos hefst.
1990 Ísland nær fjórða sæti í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu Eitt lag enn, sem flutt er af Stjórninni.

**ÞETTA GERÐIST:** 5. MAÍ 2000

## *Nýr stjórnmálaflokkur stofnaður*

Stofnfundur Samfylkingarinnar sem stjórnmálaflokks var haldinn í Borgarleikhúsinu þann 5. maí, árið 2000. Fyrsti formaður hennar var kjörinn Össur Skarphéðinsson en talsmaður kosningabandalags þriggja flokka í alþingiskosningunum vorið 1999 var Margrét Frímannsdóttir, þá formaður Alþýðubandalagsins.

Með stofnun Samfylkingarinnar rættust vonir margra um sterkt stjórnmálaafl á vinstri vængnum. Hún leiddi saman fólk sem fram að því hafði verið pólitískir keppinautar og starfað í stjórnmálaflokkum sem voru ólíkir að uppbyggingu og höfðu viðhaft mismunandi verklag. Þessir flokkar voru Kvennalistinn sem bauð fyrst fram 1983, Alþýðubandalagið sem bauð fyrst fram 1956 sem kosningabandalag og Alþýðuflokkurinn sem var stofnaður 1916.





**HÁTÍÐ** Birna Þórarinsdóttir segir alla ættu að geta fundið sér eitthvað við sitt hæfi á Evrópuviku sem hefst á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR: FRAMKVÆMDASTÝRA EVRÓPUSTOFU:

# EVRÓPUVIKA ER FYRIR ALLA

Evrópuvika verður haldin hátíðleg í næstu viku með fjölbreyttri dagskrá, en það er Evrópustofa sem stendur fyrir dagskránni.

„Markmið okkar er að nota tækifærið sem gefst með Evrópudeginum 9. maí til að gera Evrópu hátt undir höfði þessa viku og vekja athygli fólks á því hvað Evrópusamstarfið er og fyrir hvað það stendur,“ segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra Evrópustofu.

Evrópudagurinn er haldinn árlega í aðildarlöndum ESB til að minnast þess þegar Robert Schuman, einn af frumkvöðlum Evrópusamstarfs, lagði til stofnun þess sem síðar varð Evrópusambandið.

„Við verðum með ýmsa viðburði og vonum að þar verði eitthvað fyrir alla. Það sem ber kannski hæst er opnun Evrópustofu í Norrænu upplýsingaskrifstofunni á Akureyri á mánudag. Sama dag opnum við plakatasýningu á Glerártorgi þar sem við útskýrum uppbyggingu og helstu stefnumál Evrópusambandsins, en það er einmitt tilgangur Evrópustofu.“

Meðal annars sem verður í boði í Evrópuviku er opinn borgarafundur með Timo Summa, sendiherra ESB, sem verður haldinn í Iðnó á þriðjudag.

Á miðvikudag, Evrópudaginn sjálfan, verður plakatasýning eins og sú á Akureyri opnuð í Kringlunni og upplýsingafundur um tækifæri fyrir ungt fólk í Evrópu verður haldinn í Evrópustofu við Suðurgötu.

Á fimmtudaginn verður svo opinn fundur í Iðnó um Ísland og öryggis- og varnarmálastefnu ESB.

„En hápunkturinn er á sunnudaginn í Hörpu,“ segir Birna.

„Þar verðum við meðal annars með skemmtiatriði og kynningar á hinum fjölmörgu samstarfsáætlunum ESB á Íslandi, sem við eigum aðild að í gegnum EES-samninginn.“

Á sunnudagskvöld verða svo tónleikar European Jazz Orchestra, sem er sam-evrópskt verkefni ungra tónlistamanna, og Stórsveitar Reykjavíkur. Ekkert kostar inn á tónleikana, en miða má nálgast í gegnum miðasölu Hörpu.

Birna segir aðspurð að Evrópudagurinn eigi sannarlega erindi við Íslendinga?

„Evrópudagurinn snýst um þá hugsjón að Evrópuríki komi saman og vinni saman í friði. Þau verði sterkari hvert fyrir sig með því að vinna saman sem ein heild. Ísland er þátttakandi í Evrópusamstarfi þó að við séum ekki aðilar að ESB. Við tökum þátt í ýmsum verkefnum og sækjum mikinn styrk í það að vinna með öðrum Evrópuríkjum, þannig að Evrópudagurinn á hiklaust erindi við okkur.“

thorgils@frettabladid.is

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**SIGURLAUGAR B. ALBERTSDÓTTUR,**
**Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Huldulandi 5.**

Kærar þakkir til starfsfólks Hlíðarhúsa og Hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir hlýju og góða umönnun.

**Gréta Gunnarsdóttir**
**Birna Bjarnadóttir** **Hólmgeir Baldursson**
**Kristjana Sif Bjarnadóttir** **Steingrímur S. Ólafsson**
**Arnar Bjarnason** **Rakel Halldórsdóttir**
**langömmubörn og langalangömmubarn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**LÁRA LÁRUSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur, Gullsmára 7 í Kópavogi,**

lést á Líknardeild Landspítalans laugardaginn 28. apríl. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 9. maí kl. 15.00.

**Erlingur Þór Sigurjónsson** **Margrét Þóra Baldursdóttir**
**Magnús Þór Erlingsson**
**Þuríður B. Sigurjónsdóttir** **Jóhannes Elíasson**
**Elísa Jóhannesdóttir**
**Sylvía Rut Jóhannesdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓNA SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR**
**frá Goðdölum,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, þann 29. apríl sl.
Jarðarförin fer fram frá Ríkissal Votta Jehóva, Sjafnarstíg 1, Akureyri, mánudaginn 7. maí kl. 14.00.

**Ingimar Adólfsson** **Lutzy Adolfsson**
**Reynir Adólfsson** **Halldóra Helgadóttir**
**Friðrik Adólfsson** **Kolbrún Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**DAGBJÖRT JÓNSDÓTTIR**
Nesvöllum, áður **Sýrfelli, Bergi, Keflavík,**

verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 8. maí kl. 14.00.

**Ólafur Jón Guðmundsson** **Halla Jóna Guðmundsdóttir**
**Sveinbjörn Gunnar Guðmundsson** **Hildur Jóhannsdóttir**
**Aðalsteinn Kristján Guðmundsson** **Auður Helga Jónatansdóttir**
**Brynjólfur Stefán Guðmundsson** **Elín Rut Ólafsdóttir**
**Kristín Guðmundsdóttir** **Sverrir Gísli Hauksson**
**Guðmundur Ásgeir Guðmundsson** **Hafdís Lilja Guðlaugsdóttir**
**Dagbjartur Helgi Guðmundsson** **Tatjana Latinović**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN RUTH JÓNSDÓTTIR**
**Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,**

andaðist laugardaginn 28. apríl. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 7. maí klukkan 13.00.

**Inga Jóna Jónsdóttir** **Steindór Guðmundsson**
**Ólína Bergsveinsdóttir** **Guðmundur Ragnar Ólafsson**
**Jón Bergsveinsson** **Ásdís Árnadóttir**
**Björg Bergsveinsdóttir** **Eggert Dagbjartsson**
**Bergsveinn Bergsveinsson** **Gígja Hrönn Eiðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**EVELYNAR ÞÓRU HOBBS**
**Sóltúni 2, Reykjavík,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, 19. apríl sl. Starfsfólki Sóltúns sendum við sérstakar þakkir fyrir alúð og kærleiksríka umönnun.

**Hróbjartur Hróbjartsson** **Karin Hróbjartsson-Stuart**
**Skúli Hróbjartsson** **Unnur Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is



Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

HÚSGAGNAHÖLLIN

# Sumartilboð

## OG FALLEGAR - LITRÍKAR SMÁVÖRUR SEM LÍFGA UPP Á HEIMILIÐ!




NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**143.980**
FULLT VERÐ: 179.980



**MELBOURNE** svefnsófi. B:242 D:91/168 H:85.
Dýna: 147x200 cm. Dökkgrátt áklæði.

NÝTT! NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM

**129.990**



**ALICIA** svefnsófi. B:164 D:85 H:90.
Dýna: 135x200 cm. Grátt áklæði.



**379.990**

**UMBRIA** tungusófi. B:305 D:88/163 H:80. Svart eða brúnt leður áklæði, með hægri eða vinstri tungu. Kr. **379.990.**
Fæst einnig með gráu áklæði. Kr. **249.990**

**UMBRIA** tungusófi. B:245 D:88/163 H:80. Grátt áklæði.
Með hægri eða vinstri tungu. Kr. **219.990.**

NÚNA 15% AFSLÁTTUR



LA-Z-BOY
**RIALTO** La-z-boy stóll. Svart/ljóst leður áklæði.
B:80 D:85 H:104 cm.

**135.990**
FULLT VERÐ: 159.990

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 sunnudaga lokað.

# Fuglar í fyrirrúmi

Fuglar verða í brennidepli í Grasagarðinum í Laugardal á morgun, sunnudaginn 6. maí. Ljósmyndasýningin Fuglablik verður opnuð klukkan 11 í Café Flóru í samstarfi við Fuglavernd og á eftir verður boðið upp á göngu um garðinn þar sem Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur og Jakob Sigurðsson, varaformaður Fuglaverndar, fræða gesti um þær fuglategundir sem fyrir augu ber.



**FLÓRGOÐI** Litskrúðugur fugl sem ekki er á hverju strái. MYND/SINDRI SKÚLASON

Í anddyri garðskálans hefur verið komið fyrir upplýsingum um fuglategundirnar í Grasagarðinum, algengar sem sjaldgæfar.

Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir. **- gun**

# Sögugöngur í Garðabænum

Söguganga verður í dag, 5. maí, klukkan 11 með Kristínu Helgu Gunnarsdóttur rithöfundi um sögusvið bókanna um Binnu og Móa hrekkjusvín, en þær gerast í Silfurtúni í Garðabæ. Kristín Helga segir frá tilurð bókanna og skoðar Garðahreppinn sem breyttist í bæ. Einnig verður spjallað um barnið í úthverfinu út frá veröld Fíusólar. Þetta er fjölskylduganga sem bæði börn og fullorðnir geta haft gaman af. Lagt verður af stað frá Bókasafni Garðabæjar á Garðatorgi sem bryddar upp á þessari nýjung í samstarfi við menningar- og safnanefnd Garðabæjar.

Önnur ganga verður þriðjudaginn 8. maí frá sama stað klukkan 16.30, upp að Vífilsstöðum með Einari Má Guðmundssyni rithöfundi. Hann fjallar um bók sína Draumar á jörðu. Einnig er hægt að mæta beint á Vífilsstaði klukkan 17.15. Nánar á www.gardabaer.is.



**KRISTÍN HELGA** Segir frá sögusviði bókanna um Binnu og Móa og barnið í úthverfinu út frá veröld Fíusólar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Einstök náttúra eldsveitanna

Málþing um áhrif virkjana í Skaftárhreppi verður haldið í Norræna húsinu í dag milli klukkan 12 og 15. Það ber yfirskriftina Einstök náttúra eldsveitanna. Um tvær virkjanahugmyndir við Fjallabakssvæðið er að ræða: Búlandsvirkjun í Skaftártungu sem er fyrirhuguð í Skaftá og Tungufljóti og Atleyjarvirkjun sem áformuð er í Hólmsá austan Mýrdalsjökuls.

Það eru Landvernd og Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi sem standa að málþinginu. Þar verður meðal annars fjallað um jarðfræði og lífríki Skaftárhrepps, Vigfús Gíslason frá Flögu verður með myndir og fróðleik af fyrirhugaðri virkjanaslóð og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir bóndi á Ljótarstöðum með erindið Landbúnaður og virkjanir. **- gun**



**VIÐKVÆM NÁTTÚRA** Landslag eldsveitanna segir sína sögu. MYND/INGIBJÖRG EIRÍKSDÓTTIR

# *Vináttudagur gegn einelti*

Vináttudagur gegn einelti var haldinn í Hlíðaskóla í blíðunni í gær og mikið líf var á skólalóðinni þegar yngri og eldri börn skiptu sér saman í hópa, leystu verkefni og tóku þátt í hinum ýmsu leikjum. Sumir héldu út á Klambratún sömu erinda.

Allir fengu gul vinabönd, kornflekskökur og mjólk og í lok útivistarinnar var slegið upp pylsupartíi á skólalóðinni. En lokapunkturinn var heimsókn hljómsveitarinnar Blár ópal sem hreif alla með sér í laginu Stattu með sjálfum þér.

„Við erum með fastan dag inni á skóladagatalinu okkar sem við notum til að skerpa á stefnu skólans. Einkunnarorð hans eru ábyrgð, virðing og vinátta og í þeim anda var þessi sumarhátíð. Kennararnir sáu alfarið um að skipuleggja dagskrána, börnin tóku virkan þátt og þetta var afskaplega vel heppnað og skemmtilegt. Svo var veðrið náttúrlega eins og eftir pöntun,“ sagði Kristrún G. Guðmundsdóttir skólastjóri. **- gun**



**PYLSUPARTÍ** Sumir nemendur brugðu sér í hlutverk kokka og elduðu ofan í hópinn, um 600 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

†

Móðir mín,

**ÁSTRÍÐUR GUÐBJÖRNSDÓTTIR**
**frá Rauðsgili,**

lést að morgni 3. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Snorri Tómasson**



---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**DR. ERNIR KRISTJÁN SNORRASON,**
**Seljabrekku, Mosfellsdal,**

lést á Líknardeild Landspítalans, fimmtudaginn 26. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 8. maí kl. 13.00.



**Sólveig Franklínsdóttir**
**Franklín Ernir Kristjánsson**
**Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Þorvaldur Kristjánsson** **Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir**
**Þorvaldur Örn Þorvaldsson**
**Sandra Snorrason**
**Idora Frahi Snorrason**

---

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA ÓSK SIGURÐARDÓTTIR**

lést að Droplaugarstöðum 3. maí.



**Birna S. Karlsdóttir**
**Sigurður Karlsson** **Guðrún Erla Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg M. Karlsdóttir** **Sigurður Örn Kristjánsson**
**Anna Mjöll Karlsdóttir**
**Kristinn Karlsson** **Dagný Þórólfsdóttir**
**Brynjar Karlsson** **Cristina Gonzalez Serrano**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ANDRÉS ÓLAFSSON**
**Fyrrum prófastur á Hólmavík,**

síðar kirkjuvörður í Dómkirkjunni í Reykjavík, andaðist 27. apríl. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 9. maí kl. 13.00.



**Rögnvaldur Andrésson** **Sjöfn Sóley Sveinsdóttir**
**Hlynur Andrésson** **Björg Sigurðardóttir**
**Benedikt Andrésson** **Tatiana Evgeniia Biletska**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Við þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÁSTU INGIBJARGAR ÞORSTEINSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir viljum við færa Jóni Örvari Kristinssyni lækni og Karítas heimaþjónustu fyrir einstaka aðstoð og umhyggju.



**Guðmundur Ingólfsson** **Halla Hauksdóttir**
**Þorsteinn Ingólfsson** **Una Bryngeirsdóttir**
**Haraldur Már Ingólfsson** **Sofía Björg Pétursdóttir**
**Ástríður Helga Ingólfsdóttir** **Kristján Valsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Elskuleg eiginkona mín,

**PERLA K. ÞORGEIRSDÓTTIR**

andaðist að morgni 4. maí.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Brandur Þorsteinsson**



---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RANNVEIG ODDSDÓTTIR**
**áður til heimilis á Kleppsvegi 134, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 22. apríl. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 8. maí kl. 13.00.



**Jónína G. Kjartansdóttir**
**Finnur S. Kjartansson** **Emilía S. Sveinsdóttir**
**Ágúst Oddur Kjartansson** **Guðrún Sveinbjörnsdóttir**
**Ragna S. Kjartansdóttir** **Friðgeir Þ. Jóhannesson**
**Þórir Kjartansson** **Arna Magnúsdóttir**
**Helga Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


GÍ GRANÍT OG LEGSTEINAR

Mikið úrval

Allir legsteinar á kr. 75.000,-



Miðhraun 22 b, 210 Garðabæ, Sími 571 0400 granit@granit.is


---

†

Our belowed sister and aunt,

**ELIZABETH AMOKING,**
**born January 12th, 1949,**

died May 2. 2012. The funeral is in Philippines at May 18th 2012.



**Maria Francisca Biscarra**
**Priscila Biscarra**
**Rogelio Biscarra**
**Jón Paul B. Del Rosario**
**Normandy Del Rosario**
**Sean A. Del Rosario**
**Jasmine M. Del Rosario**
**Gabriel del Rosario**
**Rafael del Rosario**
**Melody Biscarra Quiamco**
**Richard Quilop**
**Melania Camina Biscarra**
**frændur, frænkur og barnabörn.**




**Marinerað lambalæri**
bragð frá Ítalíu




**Gelato di Maranello**
tíramisú, súkkulaði og kirsuberja ís

**Ricette d´Autore antipasti**
Ólífur, balsamik laukur og grilluð paprika

**Franchi salame**
4 tegundir

**Nautahakk**




## OSTA KYNNINGAR Í DAG

kl. 13-17 í Holtagörðum og Spönginni.



**LaSelva**
– grillað grænmeti

**LaSelva bruschetta**
– með sveppum & ætiþistlum

**LaSelva pestó**
– ekta ítalskt

**LaSelva risotto**
– margar tegundir




**Sacla pestó & sósur**
– ómissandi í matargerðina

**Ekta ítalskt cantuccini**
– m/möndlum, m/súkkulaði

**Ítölsk smábrauð**
– nýbakað

**Ítalía olíur, ekta ítalskar**
– hvítlauksolía, ólífuolía

**Ítalía pasta**
– ekta ítalskt

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS
OPNUM KL.10
GOTT VERÐ Í BÓNUS
179
KR. 2 LTR.
359
KR. 480 G
10 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR
639
KR. 560 G
SS PYLSUR 10 STK.
159
KR. 5 STK.
5 STK. BÓNUS PYLSUBRAUÐ
98
KR. 200 G
STEIKTUR LAUKUR
698
KR. 6 LTR.
COKE 4 X 1.5 LTR.= 6 LTR.
1979
KR.KG
KJÚKLINGABRINGUR
1979
KR.KG
KJÚKLINGALUNDIR
BÓNUS FERSKUR
HEILL KJÚKLINGUR
729
KR. KG
SKOÐAÐU GRILL-UPPSKRIFTIR Á WWW.BONUS.IS
3598
KR. KG
KS FROSIÐ LAMBAFILLET
1495
KR. KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1859
KR. KG
FROSINN ÍSL. LAX
BEINHREINSAÐUR
M.ROÐI
GOTT Á GRILLIÐ GOTT Á GRILLIÐ
229
KR. 612 ML
HONEY MUSTARD
OG ORGINAL BBQ SAUCE
198
KR. 680 ML
„TÓMATSÓSAN"
459
KR. 500 ML
CAJ-P
BBQ GRILLOLÍA
KJARNAFÆÐI
1395
KR. KG
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPNUM KL.10 GOTT VERÐ Í BÓNUS OPNUM KL.10

398 KR. PK.
2 STK. 140 GR. FERSKIR
NAUTAHAMBORGARAR

FROSNIR
AÐEINS 170 KR. STK
1698 KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR.
NAUTAHAMBORGARAR

159 KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR
HAMBORGARABRAUÐ

379 KR. 300 ML
„FABRIKKU SÓSAN"

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti

295 KR. 250 GR
ÍSLENSKIR KIRSUBERJA TÓMATAR

459 KR. 1 KG.
ÍSLENSKIR TÓMATAR PAKKAÐIR 1 KG.

295 KR. 225 ML
NONNI LITLI
„BEARNAISE"

279 KR. KG
SÆTAR KARTÖFLUR

129 KR. KG
FRANSKAR HVÍTAR
KARTÖFLUR

139 KR. KG
BRESKAR STÓRAR
BÖKUNAR-KARTÖFLUR

## GOTT Á GRILLIÐ GOTT Á GRILLIÐ

179 KR. KG
GUL MELÓNA

179 KR. KG
RAUÐ VATNSMELÓNA

359 KR. 200G
SPÍNAT 200G

698 KR. 500 G
HEIMA MÖNDLUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**KRAKKAVEFUR UMFERÐARSTOFU** er stórskemmtilegur vefur ætlaður börnum í 1. til 5. bekk. Þar er að finna námsefni, verkefni og leiki af ýmsu tagi sem vonandi vekja áhuga nemenda. Slóðin er http://www.umferd.is/page/umferd.is_krakkar.

## Lísaloppa og Kata í ratleik 14

Bragi Halldórsson

„Stafaþraut," rumdi í Kötu, sem bersýnilega var ekki allt of ánægð með það. „Ég er viss um að við eigum að finna 50 orð yfir blúndur." „Ekki alveg," sagði Lísaloppa. „Við eigum aðeins að finna þrjú orð." „Nú, það er betra en 50," sagði Kata. „Hvaða orð eru það?" bætti hún við. „Þrjú helstu illgresin sem fólk reytir eða stingur upp á hverju vori í görðunum sínum." „Illgresi!" kvein í Kötu. „Er þetta ekki allt bara illgresi? Ég kann best við steinsteypu, þar er þó hægt að vera á línuskautum."

Getur þú fundið heiti þeirra þriggja jurta sem flest fólk byrjar á að fjarlægja úr görðum sínum á vorin?

Fyrsta byrjar á A, næsta byrjar á F og það þriðja byrjar á N.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Í | É | Ú | R | F | I | É | Ð | Þ |
| F | Á | É | V | F | A | N | A | H |
| Í | Ð | Ð | A | Ú | S | R | F | N |
| F | Y | Ó | M | R | R | T | F | Ú |
| I | Ó | Ð | É | F | B | X | A | I |
| L | D | H | H | N | J | Ó | L | I |
| L | Ý | X | Ý | G | M | Ð | F | Þ |
| Ú | H | Á | Ö | Æ | Ó | Ö | R | V |
| Þ | Ý | É | Þ | Æ | M | J | J | E |





## BRANDARAKISTAN

**Hefurðu heyrt um manninn sem var svo stuttur að þegar hann hljóp steig hann alltaf á hælana á sér?**

**En hefurðu heyrt um manninn sem var svo lítill að það var táfýla af hárinu á honum?**

**Hefurðu þá heyrt um manninn sem var svo langur að það tók hann hálftíma að detta?**

**Eða hefurðu heyrt um manninn sem var svo mjór að það var bara ein rönd á náttfötunum hans?**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# HELDUR MEÐ FIMLEIKAFÉLAGI APANNA

**Lilli api og félagar hans í Brúðubílnum verða á fleygiferð við að skemmta íslenskum börnum í sumar eins og síðustu þrjátíu árin. Lilli er alltaf fimm ára og borðar yfir hundrað banana á dag.**

***Hvað heitirðu fullu nafni?*** Ég er langminnstur af öllum öpunum í Brúðubílnum og þess vegna alltaf kallaður Lilli api.

***Hvað ertu gamall?*** Ég er alltaf 5 ára. En ég held ég sé búinn að vera í Brúðubílnum í 30 ár.

***Hvar fæddist þú?*** Auðvitað í Afríku. Þar er alveg glás af banönum.

***Hvert er uppáhaldslagið þitt?*** Lagið um dýrin í Afríku. Oja, oja, ahaha. Ég hef oft sungið það fyrir krakkana.

***Hvað finnst þér best að borða?*** Bananar eru sko uppáhaldið mitt. Ég borða áreiðanlega yfir 100 banana á dag.

***Hver er besti vinur þinn?*** Allar brúðurnar í Brúðubílnum, líka úlfarnir og refirnir og krókódíllinn.

***Ertu ánægður með að vera appelsínugulur, eða myndirðu frekar vilja vera öðruvísi á litinn, til dæmis grænn eða blár?*** Rosalega ánægður því appelsínugulur er fallegasti litur í heimi. En Krókódíllinn er grænn og Blárefurinn blár.

***Kíkirðu stundum á Facebook-síðuna þína?*** Næstum því á hverjum degi, en ég kann ekki að lesa nógu vel.

***Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?*** Að syngja með krökkunum. Í sumar ætlum við að syngja fullt af lögum.

***Verður þú aldrei bílveikur í Brúðubílnum?*** Einu sinni gubbaði ég í sætinu, bílstjórinn varð að stoppa bílinn. Hann skammaði mig ekkert.

***Kanntu góðan brandara?*** Bara einn… á ég að segja ykkur hann … æææ ég held ég sé búinn að gleyma honum.

***Hvernig heldurðu að Gretu Salóme og Jónsa gangi í Eurovision?*** Ég er næstum viss um að þau verða nr. 2.

***Með hvaða íþróttaliði heldurðu?*** FFA er uppáhaldsliðið mitt. Það er Fimleikafélag apanna. Ég er alltaf að klifra í Brúðubílnum, ég hef meira að segja klifrað upp á þak. En þá kom Helga og bannaði mér það, sagði að ég gæti dottið og meitt mig.










## KRAKKAKYNNING

### Ætla að verða flugmaður eins og pabbi



**Nafn og aldur:** Dagur Björn Benediktsson, 9 ára.

**Í hvaða skóla ertu:** Vífilsskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ.

**Í hvaða stjörnumerki ertu:** Í ljóninu.

**Áttu happatölu?** 53.

**Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum?** Les Syrpur, leik við vini, fer í pottinn, fer í tölvuna, spila og fer út í leiki.

**Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Malcolm in the middle.

**Besti matur?** Burritos.

**Eftirlætisdrykkur?** Appelsín og vatn.

**Hvaða námsgrein er í uppáhaldi?** Stærðfræði.

**Áttu gæludýr – ef svo er, hvernig dýr og hvað heitir það?** Já, kött. Hann heitir Lárus og er 13 ára.

**Skemmtilegasti dagurinn og af hverju?** Föstudagar af því að þá er pitsa og kósí.

**Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit?** Taio Cruz.

**Uppáhaldslitur?** Rauður.

**Hvað gerðirðu í sumar?** Fór á Shell-mótið í Vestmannaeyjum, fór á ættarmót í Breiðdal, var á Reyðarfirði, var í sumarbústað og fór með pabba mínum til Boston.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Víti í Vestmannaeyjum.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór?** Flugmaður eins og pabbi.

**FRÁBÆR VERÐ**
**Á FLOTTUM MERKJUM**



# Fótboltaskór

## frá Puma í miklu úrvali



**PowerCat 1.10** 50%
Létt örtréfjaefni.
Stærðir 40-46
Verð: 45.990 kr.
Outlet-verð: **22.990 kr.**



**PowerCat 1.10** 40%
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 44.990 kr.
Outlet-verð: **26.990 kr.**



**PowerCat 4.10** 33%
Gerviefni
Stærðir 42-46
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **7.990 kr.**

**Mikið úrval af fótbolta-skóm á börn og fullorðna í stökum stærðum.**
**Verð frá 4.990 kr**



**v5.10 - jr** 33%
Stærðir 34 - 39
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **7.990 kr.**




**PowerCat jr** 25%
Stakar stærðir
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **8.990 kr.**



**King finale** 42%
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 39.990 kr.
Outlet-verð: **22.990 kr.**



**Liga finale** 33%
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: **11.990 kr.**



**Liga finale gervigras** 33%
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: **11.990 kr.**



**King Wn´s** 40%
Leður
Stelpuútgáfa af hinum vinsæla King-skó.
Stærðir 36-40,5
Verð: 33.990 kr.
Outlet-verð: **19.990 kr.**



**v6.10 - junior** 30%
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**v6.10 - junior** 30%
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**v1.10 K** 46%
Mjúkt K-leður
Stærðir 41-46
Verð: 49.990 kr.
Outlet-verð: **26.990 kr.**



**v1.10 K** 46%
Mjúkt K-leður
Stærðir 41-46
Verð: 49.990 kr.
Outlet-verð: **26.990 kr.**

**Fótboltasokkar**
**Legghlífar**
**Hanskar**
**Boltar**



**v6.10 - junior Gervigrasskór** 30%
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**v6.10 - junior Gervigrasskór** 30%
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**

**SPORT OUTLET**

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** líka, **8.** langar, **9.** dá, **11.** svörð, **12.** rót, **14.** ís, **16.** gyltu, **17.** aðstoð, **18.** hnoðað, **20.** fyrir hönd, **21.** skjóla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bær, **3.** tveir eins, **4.** skipafélag, **5.** skordýr, **7.** sveppur, **10.** mál, **13.** poka, **15.** innyfla, **16.** dorma, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** og, **8.** vil, **9.** rot, **11.** mó, **12.** grams, **14.** klaki, **16.** sú, **17.** lið, **18.** elt, **20.** pr, **21.** fata.
**LÓÐRÉTT: 1.** borg, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** fló, **7.** gorkúla, **10.** tal, **13.** mal, **15.** iðra, **16.** sef, **19.** tt.


**Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar**

**Ársfundur 2012**

Ársfundur Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar verður haldinn mánudaginn 21. maí nk. kl. 16.00, í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði.

**Dagskrá**
1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Breyting á samþykktum
3. Önnur mál löglega upp borin
   a. Kynning á mögulegri sameiningu lífeyrissjóða með bakábyrgð sveitarfélaga

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta. Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

*Hafnarfirði, 3. maí 2012*
*Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar*



ÁS FASTEIGNASALA

Fjarðargötu 17,
Hafnarfirði
Opið virka daga kl. 9-17
Sími 520 2600

Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Kári Halldórsson,
löggiltur fasteignasali.

**KLETTAGATA 15 í Hfj.**
**Opið hús sunnudaginn 6. MAÍ FRÁ KL. 16.00-17.00**






**"LAUST STRAX" 292,8 fm einbýli við Klettagötu 15 í Hafnarfirði.**
**Verð 59,9 millj.**
Aukaíbúð á neðri hæð. Falleg og vönduð eign, Frábær staðsetning, glæsileg verönd.
**Nánari upplýsingar og myndir http://www.as.is/soluskra/eign/fasteign/241736/**



BYLGJAN 989



**Sprengisandur**
**kraftmikill þjóðmálaþáttur**

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12


# Bölvun hlýrabolsins

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Með hækkandi sól hafa áhyggjur mínar af klæðaburði sumarsins aukist. Það er augljóst að stigvaxandi hitastig hefur gríðarleg áhrif á hvernig fólk klæðir sig, ásamt því reyndar að umturna viðhorfi heillar þjóðar til lífsins. Það er því fullkomlega eðlilegt að ég verji öllum frítíma mínum í vangaveltur, mátanir, upplýsingaöflun og njósnir.

**SUMARSTUTTBUXURNAR,** eða stullurnar eins og ég kalla þær, eru komnar af hillunni. Þar hafa þær hvílt síðustu átta mánuði og ég er byrjaður að horfa í kringum mig í leit að sumarlegum bolum og skyrtum. Úr vöndu er að ráða og tískumeðvitaðar samstarfsstúlkur fá því lítinn frið fyrir ágengum spurningum mínum í sambandi við litaval, boð og bönn í sokkavali, sólgleraugu og hvort maður með jafn lágt enni og ég geti nokkurn tíma orðið hattamaður.

**EIN** flík hefur valdið mér meira hugarangri en aðrar, enda virðast fyrrnefndar samstarfsstúlkur á öndverðum meiði í viðhorfi til notkunar hennar á vinnustaðnum. Þá hafa engar reglur verið skráðar um flíkina, sem er afar furðulegt — sérstaklega í ljósi þess að nú er verið að endurskoða sjálfa stjórnarskrána. Ég er að sjálfsögðu að tala um hlýrabolinn.

**HLÝRABOLURINN** ver minna hold en aðrir bolir og er því lítið notaður á veturna. Þegar sólin byrjar að skína vill fólk hins vegar forðast bóndabrúnku og smeygir sér jafnan í hlýrabolinn undir aðra flík, sem hægt er að vippa sér úr til að ná svokölluðu *kaffitímatani*. Það er betra en annað tan vegna þess að það er eina tanið sem skrifstofufólk fær greitt fyrir að safna.

**SAMFÉLAGIÐ** samþykkir hlýrabolinn utandyra, en á skrifstofunni ku hann vera stranglega bannaður, nema mögulega á kraumandi heitum skrifstofum Tenerife. Berir handleggir geta valdið miklum óþægindum hjá siðprúðu samstarfsfólki ásamt því að uppnám getur skapast þegar líkamslykt fær óhindraðan aðgang að vinnuumhverfinu.

**JAÐARKIMAR** samfélagsins virðast þó telja að hlýrabolir séu í góðu lagi í opnu skrifstofurými og tala jafnvel fyrir því að fólk sé berfætt í svokölluðum *flipp flopps*. Þessar hugmyndir þarf að kæfa við fæðingu. Undir engum kringumstæðum ætti fólk að vera berfætt í innivinnu.

**ALLAR** falla þessar vangaveltur undir bölvun hlýrabolsins, sem hefur heltekið huga minn síðustu viku, á meðan ég safna bóndabrúnku í léttsteikjandi maísólinni. Fjandinn.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




BÓNUS KORPUTORGI
BÝÐUR **BAUHAUS**
VELKOMIÐ Í HVERFIÐ!



FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI**
**1098 KR.KG.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
1498 kr. kg
Lambalæri, þú velur: ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín eða trönuberja og eplamarineringu!
40% afsláttur
2939 kr. kg
Verð áður 4898 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent
LJÚFFENGT
– og gott á grillið!
40% afsláttur
898 kr. kg
Verð áður 1598 kr. kg
Grísakótilettur, þú velur: ítalska eða hvítlauk og rósmarín marineraðar
40% afsláttur
1079 kr. kg
Verð áður 1798 kr. kg
Grísahnakki í New York marineringu
30% afsláttur
30% afsláttur
1798 kr. kg
Verð áður 2598 kr. kg
Ungnautagúllas eða snitsel
2 hamborgarar
2 brauð
Beikon
Ostur
Sósa
Lúxus borgari
698 kr. pk.
Lúxus hamborgari, 2 í pk.
1198 kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín
KRÓNAN
Kjúklingur
1998 kr. kg
Krónu kjúklingabringur
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is
Aukakrónur
Safnaðu AUKAKRÓNUM
í öllum verslunum krónunnar




# 100% hreint kjöt!

**2499** kr. kg

Ferskir, ósprautaðar kjúklingabringur




## Heilsublaðið er komið út

stútfullt af góðum tilboðum!




ALLT Í BOOSTIÐ

**349** kr. pk.

Frugt ber og ávextir



ALLT í einum brúsa

**399** kr. stk.

Brúsi með röri og geymsluhólfi undir til að geyma vítamín o.fl.

## GRØN BALANCE ER LÍFRÆN OG UMHVERFISVÆN VÖRULÍNA







## Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# menning

menning@frettabladid.is



**NÁND – CLOSE** Sýningin NÁND/CLOSE verður opnuð í Menningarverkefninu Hlöðunni í Vogum í dag, laugardaginn 5. maí, klukkan 16. Sýningin er samstarfsverkefni systranna Gunnhildar og Brynhildar Þórðardætra og er innblásin af súrrealískum heimi þeirra þar sem gínur geta breyst í húsgögn (gínugögn), loðnir bollar innihalda ljóð (loðbolli) og föt verða að listaverkum. Sýningin stendur yfir til 20. maí.


**Tónlistarskóli FÍH**

**auglýsir eftir umsóknum um skólavist fyrir skólaárið 2012-2013**



**Innritun nýnema fyrir næsta skólaár 2012-2013 stendur yfir hjá Tónlistarskóla FÍH til 7. maí n.k.**

Sótt er um skólavist á heimasíðu skólans www.tonlistarskolifih.is og á rvk.is (Rafræn Reykjavík)
Allir nýnemar þreyta inntökupróf í skólann. Umsækjendur fá bréf um miðjan maí um tíma fyrir inntökupróf en þau fara fram dagana 4-6 júní n.k. Umsækjendur fá svar um skólavist í lok júní.

Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvalskennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi. Skólinn hefur mikla sérstöðu meðal tónlistarskóla landsins þar sem kennd er hefðbundin tónlist (sígild tónlist) og rythmiski tónlist ( djass, popp, rokk,)

Tónlistarskóli FÍH býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð og um leið gerir skólinn kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu.

**Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.**






**Hreinn Friðfinnsson - Í bili**

Í dag fjallar Gunnar J. Árnason listheimspekingur um myndlistarmanninn Hrein Friðfinnsson og verk hans í ráðstefnusal Arion banka. Fyrirlesturinn hefst kl. 13:30 og ber yfirskriftina Í bili.

Jafnframt opnar sýning á verkum Hreins á sama tíma í Arion banka, Borgartúni 19.

**Allir velkomnir**

Arion banki




**BRYNJA DÖGG FRIÐRIKSDÓTTIR** Dagskránni á hátíðinni er skipt í fjóra meginflokka: Íslenskar myndir, konur í kvikmyndum, pólskar myndir og nýliða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# SHORTS & DOCS ALDREI VEGLEGRI

**Yfir 75 stutt- og heimildarmyndir verða sýndar á Reykjavík Shorts & Docs hátíðinni, sem haldin er í tíunda sinn í ár og hefur aldrei verið viðameiri.**

Stutt- og heimildarmyndahátíðin Reykjavík Shorts & Docs stendur dagana 6. til 9. maí. Þetta er í tíunda skipti sem hátíðin er haldin og hefur dagskráin aldrei verið umfangsmeiri, að sögn Brynju Daggar Friðriksdóttur, kynningarfulltrúa hátíðarinnar.

„Við bjóðum upp á rúmlega 75 myndir sem eru framleiddar í yfir 20 löndum, svo myndirnar koma víða að.“

Dagskránni er skipt í fjóra flokka; Íslenskar myndir, Pólskar myndir, Konur í kvikmyndum og Nýliðar.

„Í íslenska flokknum eru myndir sem eru gerðar á Íslandi eða leikstýrt af Íslendingi og margar þeirra verða heimsfrumsýndar á hátíðinni. Pólsku myndirnar eru sýndar í samvinnu við pólsku ræðisskrifstofuna á Íslandi og Short Waves kvikmyndahátíðina í Póllandi. Í kvennaflokknum eru myndir sem eiga það sameiginlegt að fjalla um konur og/eða er leikstýrt af konum, en þessi flokkur nýtur góðs stuðnings bandaríska dreifingarfyrirtækisins Women Make Movies, landsnefnd UN-Women á Íslandi, Stígamótum og W.O.M.E.N, samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi.“

Í nýliðaflokki eru svo sýndar myndir sem eru annað hvort frumraun eða önnur mynd leikstjórans en sérstök verðlaun verða veitt í þessum flokki 9. maí.“

Þá er von á um 20 erlendum gestum á hátíðina; leikstjórum, dagskrárstjórum, dreifingaraðilum og framleiðendum.

Brynja segir tímasetningu hátíðarinnar í ár sérlega heppilega til að laða að góða gesti úr bransanum.

„Heimildarmyndahátíðin Hot Docs í Kanada er nýafstaðin og svo er auðvitað kvikmyndahátíðin í Cannes í maí, sem gerir að verkum að við erum mjög álitlegt stopp fyrir fólk úr kvikmyndageiranum sem er á leið þarna á milli. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að hátíðin sé komin á plan sem hún hefur ekki verið á áður og stefnan er að halda henni þar áfram, enda hefur mikill tími og orka farið í undirbúninginn.“

> Heimildarmyndahátíðin Hot Docs í Kanada er nýafstaðin og svo er auðvitað kvikmyndahátíðin í Cannes í maí, sem gerir að verkum að við erum mjög álitlegt stopp fyrir fólk úr kvikmyndageiranum sem er á leið þarna á milli.
>
> **BRYNJA DÖGG FRIÐRIKSDÓTTIR**
> KYNNINGARFULLTRÚI SHORTS & DOCS

Nálgast má upplýsingar um dagskrána á heimasíðu hátíðarinnar: shortsdocsfest.com og á Facebooksíðu hennar.

bergsteinn@frettabladid.is

# www.kaupumgull.is

# Græddu á gulli á Grand hótel! um helgina



Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!



**Vegna mikillar eftirspurnar**

**Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel**
**Laugardaginn 5. maí frá kl. 11:00 til kl. 19:00**
**Sunnudaginn 6. maí frá kl. 11:00 til kl. 19:00**
**Mánudaginn 7. maí frá kl. 11:00 til kl. 19:00**

Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, styttur, kertastjaka o.fl





## FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.



Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier, Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.



Kaupum alla demanta



**Staðgreiðum einnig verk eftir þekkta íslenska listmálara**
eins og Gunnlaug Blöndal,
Jóhannes Kjarval,
Svavar Guðnason, Flóka,
Ásgrím Jónsson,
Nínu Tryggvadóttur,
Karólínu Lárusdóttrir,
Jón Stefánsson,
Georg Guðna
og fleiri.





**Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hóteli**

Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is





**ELEKTRA ENSEMBLE** Matthías B. Nardeau óbóleikari verður gestur á tónleikunum.

# Vortónleikar Elektru

Blásaratónlist verður allsráðandi á vortónleikum Elektra Ensemble á Kjarvalsstöðum á sunnudagskvöld klukkan 20.

Matthías Birgir Nardeau óbóleikari verður síðasti gestur vetrarins hjá Elektru en hann hefur vakið athygli fyrir óbóleik sinn undanfarið bæði sem einleikari og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á efnisskrá eru verk fyrir flautu, óbó, klarínett og píanó eftir Malcolm Arnold, Jean-Michel Damase og Camille Saint-Saëns.

Flytjendur á tónleikunum auk Matthíasar eru Ástríður Alda Sigurðardóttir, Emilía Rós Sigfúsdóttir og Helga Björg Arnardóttir.

# Kvikan í styttum Ásmundar

Ný sýning á verkum myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar verður opnuð í Ásmundarsafni við Sigtún í dag. Við sama tilefni verður endurtekinn „gjörningur“ í höggmyndagarðinum, sem Ásmundur taldi að kenndi börnum að meta og þykja vænt um stytturnar.

Sýningarstjórar eru Steinunn G. Helgadóttir myndlistarmaður og Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur. Þær segja Ásmund hafa leitað víða fanga fyrir listsköpun sína, þar á meðal bókmenntir, sögu og náttúru en einnig voru móðirin og hinn vinnandi maður mikilvæg leiðarstef í verkum hans. En þegar skyggnst sé undir yfirborðið í höggmyndum Ásmundar leynist þar oft heit kvika. „Viðfangsefni þessarar sýningar er kvikan sem afhjúpast þegar verkin eru skoðuð og greind í samhengi við líf listamannsins og þá tíma sem hann lifði.“

Sýningin Inn í kviku er þríþætt og lýtur að inntaki í verkum Ásmundar, formi og tímaskeiðum. Leitast er við að nýta húsið í Sigtúni sem rökréttan hluta af og umgjörð um sýninguna ásamt höggmyndagarðinum í kringum húsið sem geymir mörg af þekktustu verkum listamannsins.

Sýningin verður opnuð klukkan 16 í dag. Á morgun, sunnudag, fara sýningarstjórarnir um sýninguna og ræða við gesti.



**ÁSMUNDUR SVEINSSON** Brugðið verður nýju ljósi á verk hans á sýningunni.


OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 11. MAÍ

LISTKENNSLA

MEISTARANÁM Í LISTKENNSLU

TÓNLIST

SKÖPUN, MIÐLUN OG FRUMKVÖÐLASTARF (NAIP)

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM INNTÖKUSKILYRÐI OG NÁMSLEIÐIR Á LHI.IS

**Listkennsludeild**
*Meistaranám í listkennslu*
*Inntökuskilyrði:*

BA gráða eða sambærilegt nám í listgrein.

Auk þess er tekið á móti umsóknum frá einstaklingum með B.Ed gráðu eða sambærilegt 180 eininga nám í kennslu og umtalsverða menntun og/eða reynslu á sviði leiklistar, tónlistar eða dans.

**Tónlistardeild**
*Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (NAIP)*

Meistaranám sem er samstarfsverkefni 5 tónlistarháskóla í Evrópu.

www.musicmaster.eu

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts




**FRÁ SÝNINGUNNI** Hrafnkell lóðsar gesti um sýningu á nýjum verkum.

## Hrafnkell lóðsar gesti

**Hrafnkell Sigurðsson og Ólöf K. Sigurðardóttir ræða við gesti á sunnudag um sýningu Hrafnkels, Hafnarborgina, sem nú stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar.**

**Hrafnkell sýnir þar ný verk, en efnivið þeirra sækir hann í karlmannlegt athafnasvæði Slippsins þar sem skip eru dregin á land til viðhalds og endurbóta. Hann sýnir ljósmyndir sem minna á málverk og áhrifamikla myndbandsinnsetningu en einnig veggverk og textíl þar sem hann notar meðal annars vinnutuskur sem hann dró upp úr drullunni í slippnum og saumaði saman, en lykt og áferð tengja verkið sterkt við uppruna sinn.**

## Gengið um Mosfellsdal

**Vinafélag Gljúfrasteins og Ferðafélag Íslands býður upp á gönguferð um æskuslóðir Halldórs Laxness í Mosfellsdalnum. Mæting er við Gljúfrastein klukkan 10 sunnudaginn 6. maí.**

**Áfangastaðir göngunnar verða meðal annars Bringur en þaðan verður gengið að Helgufossi og niður með Köldukvísl að Gljúfrasteini, þar sem garðurinn verður skoðaður og síðan húsið. Stoppað verður á leiðinni og verða lesnar stuttar tilvitnanir úr bókum skáldsins. Gangan endar á Gljúfrasteini þar sem Pétur Ármannsson arkitekt og fararstjóri göngunnar mun segja frá Ágústi Pálssyni arkitekt, stíl hans og sjónarmiðum við hönnun Gljúfrasteins.**



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 05. maí 2012

**Tónleikar**

**14.00** Kvennakórinn Senjóríturnar heldur sína árlegu vortónleika í Grensáskirkju.

**16.00** Karlakórinn Fóstbræður heldur vortónleika í Langholtskirkju. Tenórsöngvarinn Gissur Páll Gissurarson kemur fram með þeim. Miðaverð er kr. 3.000.

**16.00** Álafosskórinn í Mosfellsbæ heldur vortónleika í Safnaðarheimili Lágafellskirkju, Þverholti 3, Mosfellsbæ. Á efnisskránni eru létt og skemmtileg lög úr ýmsum áttum. Miðaverð er kr. 1.500.

**Listasmiðja**

**13.00** Guðrún Vera Hjartardóttir myndlistarmaður og sýningarstjóri verður með listasmiðju fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára í Gerðarsafni. Smiðjan er í tengslum við Kjarval sýninguna Í teikningunni er hugsunin um teikninguna. Þátttaka er ókeypis.

**Sýningar**

**16.00** Ný sýning á verkum myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar verður opnuð í Ásmundarsafni við Sigtún.

**16.00** Hildur systrafélag kynnir sýninguna Nánd/Close sem verður opnuð í Menningarverkefninu Hlöðunni í Vogunum. Sýningin er samstarfsverkefni systranna Gunnhildar og Brynhildar Þórðardætra. Aðgangur er ókeypis.

**Umræður**

**11.30** Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri og Huld Arinbjarnardóttir varaþingmaður verða gestir á laugardagsspjalli Framsóknar að Hverfisgötu 33. Þau munu ræða um Rammaáætlun um orkunýtingu, undirbúning og vinnslu hennar.

**14.00** Heimspekikaffihúsið verður á Horninu, Hafnarstræti 15. Allir sem hafa gaman af rökræðu eru velkomnir.

**Uppákomur**

**11.00** Kristín Helga Gunnarsdóttir leiðir göngu um Garðabæ þar sem farið verður um sögusvið bókanna um Binnu og Móa hrekkjusvín. Bæði börn og fullorðnir geta tekið þátt og haft gaman af. Lagt verður af stað frá Bókasafni Garðabæjar á Garðatorgi.

**13.30** Í tilefni af Harmonikudeginum sem er í dag mun Félag harmonikuunnenda í Reykjavík leika víða á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal í Kolaportinu, Húsgagnahöllinni og Mjóddinni.

**Tónlist**

**15.00** Tónstofa Valgerðar býður upp á tónleika í Hörpuhorninu á annarri hæð Hörpu, við hliðina á Eldborgarsalnum. Bjöllukórinn ásamt einleikurum og söngvurum flytur íslensk og erlend þjóðlög, dægurlög og klassíska tónlist.

**16.00** Mynd- og tónverkið Quadrant og lagaflokkurinn Strengur verða flutt á sameiginlegum tónleikum í Norræna húsinu.

**17.00** Kór Grafarvogskirkju, ásamt Stúlknakór Reykjavíkur, flytur tónverkið Carmina Burana eftir Carl Orff í Grafarvogskirkju. Miðaverð er kr. 3.000.

**21.00** Hljómsveitin Retrobot heldur tónleika á neðri hæð Bar 11 en hún sigraði Músíktilraunir á dögunum. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Blússveit Þollýjar, Síðasti Séns og Cynic Guru stíga á stokk á Dubliner. Allur ágóði tónleikanna rennur til Bláa naglans, krabbameinsátaks karla. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Klaufarnir spila á hlöðuballi á Spot, Kópavogi.

**22.00** Megakukl spilar á Café Rosenberg.

### Sunnudagur 06. maí 2012

**Tónleikar**

**17.00** Reykjalundarkórinn heldur tónleika í fríkirkjunni í Reykjavík ásamt kvennakór háskólans í Manitoba, Kanada. Fjölbreytt og nýstárleg efnisskrá. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en frítt fyrir börn yngri en 12 ára.

**Sýningar**

**11.00** Ljósmyndasýningin Fuglablik í Grasagarðinum opnar í Café Flóru í samstarfi við Fuglavernd. Í anddyri garðskálans verður einnig afhjúpaður nýuppfærður upplýsingaveggur um fuglategundirnar í Grasagarðinum. Aðgangur ókeypis.

**13.00** Handverkssýning eldri borgara í Kópavogi verður í Gjábakka, Gullsmára og Boðanum. Fjölbreytt handverk hinna listhögu eldri borgara í Kópavogi.

**15.00** Myndasögusýningin Manga opnar á Reykjavíkurtorgi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15.

**Umræður**

**15.00** Þriðji fundur samræðudagskrár sýningarinnar Núningur/Friction fer fram í Listasafni ASÍ. Ingirafn Steinarsson, Katrín Eyjólfsdóttir og Unnar Örn J. Auðarson halda erindi og sjórna umræðum.

**Kvikmyndir**

**22.00** Kvikmyndin The Blob verður sýnd í Þynnkubíói á Prikinu. Popp í boði.

**Uppákomur**

**10.00** Vinafélag Gljúfrasteins og Ferðafélag Íslands bjóða upp á gönguferð um æskuslóðir Halldórs Laxness í Mosfellsdalnum. Mæting við Gljúfrastein.

**13.00** Hist verður við gömlu þvottalaugarnar í Laugardalnum og farið í hláturgöngu um dalinn í tilefni af alþjóðlegum hláturdegi sem haldinn er í dag.

**17.00** Kosningavaka verður í hátíðarsal Háskóla Íslands vegna forsetakosninganna í Frakklandi. Úrslit kosninganna verða sýnd í beinni útsendingu með íslenskum skýringum Egils Helgasonar.

**Dansleikir**

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhyl 4. Hljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist til klukkan 23.00. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

**Málþing**

**13.30** Í tilefni af lokadegi vorsýningar Listaháskóla Íslands efna útskriftarnemendur og kennarar myndlistadeildar til málhófs í fjölnotasal Hafnarhúss Listasafns Reykjavíkur. Allir velkomnir.

**Tónlist**

**12.30** Óperukórinn í Reykjavík, undir stjórn Garðars Cortes, heldur tónleika í Vinaminni, safnaðarheimili Akraneskirkju, í samvinnu við Kór Akraneskirkju. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Harmonikuveisla Félags harmonikuunnenda í Reykjavík verður í Iðnó. Þar koma meðal annars fram Harmonikukvintett Reykjavíkur, gestur frá Skotlandi og Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir.

**16.00** Óperukórinn í Reykjavík, undir stjórn Garðars Cortes, heldur tónleika í Borgarneskirkju. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Andrea Jónsdóttir leikur klassískt rokk af plötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Blásaratónlist verður allsráðandi á vortónleikum Elektra Ensemble sem verða haldnir á Kjarvalsstöðum. Miðaverð á tónleikana er kr. 2.000/1.500.

**Leiðsögn**

**14.00** Boðið verður upp á barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands. Helga Einarsdóttir safnkennari mun ganga með börnin í gegnum grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, Þjóð verður til - menning og samfélag í 1200 ár.

**15.00** Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri við Listasafn Reykjavíkur, leiðir gesti um sýningu Antoni Tàpies á Kjarvalsstöðum.

**Listamannaspjall**

**15.00** Hrafnkell Sigurðsson og Ólöf K. Sigurðardóttir ræða við gesti um sýningu Hrafnkels, Hafnarborgina, sem nú stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar, Strandgötu 34.





Husqvarna í 140 ár

1872 2012



Afmælisvélar frá Husqvarna




HS-140M

Verð kr. 69.900




HS-140C

Verð kr. 169.900

20% afsláttur af öllum vörum!

**Við erum í hátíðarskapi og veitum 20% afslátt af öllum vörum í verslun okkar föstudag og laugardag.** Afsláttur af saumavélum, ljósum, smáraftækjum, heilsuvörum, heyrnartólum o.fl.

Sýning á antík saumavélum

**Pfaff á landsins mesta úrval af gömlum saumavélum** og verða þær til sýnis í versluninni.

**Verið velkomin!**

140th Anniversary Husqvarna VIKING

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is • facebook.com/pfaff.is



**KEMUR Í VEG FYRIR HJARTAÁFALL** Samkvæmt nýjum rannsóknum Karolinska institutet í Svíþjóð getur neysla mjólkurvara með lága fituprósentu komið í veg fyrir hjartaáfall. Þess vegna er þeim sem eru í áhættuhóp fyrir hjartasjúkdóma ráðlagt að drekka léttmjólk í stað nýmjólkur.

# Borða mest af kjöti

**MATUR** Íbúar í Lúxemborg neyta mest af kjöti miðað við höfðatölu ef marka má nýjustu upplýsingar frá Matvælaeftirliti Bandaríkjanna.

Alls var kjötneysla 177 þjóða skoðuð og í efsta sæti sat Lúxemborg, en íbúar landsins neyta að meðaltali um 136,5 kílóa af kjöti á mann árlega. Sú þjóð er neytti minnst kjöts voru íbúar Indlands.



**LÚXEMBORGARAR BORÐA MEST** Íbúar í Lúxemborg borða hvað mest af kjöti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FASTEIGNASALAN
ÁRBORGIR



Þorsteinn Magnússon lögg. fasteignasali

Austurvegi 6 – Sími 482 4800 – www.arborgir.is

## Guðjónsgata, Úthlíð



Snyrtilegt sumarhús á fallegri útsýnislóð í Úthlíð í Bláskógabyggð. Húsið er 51,3 m2 að stærð, timburhús klætt að utan með liggjandi timburklæðningu, stallað járn er á þaki. Að innan skiptist eignin í forstofu, 2 herbergi, baðherbergi, stofu og eldhús auk þess sem rúgmott svefnloft er yfir hluta hússins. Plastparket er á gólfum og í eldhúsi er ágæt innrétting. Stór og góður sólpallur með heitum potti og skjólveggjum er við húsið. Lóðin er mjög snyrtileg og eru leiktæki á henni. Stutt er í ýmsa afþreyingu og þjónustu.

## Reykjavegur, Reykjaskógi.



Gott sumarhús sem stendur á fallegri leigulóð í Reykjaskógi í Bláskógabyggð. Húsið er alls um 53 m2 að stærð og skiptist í forstofu, baðherbergi, 2 herbergi stofu og eldhús. Sólpallur með heitum potti og skjólveggjum er við húsið. Lóðin er gróin og útsýni er fallegt. Stutt í ýmsa afþreyingu og þjónustu.

**Nánari upplýsingar gefur Þorsteinn Magnússon lgf í síma 894 2045**

# Er á móti öfgum í heilsurækt

**Hættum að tengja ákveðið útlit við heilbrigði og fögnum fjölbreytileikanum er boðskapur Megrunarlausa dagsins sem fer fram á morgun. Samtök um líkamsvirðingu hvetja alla til að staldra við og íhuga útlitsboðskap samfélagsins.**

**HEILSA** „Í dag finnst mér ríkja meira samþykki fyrir því að fólk megi ganga ansi langt í að grenna sig og móta líkama sinn,“ segir Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur og formaður Samtaka um líkamsvirðingu, sem standa að Megrunarlausa deginum, sem fer fram á morgun.

Sigrún segist finna fyrir breytingum í samfélaginu síðan fyrsti Megrunarlausi dagurinn var haldinn hér á landi fyrir sex árum og að umræðan sé að dragast í tvær mismunandi áttir. „Annars vegar er komið ákveðið samþykki fyrir öfgafullum leiðum í heilsurækt og þyngdarstjórnun þar sem útlitsdýrkun er gríðarlega áberandi og mér finnst eins og fólk sé í sívaxandi mæli að tengja ákveðið útlit við heilbrigði,“ segir Sigrún og bætir við að sem betur fer sé einnig að aukast vitund fólks um mikilvægi andlegs og félagslegs heilbrigðis. „Líðan okkar dag frá degi, heilbrigð samskipti og heilbrigð sjálfsmynd eru ekki síður hluti af heilsu og velferð. Þrátt fyrir þessar öfgar finnst mér líka eins og samþykki fyrir fjölbreytileikanum sé að aukast og fólk sé að átta sig á mikilvægi þess að lifa í sátt við líkama sinn.“

Sigrún segir fjölmiðla gegna mikilvægu hlutverki í þessari umræðu og telur að þeir verði að átta sig á ábyrgðinni sem fylgir myndbirtingum og umfjöllunum um heilsurækt og útlit. „Mér finnst sorglegt að sjá hvernig fjölmiðlar hampa öfgum í líkamsrækt og stuðla að útlitsdýrkun með því hvernig þeir fjalla um fegurð og heilsu. Einnig eru fitufordómar í fjölmiðlum algengir sem sést til dæmis í fréttum um offitu þar sem birtast oftast myndir af feitu fólki í neikvæðu ljósi.“

Sigrún segist alls ekki vera á móti heilbrigðum lífsstíl eða að hugsa vel um líkama sinn. „Ég er hins vegar á móti öfgunum sem skila engu til lengri tíma litið. Það er gríðarlega erfitt að halda sig við lífsvenjur sem eru í andstöðu við þarfir líkamans og gera honum ekki gott.“

Sigrún hvetur alla til að staldra við á morgun og íhuga útlits- og megrunarboðskap samfélagsins. „Ég hvet alla til að einbeita sér frekar að því að lifa heilbrigðu og góðu lífi.“

Samtök um líkamsvirðingu standa einnig fyrir auglýsingarherferð sem allir geta tekið þátt í með því að senda inn mynd af sér og búa til slagorð. Hægt er að sjá herferðina og taka þátt á Facebook-síðu samtakanna.

alfrun@frettabladid.is

### 6. MAÍ – DAGUR ÁN MEGRUNAR

- Alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átröskunum og fordómum fyrir holdafari.
- Var haldinn í fyrsta sinn hér á landi árið 2006.
- Stofnaður til þess að vekja athygli á skaðlegum áhrifum útlitsdýrkunar og mismununar í garð þeirra sem falla utan hins viðurkennda ramma um æskilegan líkamsvöxt.

**Tilgangur dagsins er að:**

- Fagna margbreytilegum líkamsvexti af öllum stærðum og gerðum.
- Minna á rétt allra til heilbrigðis, hamingju og velferðar óháð líkamsvexti.
- Lýsa yfir opinberum frídegi frá hugsunum um megrun og líkamsvöxt.
- Vekja athygli á lítt þekktum staðreyndum um megrun, heilsu og holdafar.
- Minna á hvernig megrun og stöðugar kröfur um grannan vöxt er samfélagsleg atlaga gegn konum.
- Minnast fórnarlamba átraskana og hættulegra megrunaraðferða.
- Berjast gegn andúð á líkamsfitu og fordómum vegna vaxtarlags.



**FJÖLMIÐLAR BERA ÁBYRGÐ** Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur segir sorglegt hvernig fjölmiðlar hampi öfgum í líkamsrækt og stuðli þannig að útlitsdýrkun og fordómum gegn feitum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hvers virði er þetta ?

Verið velkomin á Hótel Loftleiðir fimmtudaginn 10. maí n.k. kl. 15-19 og föstudaginn 11. maí kl. 10-12.

Þar munu reynslumiklir sérfræðingar okkar meta listaverk af öllu tagi, „design“, vín og skartgripi.

Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

Við erum t.d. að leita að verkum eftir íslenska listmálara eins og Jón Stefánsson, Ólaf Elíasson, Ásgrím Jónsson og Jóhannes Kjarval og aðra eldri sem yngri meistara. Ef um stóra hluti er að ræða, er best að koma með ljósmynd.

Fyrirfram greiðsla er möguleg.

Boðið er uppá heimsókn í heimahús báða dagana.
Nánari upplýsingar veita Össur Kristinsson, 5554991 og 6984991 og Peter Beck +45 88181186, e-mail: pb@bruun-rasmussen.dk



Ólafur Elíasson: "Two hot air columns", 2005.
Tvær höggmyndir úr ryðfríu stáli með rafmagnsperum.
Hamarshögg: 210.000 dkr.







BRUUN RASMUSSEN
KUNSTAUKTIONER
Bredgade 33
DK-1260 Kbh. K
Tel +45 8818 1111
bruun-rasmussen.dk

# Mýtunni um þröngu píkuna haldið við

**KYNLÍF** Ein kynlífsmýta, sem virðist ekki ætla að deyja, er sú að píkan verði víð við notkun. Í nýlegum kynlífstækjaleiðangri rakst ég á krem sem á að „þrengja“ píkuna svo hún verði eins og í „fyrsta skipti“. Mig langaði að taka þessa kremtúbu og þrykkja henni í hausinn á starfsmanninum. Það eru svona vörur sem viðhalda mýtunni um að stelpur eiga að vera „óspilltar“ og að reynsluleysi í kynlífi sé hin æðsta dyggð. Ég sem hélt að það að vera „þurrkunta“ væri neikvætt.

Ég skal útskýra þetta nánar. Við fyrstu samfarir eru leggöng oft þröng vegna órofins meyjarhafts en einnig vegna þess að daman er stressuð og leggöngin því þurr. Það að vera „þröng“ er því ekkert annað en að troða sér í þurr leggöng sem eru ekki tilbúin fyrir samfarir og þurfa meiri nærgætni og örvun. Rakastig legganganna fer eftir fjölda innsetninga lims heldur hversu æst konan er, með tilliti til lífeðlislegra ferla, svo sem hormóna. Það er því ekki orsakasamband milli rúmmáls legganga og tíðni samfara eða fjölda bólfélaga.

Leggöng gefa eftir við kynferðislega örvun (og við fæðingu) en ganga svo saman að verknaði loknum. Rétt eins og athugasemdin um greiða læknisins að gera „aukasporið“ á konu sem rifnaði við fæðingu barns. Ég verð brjáluð þegar ég heyri þennan „brandara“ því ég velti því fyrir mér hvort sá hinn sami haldi að typpi lengist því oftar sem það er strokkað.

Ég get ekki bara „slakað á“ og haft smá húmor því þessi mýta lifir góðu lífi þar sem henni er viðhaldið af fávitum og fáfræðin bitnar á óspenntum píkum. Í Mið-Afríku brenna konur jurtir við leggöngin til að þurrka þau upp svo þær virðist þrengri og þar með „hreinni“. Í vesturheimi hafa lýtalæknar tekið þetta verkefni að sér með meyjarhaftsaðgerð og sílikonfyllingu. Í vanþróaðri ríkjum nota konur rakvélablöð til að ná fram sömu áhrifum.

Ég fæ oft spurninguna um víðu píkuna í kynfræðslu svo ég ákvað að taka þessa mýtu sérstaklega fyrir þar. Kynferðislega æst stúlka mun blotna og það er hvorki til marks um kynlífsreynslu hennar né reynsluleysi, það er bara lífeðlislegt ferli. Ég veit ekki hvernig það er hægt að drepa þessa mýtu en eitt af vígjunum hljóta að vera markaðsöflin. Ég ætla því að byrja á mínu nánasta umhverfi og skora á Neytendasamtökin og Heilbrigðiseftirlitið að gera rassíu í þessum verslunum og byrja að uppræta mýturnar þar.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# SUMARGLEÐI

## Í Fífu Reykjavík og Akureyri föstudag til mánudags



Quinny Buzz 2010 módel

**kr. 79.990.-**

Fullt verð kr. ~~99.990.-104.990.-~~

Cybex Aton ungbarnastóll 0-13 kg

**kr. 37.990.-**

Fullt verð kr. ~~48.990.-~~



Primanova barnapíutæki

Sumartilboð
**kr. 11.990.-**
Fullt verð kr. ~~15.990.-~~



8 rásir, dregur 500 metra og hægt að staðsetja ofan í vagni/rúmi.

Margar skiptitöskur á afslætti.



**20-50% afsláttur**

Brio Zento 9-25 kg
Bak og framvísandi barnabílstóll



Sumartilboð
**kr. 47.990.-**
Fullt verð kr. ~~62.990.-~~

Brio systkinapallur:
Passar á flestar gerðir vagna



Sumartilboð
**kr. 10.990.-**
Fullt verð kr. ~~15.990.-~~

Walltastic veggfóður á heilan vegg.
Margar gerðir til!

Sumartilboð
**kr. 9.990.-**
Fullt verð kr. ~~17.990.-~~



Eckert kerrupoki



Sumartilboð
**kr. 12.990.-**
Fullt verð kr. ~~17.900.-~~

Carena Liebacklux kerra



Sumartilboð
**kr. 22.990.-**
Fullt verð kr. ~~26.990.-~~

## Allur fatnaður á 20 % afslætti

STOKKE MAXI-COSI Simo Quinny BABYBJÖRN BRIO easywalker

*Allt fyrir börnin*

fifa
SÍÐAN 1978

Reykjavík: Bíldshöfða 20 - S: 562 6500 Opið: Mán. - Fös: 10-18 Lau.: 10-16 - Sun.: 13-16
Akureyri: Kaupvangsstræti 1 - S: 462 6500 Opið: Mán. - Fös: 11-18 Lau.: 12-16

www.fifa.is

Gildir á meðan birgðir endast



**ÁÆTLAÐ ER** að söngkonan Jessica Simpson geti grætt allt að 1,7 milljarða króna með fæðingu dóttur sinnar, Maxwell Drew. Peningana fengi hún með því að selja myndir af barninu, veita viðtöl og bæta barnalínu við fatamerki sitt.



**24 ÁR FYLLIR** breska söngkonan Adele í dag. Ekki er víst að hún haldi mikið partý í tilefni dagsins því hún ku vera í heilsuátaki en hún eyðir eflaust deginum með kærastanum, Simon Konecki.

# Sleit sambandi þegar barns var von

Eiginmaður Sölmu Hayek mætti fyrir rétt á fimmtudag vegna kröfu barnsmóður sinnar, Lindu Evangelista, um meðlag upp á 5,7 milljónir á mánuði. Í réttinum kom fram að milljarðamæringurinn Francois-Henri Pinault hafi ekki viljað eignast barn með fyrirsætunni.

„Hún var svo ánægð með að vera orðin barnshafandi, en þetta var ekki áætlun mín og ég ákvað því að slíta sambandinu á þessum tíma. Ég spurði hana hvað hún vildi gera í sambandi við óléttuna, ég vildi ekki eignast börn enda höfðum við aðeins verið saman í fjóra mánuði og ég þekkti hana lítið,“ sagði Pinault fyrir réttarsal. Evangelista ákvað þó að eignast soninn Augie og ala hann upp sjálf. Hún hélt að auki faðerni barnsins leyndu þar til í fyrrasumar þegar hún fór fyrst fram á meðlag frá Pinault.

Pinault á einnig dótturina Valentinu Palomu Pinault með leikkonunni Sölmu Hayek.



**VILDI EKKI BÖRN** Milljarðamæringurinn Francois-Henri Pinault upplýsti fyrir rétti að hann hafi ekki viljað eignast barn með fyrirsætunni Lindu Evangelista. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ruffalo tók æðiskötst

Mark Ruffalo fer með hlutverk Bruce Banner og heljarmennisins Hulk í stórmyndinni The Avengers. Leikarinn segist hafa upplifað Hulk-leg augnablik á sínum yngri árum en hafi nú mikið jafnaðargeð.

„Þegar ég var ungur leikari varð ég oft mjög reiður þegar ég fékk ekki hlutverk. Myndir héngu á skrítnum stöðum í íbúðinni minni til að fela göt og holur sem ég hafði gert í bræðiskasti. Ég þekki þessa hömlulausu reiði vel,“ sagði Ruffalo en bætti við að reiðin hefði runnið af honum með árunum. „Eins og steinn sem slípast til í fjörunni, hef ég einnig slípast til. Ég berst ekki við sömu skapgerðarbrestina núna og ég gerði þá.“



MARK RUFFALO

# Fimm daga tónleikahátíð

**Tónleikahátíðin Reykjavík Live verður haldin í fyrsta skipti nú um miðjan maí. Yfir fimmtíu hljómsveitir og listamenn koma fram.**

„Við ákváðum að hleypa þessu af stokkunum núna í upphafi sumars þegar krakkar eru að klára prófin og sólin komin hátt á loft,“ segir Franz Gunnarsson um fimm daga tónleikahátíðina Reykjavík Live sem haldin verður á Gamla Gauknum, Glaumbar, Prikinu, Frú Berglaugu og hamborgaratrukknum Rokk-Inn og hefst 16. maí.

Yfir 50 hljómsveitir og listamenn koma fram á hátíðinni og má þar meðal annars nefna Valdimar, Retro Stefson, Úlfur Úlfur, Reykjavík!, Endless Dark, Agent Fresco og marga fleiri. „Við verðum með rosalega góða flóru af bæði vinsælum listamönnum og líka nöfnum sem eru rétt að byrja og jafnvel að gefa út sína fyrstu plötu um þessar mundir. Við bjóðum upp á margar tónlistarstefnur, svo það ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Franz. Verði hefur heldur betur verið stillt í hóf, en armband sem veitir fólki aðgang á alla tónleikana kostar litlar 4.990 krónur. „Þetta er hálfgert krepputilboð. Við viljum bara gera vel við fólk svo það geti skemmt sér fyrir lítinn pening,“ segir Franz, en takmarkað upplag er af armböndum sem eru þegar komin í sölu á midi.is.



**RETRO STEFSON** Hljómsveitin Retro Stefson verður á meðal þeirra rúmlega 50 listamanna og hljómsveita sem koma fram á tónleikahátíðinni.

Armbandinu fylgja líka ýmis fríðindi og ættu þau því ekki að vera lengi að borga sig upp. Armbandshöfum bjóðast alls konar tilboð á þeim stöðum þar sem hátíðin verður haldin, auk þess sem þeim verður boðið á kvikmyndakvöld að sjá Svartur á leik á lokadegi hátíðarinnar og þeir komast frítt í sund á meðan á hátíðinni stendur. „Þá ættu allir að geta skrúbbað af sér skítinn á milli tónleika,“ segir Franz. - trs


## Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

| Starfsemi LSK á árinu 2011 | Allar fjárhæðir í milljónum króna | |
|---|---|---|
| **Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12.** | **2011** | **2010** |
| | **Samtals** | **Samtals** |
| Iðgjöld | 192 | 189 |
| Lífeyrir | -231 | -223 |
| Fjárfestingatekjur | 173 | 207 |
| Fjárfestingargjöld | -6 | -8 |
| Rekstrarkostnaður | -15 | -20 |
| Aðrar tekjur | 23 | 28 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 134 | 172 |
| Sérstakur skattur | -2 | 0 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 2.974 | 2.801 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **3.108** | **2.974** |
| | | |
| **Efnahagsreikningur** | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 1.191 | 1.201 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 1.643 | 1.468 |
| Veðlán | 145 | 137 |
| Aðrar eignir | 87 | 76 |
| Kröfur | 51 | 84 |
| Skuldir | -9 | -5 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **3.108** | **2.974** |
| | | |
| **Kennitölur** | | |
| Nafnávöxtun | 5,1% | 6,4% |
| Hrein raunávöxtun | -0,1% | 3,7% |
| Hrein raunávöxtun – 5 ára meðaltal | -0,7% | -0,4% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 133 | 142 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 258 | 237 |
| Rekstrarkostnaður í % eigna | 0,5% | 0,7% |
| Eignir í íslenskum krónum % | 77,1% | 74,1% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum % | 22,9% | 25,9% |
| Eign umfram heildarskuldbindingar í % | -57,9% | -57,1% |
| Eign umfram áfallnar skuldbindingar í % | -57,2% | -56,2% |
| | | *Birt með fyrirvara um prentvillur* |

Ársreikning LSK 2011 má sjá í heild sinni á heimasíðu LSS: www.lss.is

### Ársfundur 2012

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar 2012, verður haldinn fimmtudaginn 10. maí nk. kl. 17.00 í Bæjarstjórnarsal Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 1. hæð.

**Stjórn og framkvæmdastjóri**

Í stjórn lífeyrissjóðsins eru Gunnlaugur Júlíusson, stjórnarformaður, Guðríður Arnardóttir, Gunnsteinn Sigurðsson, Helga Elínborg Jónsdóttir og Ragnar Snorri Magnússon.

Framkvæmdastjóri er Jón G. Kristjánsson.

**Aðsetur sjóðsins er hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42, 105 Reykjavík. Sími 570 0400 lss@lss.is - www.lss.is**


# Synir Taylor ósáttir

Synir Elizabeth Taylor eru óánægðir með að Lindsay Lohan hafi verið fengin til að leika goðsögnina í sjónvarpskvikmynd um ævi Taylor. Michael og Chris Wilding telja Lohan ekki hafa hæfileikana til að leika móður þeirra.

„Þeir telja að það séu ógrynnin öll af hæfileikaríkum leikkonum sem væru betur til þess fallnar að leika Elizabeth. Þeim finnst að móðir þeirra eigi betra skilið en þetta, hún var ekki aðeins hæfileikarík leikkona heldur mikill mannvinur og þeim finnst það óvirðing við minningu hennar að óútreiknanleg partípía á borð við Lohan hafi verið ráðin í hlutverkið,“ sagði innanbúðarmaður í viðtali við The Enquirer.

Taylor lést í mars í fyrra, þá 79 ára að aldri.



**ÓSÆTTI** Synir Elizabeth Taylor eru óánægðir með að Lindsay Lohan hafi verið fengin til að leika móður þeirra. NORDICPHOTOS/GETTY

# Grét eftir klippingu



**STUTT HÁR** Cameron Diaz grét eftir að hún var klippt allt of stutt. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikkonan Cameron Diaz brast í grát þegar hún sá nýja og töluvert styttri klippingu sína. Þetta sagði hún þáttastjórnandanum Jay Leno í The Tonight Show.

Diaz ákvað að láta vinkonu sína klippa sig stuttu fyrir jól og að klippingin hafi orðið alltof stutt. „Það varð einhver misskilningur og hún klippti mig stutt. Ég fór að hágráta þegar ég sá klippinguna, mér fannst ég svo berskjölduð. Það er hræðilegt að vera allt í einu ekki með neitt hár,“ útskýrði leikkonan.

Diaz og hárgreiðslukonan ræddu þó málin og eru vinkonur enn í dag. „Ég skrifaði henni nokkur bréf daginn eftir og fullvissaði hana um að ég ætlaði ekki að drepa hana.“


Nýjar vörur
Kjóll 4.990
einnig til í svörtu
stærðir s-xl
Leggings nutshell
hinar sívinsælu á
990 kr.
aðeins í dag
Ný töskusending
Kíktu á okkur á facebook
smárar
SMÁRALIND
SÍMI 571 1703

# Jagger í SNL



**REYNIR FYRIR SÉR Í LEIK** Mick Jagger kemur fram í gamanþættinum Saturday Night Live síðar í mánuðinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Rokkarinn Mick Jagger mun taka að sér hlutverk gestaþáttastjórnanda í lokaþætti Saturday Night Live. Venja er að fá þekkta einstaklinga til að stýra og leika í þáttunum og hafa stjörnur á borð við Lindsay Lohan, Anne Hathaway og Alec Baldwin meðal annars tekið að sér hlutverk gestastjórnanda.

Jagger hefur tvisvar komið fram í Saturday Night Live en í bæði skiptin til þess að syngja, nú þarf rokkarinn hins vegar að láta reyna á hæfileika sína í gamanleik og verður forvitnilegt að sjá hvernig honum tekst til. Rolling Stones fagnaði fimmtíu ára afmæli sínu í apríl.

# Undankeppnir hefjast

Pókerspilamennska færist sífellt í vöxt hérlendis, hvort sem er innan vinahópa, á börum og öðrum slíkum stöðum eða á netinu.

Íslandsmót Pókersambandsins er haldið árlega og þykir með stærri viðburðum ársins meðal pókerspilara. Það verður haldið á Hótel Örk í haust, en nú er undankeppni þess á netinu að hefjast á Betsson leikjavefnum. Á sunnudagskvöldið klukkan 21 verður haldið undanmót á betsson.com og geta tveir lúmskir spilarar þar tryggt sér sæti á Íslandsmótinu þar sem keppt er um pott sem hleypur á milljónum.



**ÍSLANDSMÓT PÓKERSAMBANDSINS** Tveir spilarar geta tryggt sér sæti á mótinu í undankeppninni á Betsson á sunnudagskvöldið.


UMHVERFISNEFND SELTJARNARNESS

## Hreinsunardagur á Seltjarnarnesi laugardaginn 5. maí 2012

**Hinn árlegi hreinsunardagur á Seltjarnarnesi verður laugardaginn 5. maí næstkomandi.**

**Hann hefst kl. 9:00 við Áhaldahúsið Austurströnd 1.**

Fólk úr klúbbum og félögum hreinsar fyrirfram ákveðin svæði og aðrir íbúar hreinsa lóðir sínar og næsta nágrenni. Ruslapokar verða bornir í hvert hús og einnig verður hægt að fá poka í Áhaldahúsinu. Ruslapokana má setja út á gangstétt og starfsmenn bæjarins fjarlægja þá mánudaginn 7. maí. Fjölskyldur og nágrannar eru hvattir til að taka höndum saman um að hreinsa lóðir sínar og götur. Í framhaldinu er tilvalið að fara í léttan göngutúr og aðstoða klúbba og félagasamtök með þeirra svæði.




## Hreint bæjarfélag skapar jákvæðan bæjarbrag

Gerum Seltjarnarnes að fyrirmynd annarra um snyrtimennsku og fallegt umhverfi.

AUGL. ÞÓRHILDUR 2200.485




**MATT LEBLANC** Vill ekki kvikmynd um Friends.

# Ekki meira Friends

Leikarinn Matt LeBlanc segir að það eigi ekki að halda áfram þar sem frá var horfið í sjónvarpsþáttunum Friends. LeBlanc, sem fór með hlutverk Joey í einum vinsælasta sjónvarpsþætti tíunda áratugarins, segir hugmyndina um hugsanlega Friends-bíómynd vera mjög slæma. Fyrrum samstarfsfélagi hans úr þáttunum, Jennifer Aniston hefur hins vegar tekið vel í hugmyndina.

„Þessu svipar til þess þegar fólk segir að bókin sé betri en myndin. Allir eru með sínar eigin hugmyndir um karakterana í þáttunum og örlög þeirra, því er best að láta þetta vera,“ segir LeBlanc við vefsíðuna Digital Spy en 18 ár eru síðan hann skaust upp á stjörnuhimininn sem Joey í Friends.

Sögusagnir hafa verið á sveimi um væntanlega bíómynd en LeBlanc segir ekkert til í því og að engin hugmynd sé komin á teikniborðið.



**LEIKA LÆKNI** Daniel Radcliffe og Jon Hamm munu leika sömu persónuna í nýjum sjónvarpsþáttum. Radcliffe mun leika hinn unga Hamm. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leikur ungan Hamm

**Daniel Radcliffe hefur verið ráðinn til að leika yngri útgáfuna af Jon Hamm í nýjum sjónvarpsþætti sem til stendur að framleiða. Þátturinn mun fjalla um rússneska lækna stuttu eftir fyrri heimsstyrjöldina.**

**Hamm og Radcliffe munu leika sömu persónuna á sitt hverju aldursskeiðinu í þáttaröðinni sem mun telja fjóra þætti. Leikaravalið kom sumum á óvart og þá sérstaklega vegna mikils hæðarmunar leikaranna tveggja. Radcliffe er 165 sentimetrar á hæð á meðan Hamm er 184 sentimetrar og því tæpum tuttugu sentimetrum hærri.**

# Vill þyngjast fyrir giftingu



JOLIE OG PITT Angelina Jolie vill þyngjast um fimm kíló fyrir brúðkaupið.

**Angelina Jolie vill þyngjast um fimm kíló áður en hún gengur upp að altarinu með Brad Pitt í sumar. Leikkonan hefur beðið sjónvarpskokkinn Jamie Oliver um aðstoð, samkvæmt frétt Daily Mail.**

**Jolie vill fá örlítið mýkri línur fyrir brúðkaupið og hefur því beðið Oliver um að gauka að sér gómsætum en jafnframt hollum máltíðum. Leikkonan, sem á sex börn með Pitt, hefur grennst nokkuð á undanförnum árum. „Jamie hefur komið oft heim til Brads og Angelinu. Þau hafa svipað skopskyn og eru öll mjög jarðbundin,“ sagði heimildarmaður blaðsins.**

# Platan 21 tekur fram úr Thriller

Platan 21 með Adele er komin fram úr Thriller með Michael Jackson hvað varðar plötusölu í Bretlandi. Adele hefur selt rúmlega fjórar milljónir eintaka af plötunni og þar með er hún orðin fimmta mest selda plata allra tíma í heimalandi hennar.

Í efsta sætinu er Greatest Hits með Queen með tæpar sex milljónir eintaka, í öðru sæti er Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band með Bítlunum, í því þriðja er Gold með ABBA og í fjórða sætinu er (What's the Story) Morning Glory með Oasis. Thriller hefur samanlagt selst í yfir eitt hundrað milljónum eintaka um heim allan á meðan 21 hefur selst í um tuttugu milljónum.

21, sem kom út í janúar í fyrra, selst enn í um tuttugu þúsund eintökum á viku í Bretlandi, samkvæmt frétt Contactmusic.



ADELE Söngkonan hefur selt plötu sína 21 í bílförum.



ÆTTLEIDDI HVOLP Miley Cyrus tók að sér lítinn hvolp sem fannst á bílastæði.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Tók að sér lítinn hvolp

Miley Cyrus og Liam Hemsworth tóku að sér lítinn hvolp í síðustu viku. Hundurinn fannst yfirgefinn í kassa fyrir utan verslun og ákvað söngkonan að gefa honum gott heimili.

Parið á þegar þrjá hvolpa, Lilu, Floyd og Ziggy, en þótti ekki tiltökumál að taka að sér enn einn hundinn. „Hann var skilinn eftir í kassa fyrir utan Walmart. Ég hef aldrei skilið svona mannvonsku. Við ákváðum að skíra hann Happy,“ skrifaði Cyrus á Twitter-síðu sína.



ROBERT PATTINSON Hjartaknúsarinn leikur að öllum líkindum í Mission: Black List.

# Pattinson eltir Saddam

**Robert Pattinson úr Twilight-myndunum er sagður hafa tekið að sér hlutverk í Mission: Black List sem fjallar um manninn sem átti stóran þátt í að finna Saddam Hussain, fyrrum Íraksforseta.**

**Myndin fjallar um yfirheyrslusérfræðing hersins, Eric Maddox, sem hafði uppi á Saddam. Harðstjórinn var svo handtekinn í desember 2008. Myndinni hefur verið lýst sem sálfræðitrylli og er hún byggð á bók sem Maddox sjálfur skrifaði.**

**Pattinson hefur nýlokið við leik sinn í myndunum Twilight: Breaking Dawn-Part 2 og Cosmopolis.**








**NÓG AÐ GERA** Michael Fassbender hefur í nógu að snúast í leiklistinni.

# Vill ekki brenna út

Michael Fassbender vill passa sig á því að brenna ekki út í kvikmyndaiðnaðinum. Næsta mynd hans er Prometheus sem var að hluta til tekin upp hér á landi. Hann hefur einnig bókað sig í myndina Twelve Years a Slave og mun líklega leika í The Counselor.

„Maður verður að passa vel upp á sjálfan sig. Það er hætta á að brenna út hérna og týnast og einfaldlega hætta að vera áhugaverður,“ sagði hann við Esquire.

Fassbender vill næst prófa sig áfram í handritagerð og reyna að gera meira upp á eigin spýtur. „Ég er ekki að bíða eftir að einhver ráði mig eða eftir góðu handriti. Ég er sjálfur að reyna að búa til þetta handrit. Það þýðir ekkert að kvarta. Það er erfitt að búa til mynd eða skrifa handrit og það er auðvelt að slappa af og gagnrýna.“

## Rak mömmu

**Frances Bean Cobain hefur tekið við af Courtney Love sem framkvæmdastjóri End of Music LLC. Fyrirtækið hefur umsjón með arfleifð og nafni tónlistarmannsins Kurts Cobains.**

**Árið 2010 fékk Love 340 milljón króna lán úr peningasjóði dóttur sinnar gegn því að láta Cobain eftir stöðu framkvæmdastjóra End of Music LLC. Love og Cobain hafa ekki átt í neinum samskiptum síðan Cobain fékk nálgunarbann sett á móður sína árið 2009. Cobain sakaði Love um vanrækslu, fíkniefnamisnotkun, ofbeldi og að hafa valdið dauða tveggja gæludýra.**



**SAGÐI MÖMMU UPP** Frances Bean Cobain fékk móður sína til að segja af sér sem formaður End of Music LLC.


SAMBÍÓIN SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 2 - 5 - 10:20 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 3:40 - 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 2 | 2D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 1:30 | 2D | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 4 - 6 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 3 - 6 - 9 | 2D | 10 |
| TITANIC | KL. 8 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA | KL. 2 | 2D | L |
| BATTLESHIP | KL. 3 | 2D | 12 |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:5 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 3 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 2 - 4 | 2D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:50 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is










SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE AVENGERS 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 5 - 8 - 10.30 – 11* | 10 |
| THE AVENGERS 3D LÚXUS | KL. 1 - 5 - 8 – 11* | 10 |
| THE AVENGERS 2D | KL. 1 (TILBOÐ) | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 1 (TILBOÐ) -3.20 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 1 (TILBOÐ) -3.10 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 | 16 |

*AÐEINS LAUGARDAG

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.45 - 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 10.15 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE RAID | KL. 10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 6 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 4 (TILBOÐ) - 6 | L |
| LORAX - ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 4 (TILBOÐ) | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
AUKAKRÓNUR 5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE RAID | 8 og 10.10 |
| THE AVENGERS 3D | 2, 4, 7 og 10 |
| THE AVENGERS 2D | 2 |
| 21 JUMP STREET | 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 5.30 |
| HUNGER GAMES | 10.20 |
| LORAX 3D | 2 og 5 |

tryggðu þér miða á sambio.is

SPARBÍÓ

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT




TILBOÐSBÍÓ




LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRABÍÓ midi.is

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS 3D | KL. 1 | 10 |
| THE AVENGERS 2D | KL. 1 | 10 |
| MIRROR MIRROR | KL. 1 | L |
| LORAX 2D | KL. 1 | L |

HÁSKÓLABÍÓ midi.is

| | | |
|---|---|---|
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 3.30 | 10 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 | L |
| LORAX 3D | KL. 3.30 | L |
| LORAX 2D | KL. 3.30 | L |




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas







BÍÓ ★ PARADÍS

**LAUGARDAGUR:** **CORIOLANUS** 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ LÓNBÚINN 18:00, 19:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 20:00, 22:10

**SUNNUDAGUR:** **REYKJAVIK SHORTS & DOCS** 16:00, 18:00, 20:00, 22:00 ■ **CORIOLANUS** 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00 ■ IRON SKY 22:30

ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

# BOYS

## OPNAR LAUGARDAGINN

## 5. MAÍ KL. 13:00

## Í SMÁRALIND

MONSTER ENERGY
DRYKKUR FYRIR FYRSTU 200 VIÐSKIPTAVININA

BR4SS
BOXER FYRIR FYRSTU 20 VIÐSKIPTAVININA

BOYS
BOLUR FYRIR FYRSTU 100 VIÐSKIPTAVININA!

GERUM GÖT Í EYRU FRÍTT ALLAN DAGINN!

GEFUM GOS & NAMMI ALLAN DAGINN!

OPNUNARPARTÝ FRÁ 16:00 - 18:00 !

HÁLSMEN, ARMBÖND, BOLIR, PEYSUR, JAKKAR, SKÓR, DERHÚFUR, ÚR, SÓLGLERAUGU, VESKI, HEYRNARTÓL, TÖLVUMÝS, LYKLABORÐ, BOXER, BELTI, HANSKAR, EYRNALOKKAR OG MARGT FLEIRA!




NEMESIS NOW · ZUMREED · 9FIVE · steelseries · Knockaround · IMAGINARY foundation · killbrand · paperwallet · Stüssy
SPRAYGROUND · VLADO · bloodbath · BR4SS · MONSTER · RAZER · Cast Shadow · DC · beats by dr. dre · UNDEFEATED

BOYS BOYS BOYS BOYS BOYS BOYS BOYS BOYS BOY

WWW.BOYS.IS BOYS@BOYS.IS S: 571-2511 BOYS ICELAND

# sport

sport@frettabladid.is



**ÚRSLITALEIKUR ENSKU BIKARKEPPNINNAR** fer fram klukkan 16.15 í dag en þá mætast Liverpool og Chelsea. Liverpool er þegar búið að vinna enska deildarbikarinn og sigur í dag fer langt að græða sár stuðningsmanna eftir hörmulegt gengi í deildinni. Þetta er fyrri úrslitaleikur Chelsea í maí en liðið er einnig í úrslitum Meistaradeildarinnar.

## ÚRSLIT

*N1-deild kvenna:*

**Fram-Valur 22-23 (8-11, 19-19, 21-21)**
Fram-kvenna - Mörk (skot): Stella Sigurðardóttir 8/2 (17/3), Anett Köbli 3 (4), Elísabet Gunnarsdóttir 3/1 (5/1), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3 (7), Hekla Rún Ámundadóttir 2 (2), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1 (1), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (3), Sunna Jónsdóttir 1 (3).
Varin skot: Guðrún Maríasdóttir 12 (35/2, 34%),
Hraðaupphlaup: 2 ( Hekla Rún Ámundadóttir 1, Ásta Birna Gunnarsdóttir 1, )
Fiskuð víti: 4 ( Sigurbjörg, Ásta, Sunna, Steinunn)
Utan vallar: 8 mínútur.
Valur-kvenna - Mörk (skot): Þorgerður Anna Atladóttir 9 (14), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (5), Kristín Guðmundsdóttir 4 (6), Dagný Skúladóttir 3 (3), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 2/2 (3/2), Karólína Bærhenz Lárudóttir 1 (2).
Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 20 (41/2, 49%), Sunneva Einarsdóttir (1/1, 0%),
Hraðaupphlaup: 3 ( Anna, Dagný 2, )
Fiskuð víti: 3 (Þorgerður, Anna, Dagný)
Utan vallar: 10 mínútur.

Valur jafnaði gegn Fram:

## Háspennuleikur í Safamýri

**HANDBOLTI** Valur jafnaði einvígið gegn Fram í úrslitum N1-deildar kvenna í 1-1 í gær með 22-23 sigri í framlengdum leik í gær.

Leikurinn var æsispennandi allt til enda. Liðin héldust nánast í hendur allan tímann og Kristín Guðmundsdóttir tryggði Val framlenginguna.

Það var síðan Þorgerður Anna Atladóttir sem tryggði Val sigur undir lok framlengingar. Fram fékk tækifæri til þess að jafna en Guðný Jenný Ásmundsdóttir, markvörður Vals, varði lokaskotið og Valur fagnaði.

„Þetta var mjög mikilvægur sigur og frábært að geta klárað svona leik. Þær börðust vel en við kláruðum þetta í framlengingunni og sýndum flottan karakter. Þessi lið þekkjast gríðarlega vel og þessir leikir eru bara eins og skák, það snýst bara um að verjast vel og sækja þegar það gefst færi,“ sagði Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, leikmaður Vals kampakát eftir leikinn. **- kpt**






# KR verður aftur Íslandsmeistari

**Samkvæmt spá Fréttablaðsins og Vísis munu KR og FH bítast um Íslandsmeistaratitilinn í ár. Liðin fengu langflest atkvæði í kosningu íþróttafréttamanna miðlanna. Fram, Stjarnan og ÍA gætu þó öll blandað sér í meistarabaráttuna í ár. Álitsgjafi Fréttablaðsins, Willum Þór Þórsson, vill spá Frömurum titlinum.**

**FÓTBOLTI** KR á titil að verja og mun verja hann samkvæmt spá íþróttafréttamanna Fréttablaðsins og Vísis. Tititlvörn KR hefst á sunnudag gegn Stjörnunni sem einnig er spáð góðu gengi.

Sex stigum munaði á liðunum í kosningunni og nokkuð er í Fram, Stjörnuna og ÍA sem eru öll með svipað mörg stig.

### 5. sæti: ÍA

Það verður enginn nýliðabragur á Akurnesingum sem eru mættir aftur í deild þeirra bestu eftir fjögurra ára fjarveru.

Liðið er vel mannað með Jóhannes Karl Guðjónsson fremstan í flokki. Ármann Smári Björnsson kom einnig frá Englandi, liðið er með sterka útlendinga og svo er spurning hvað Garðar Gunnlaugsson gerir.

„Þeir munu koma af gríðarlegum krafti inn í deildina. Það er í þeirra eðli. Jói Kalli mun gefa liðinu mikið. Skagaliðið er gríðarlega spennandi og ef það stendur undir væntingum verður það í efri hlutanum,“ sagði Willum Þór Þórsson, álitsgjafi Fréttablaðsins.

„Þeir eru með marga sterka menn sem munu klárlega láta að sér kveða. Þar á meðal Gary Martin og Mark Doninger. Gary er ótrúlegur og hleypur á við þrjá menn. Hann er líka með risaviðhorf eins og fleiri í liðinu. Þeir eru brattir. Kári er leiðtogi og afar vanmetinn að mínu mati. Hann vill sanna sitt gildi og það verður ekki auðvelt að koma boltanum yfir hann og Ármann Smára. Ef Garðar Gunnlaugs hrekkur í gírinn gæti þetta lið gert ýmislegt. Garðar er X-faktorinn þeirra.“

### 4. sæti: Stjarnan

Kjarninn í Stjörnuliðinu er sterkur og hefur verið lengi saman. Liðið er mjög öflugt með frábæran framherja. Það er nú eða aldrei hjá þeim að gera alvöru atlögu að titlinum enda gæti kvarnast úr hópnum eftir sumarið.

„Stjarnan er með hópinn og leikmennina til þess að berjast um titil. Það er komin tiltrú í hópinn. Gæðin eru til staðar og verður fróðlegt að sjá hvort þeir nái upp stemningunni og geri alvöru atlögu að titlinum,“ sagði Willum.

„Þessi hópur hefur náð vel saman og liðsheildin frábær. Hefur verið lengi saman og þjálfarinn þekkir liðið. Ef stöðugleiki kemst í varnarleikinn, Garðar verður í stuði og Halldór Orri með bros á vör þá geta Stjörnumenn þetta.“

#### Spá Fréttablaðsins

| | |
|---|---|
| 1. KR | 139 stig |
| 2. FH | 133 |
| 3. Fram | 106 |
| 4. Stjarnan | 105 |
| 5. ÍA | 103 |
| 6. Valur | 84 |
| 7. ÍBV | 71 |
| 8. Breiðablik | 64 |
| 9. Grindavík | 42 |
| 10. Fylkir | 42 |
| 11. Keflavík | 32 |
| 12. Selfoss | 15 |



**FAGNA ÞEIR AFTUR NÆSTA HAUST?** Íþróttafréttamenn Fréttablaðsins og Vísis spá því að það verði aftur sigurhátíð í Vesturbænum í lok sumars. KR-ingar fagna hér titlinum eftir síðustu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### 3. sæti: Fram

Framarar eru vetrarmeistarar eftir að hafa tapað aðeins einum leik. Liðið nýtur góðs af því að halda sterkum útlendingum og er til alls líklegt.

„Ef ég ætti að spá Íslandsmeisturum núna þá myndi ég veðja á Fram sem og að annaðhvort Steven Lennon eða Sam Hewson verði maður mótsins. Það eru mikil gæði þar á ferðinni. Þjálfarinn er búinn að fá að byggja þetta upp eftir sínu nefi hægt og bítandi. Byrjunarliðið er vel saman sett og allir þekkja sín hlutverk. Það eru vanmetnir menn þarna eins og Löwing sem spilar alla varnarlínuna eins og ekkert sé. Kristján Hauks er frábær og bakvörðurinn magnaður. Markvörðurinn búinn að sanna sig og er góður,“ sagði Willum um Fram.

### 2. sæti: FH

FH stendur á ákveðnum tímamótum. Lykilmenn undanfarinna ára komnir á aldur og annað hvort hættir eða farnir annað. Fyrirliðinn Matthías Vilhjálmsson hvarf svo á braut fyrir skömmu.

„Mér líst vel á hópinn, þjálfarann og félagið. FH þekkir þetta allt og kann þetta. Liðið hefur samt ekki verið að finna taktinn og þeir eru fyrstir til að viðurkenna það. Ég held að styrkleiki þeirra liggi einmitt í því,“ sagði Willum.

„Ég hef trú á því að líkt og áður muni liðið vinna sig vel inn í mótið og verða síðan illviðráðanlegt. Auðvitað mun muna um Matta og Tommy Nielsen. Það er ekki hægt að leysa þetta. Það er hægt að finna svipuð gæði en þú finnur ekki svona menn sem rífa liðið áfram. Það býr maður ekki til á skömmum tíma. Þar missti FH sterka leiðtoga og ég sé ekki alveg hver á að taka þetta leiðtogahlutverk að sér. FH er á tímamótum en hefur tækin og tólin til að vera áfram á toppnum.“

### 1. sæti: KR

KR-liðið vann tvöfalt í fyrra og er búið að fá tvo bikara til viðbótar síðustu daga. Liðið er frábærlega mannað, nældi í stórefnilega leikmenn og er enn á ný besta liðið fyrir mót.

„KR-ingar hafa verið tiltölulega rólegir í vetur en koma upp rétt fyrir mót og klára tvo titla. Gerðu það fagmannlega. KR er með allt til þess að verja titilinn,“ sagði Willum Þór.

„Það er missir að Guðjóni en Þorsteinn Már er ekkert ósvipaður leikmaður. Kraftmikill og duglegur. Kjartan Henry fær tækifærið á toppnum og mun skora 10 mörk eða meira í sumar. Afar útsjónarsamur og klókur leikmaður. Óskar Örn líka kominn í gang og KR-liðið er flott,“ sagði Willum og hrósaði svo þjálfaranum Rúnari Kristinssyni sem hann segir ekki hafa stigið feilspor. **henry@frettabladid.is**







VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Jon Stewart

„Þegar ég fæddist var ég með fullorðins höfuð en pínulítinn líkama. Ég leit út eins og persóna úr teiknimyndaseríunni Peanuts.“

***Jon Stewart gerir grín að flestu, líka sjálfum sér, í þáttum sínum The Daily Show: Global Edition sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld klukkan 23.40.***



# dagskrá

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 21.05
### Homeland

Spennan magnast með hverjum þættinum af Homeland þar sem Damian Lewis og Claire Danes eru í aðalhlutverkum. Í þættinum í kvöld þarf Brody að endurskoða samband sitt við Abu Nazir í ljósi þess að hann laug að honum en það vekur upp minningar um tímann sem hann var fangi hryðjuverkamanna. Carrie og félagar hennar í leyniþjónustunni eru í vondum málum eftir skotárás í mosku þar sem saklaus maður var skotinn til bana.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Íslensk menning **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Anna í Grænuhlíð **11.00** Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Morðin á Sjöundá **15.00** Sögur af misgóðum mönnum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.25** Vestur um haf **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Komi þetta ekki í ár, þá kemur það að ári **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Hvað varð um atómsprengjuna? **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Alla leið** (3:5) (e)
**11.15 Reykjavíkurleikarnir - Dans** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Heimur orðanna – Hver erum við?** (2:5) (Planet Word) (e)
**14.55 Cyndee Peters í sviðsljósinu** (Allt ljus på: Cyndee Peters) Thomas Lundin ræðir við söngonuna, sem tekur lagið í þættinum.
**15.40 Úrslitakeppni í handbolta** BEINT
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Skellibær**
**17.40 Teitur**
**17.55 Pip og Panik**
**18.00 Lítill bróðir fæst gefins** Mynd eftir Kristínu Pálsdóttur.
**18.25 Draumagarðar** (1:4) (Drømmehaver) Dönsk þáttaröð um garðskipulag og blómarækt.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.15 Höllin** (15:20) (Borgen) Þættir um valdataflið í dönskum stjórnmálum.
**21.15 Átjánda öldin með Pétri Gunnarssyni** (2:4)
**21.50 Listahátíð 2012** Kynningarþáttur um hátíðina sem hefst 18. maí.
**22.20 Sunnudagsbíó - Hótel Rúanda** (Hotel Rwanda) Mynd byggð á sannri sögu. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.25 Silfur Egils** (e)
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Her Best Move**
**10.00 Fame**
**12.00 Astro boy**
**14.00 Her Best Move**
**16.00 Fame**
**18.00 Astro boy**
**20.00 Dear John**
**22.00 Precious**
**00.00 The Contract**
**02.00 Seraphim Falls**
**04.00 Precious**
**06.00 Hachiko: A Dog's Story**

## 2 STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 American Idol** (34:40)
**14.05 Wipeout USA** (3:18)
**14.50 How I Met Your Mother** (4:24)
